

Jón Jónsson

Útgerð og aflabrogð við Ísland 1300–1900



Útgerð og aflabrögð við Ísland
1300–1900

Jón Jónsson

Útgerð og aflabrögð við Ísland
1300–1900

Útgefandi:
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn:
EIRÍKUR Þ. EINARSSON
GUNNAR JÓNSSON
KARL GUNNARSSON

ISSN 0258 – 381X

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1994

Prentvinnsla: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

Efnisyfirlit

Formáli	7
Inngangur	9
I. veiðar Íslendinga	11
Skreið tekur við af vaðmáli í útflutningi	11
Verstöðvar og útróðrarmenn	14
Bátar og búnaður	18
Handfæraveiðar	23
Línuveiðar	25
Netaveiðar	26
Hákarlaveiðar	27
Ágreiningur um veiðarfæri	33
Kirkja og konungsvald hefja útgerð á Íslandi	36
Deilur um verslun og veiðar á 15. og 16. öld	39
Verkun fisks og útflutningur á einokunaröld	45
Kaupsetningar og fiskverð á 17. og 18. öld	52
Heimildir annála um aflbrögð	57
Um samhengi hafíss og hitastigs	58
Frá Lurki að Hlutavetrinum mikla	60
Frosthörkur og fiskleysi í lok 17. aldar	62
Aflbrögð á 18. öld	64
Nítjándi öldin. Frá Langajökli til Frostavetursins mikla 1881	66
Hugmyndir manna á 18. öld um fiskgöngur og aflasveiflur	67
Aðgerðir til eflingar sjávarútvegi á ofanverðri 18. öld	69
Pílskip koma til sögunnar	72
II. Veiðar útlendinga	78
Engendingar	78
Hollendingar	82
Frakkar	86
III. Niðurlag	93
Heimildir	95
Atriðisorð	99
Nafnaskrá	104

Formáli

Kjarninn í þessu bókarkorni er erindi, sem ég hélt um fiskveiðar við Ísland á árunum 1600–1900 á ráðstefnu Alþjóðahafrannsóknaráðsins í Reykjavík í ágúst 1993. Sá fundur fjallaði um þorsk í Norður-Atlantshafi og veðurfarssveiflur (Cod and Climate Changes), en með minnkandi þorskgengd á þessu svæði, hefur athygli manna beinst í æ ríkari mæli að áhrifum umhverfis á viðgang fiskstofna.

Íslensk útlekking á erindinu vatt mjög upp á sig, því að þá var hægt að koma til skila mörgu, sem ekki komst fyrir í stuttu máli, sem einkum var ætlað útlendingum.

Mér hafði lengi leikið hugur á að athuga nánar þær sveiflur í afla-brögðum fyrr á öldum, sem getið er um í annálum. Af þeim sökum tók ég saman í eina heild allt sem ritað er um aflaföng í Annálum Bókmenntafélagsins 1400–1800. Allajafna er afli metinn sem meðalhlutur fiskimanns, allt frá mjög fáum fiskum upp í lestarhlut (1200 fiskar eða meira). Örsjaldan eru hlutir gefnir upp sem fjöldi fiska og var því brugðið á það ráð að meta afla tölulega eins og lýst er nánar síðar. Afli í hlut er grófur mælikvarði á afla á sóknareiningu, sem til skamms tíma var notaður til þess að meta sveiflur í stærð fiskstofna. Með nútíma tölvutækni var síðan dregið línurit, sem á að sýna aflasveiflur á ofangreindu tímabili.

Eins og síðar getur hef ég víða leitað heimilda, en þær eru furðumargar sé grannt skoðað. Þeir Lúðvík Kristjánsson og Jón Þ. Þór bentu á ýmsar heimildir sem mér voru ókunnar og eins veitti Lúðvík mér leyfi til þess að birta myndir úr Íslenskum sjávarháttum, en í það rit hefi ég margt sótt, eins og tilvísanir bera með sér. Þá lásu Lúðvík og Jón einnig yfir allt handritið ásamt þeim fiskifræðingum Ingvari Hallgrímssyni, Sigfúsi A. Schopka og Karli Gunnarssyni líffræðingi og er ég þeim öllum þakklátur fyrir margar góðar ábendingar.

Frá Elínu Pálmadóttur (1989) eru 17. og 18. mynd og einnig tölur um afla Frakka hér við land. 5. tafla um fiskverð á 18. og 19. öld er frá Sigfúsi Hauki Andréssyni (1988) og mikill fengur var einnig í óbirtum sögulegum hagtölum frá Hagstofu Íslands, sem Guðmundur Jónsson sagnfræðingur lét mér í té.

Pá var ekki minni ávinningur í nýjum tölum frá Páli Bergþórssyni um hitasveiflur 1600–1900. Jónas Kristjánsson forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar heimilaði að birta kápumynd af fiskveiðum á 14. öld.

Þeir Höskuldur Björnsson og Gunnar Stefánsson á Hafrannsóknastofnuninni veittu mikilvæga aðstoð við að koma til skila 11. mynd, sem sýnir sveiflur í aflabrogðum og árferði á Íslandi 1600–1900 og Kristín Jóhannsdóttir á sömu stofnun vélritaði texta og töflur.

Öllum þeim sem að ofan eru nefndir, svo og öðrum ónefndum starfsfélögum á Hafrannsóknastofnuninni, eru hér með færðar alúðarpakkir.

Jón Jónsson

Inngangur

Í annálum er að finna talsverðan fróðleik um aflabrogð, en þær frásagnir verður að skoða með varúð og meta eftir nálægð annálsritara eða heimildarmanna hans í tíma og rúmi. Að auki eru í annálum mikilsverðar upplýsingar um veðurfar og ísalög við landið.

Til eru tölur um útfluttan fisk frá fjórum árum á fyrri hluta sautjándu aldar og að auki fyrir flest árin 1733–1784. Hins vegar eru upplýsingar fá-tæklegri frá 19. öld.

Um miðbik 18. aldar jókst mjög áhugi danskra stjórnvalda á rannsóknum á náttúru Íslands. Ferðir þeirra Nielsar Horrebows árin 1749–1751, Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752–1757, Ólafs Olavíusar 1775–1777, Nicolajs Mohrs 1780–1781 og Sveins Pálssonar 1791–1794 juku mjög almenna þekkingu á náttúru landsins. Í Ferðabók Olavíusar er sagt frá hafnaraðstöðu, útgerðarháttum og aflabrogðum víðsvegar um land. Jón Eiríksson ritaði formála að bók Olavíusar og er það mikilvæg samtímaheimild um fiskveiðar á þeim tíma.

Merkilegustu heimildir um fiskveiðar Íslendinga á ofanverðri 18. öld eru hins vegar ritgerð Skúla Magnússonar um Gullbringu- og Kjósarsýslu (1944 a) og Íslandslýsing hans ári síðar (1944 b).

Í bókum Carls Pontoppidans (1787, 1788) kaupmanns í Hafnarfirði og síðar forstjóra dönsku konungsverslunarinnar, eru upplýsingar um konungsútgerðina á þessum árum ásamt aflatölum og útflutningsskýrslum.

Árið 1787 birti Ólafur Stefánsson stiftamtmaður grein um fiskafla við Ísland, þar sem hann hugleiðir hvað valdið geti aflasveiflum. Í dagbókum Sveins Pálssonar árin 1791–1794 eru einnig hugmyndir um sama efni.

Af íslenskum skrifum á 19. öld er helst að nefna greinar séra Þorkels Bjarnasonar (1883) um fiskveiðar Íslendinga að fornu og nýju og Ólafs Davíðssonar (1886) um þilskipaútgerðina. Þá ritaði Bjarni Sæmundsson (1896) um fiskveiðar útlendinga hér við land og 1905 og 1906 birti hann aflabragða-annála sína.

Árið 1919 kom út hið mikla rit Jóns J. Aðils um Einokunarverslun Dana á Íslandi, en þar eru margvíslegar heimildir um útgerð og aflabrogð á 17. og 18. öld. Þorvaldur Thoroddsen (1924) greindi frá fiskveiðum Íslend-

inga fram undir 1600 og í bók sinni um fiskveiðar við Ísland rekur Bjarni Sæmundsson (1930) lítillega sögu veiðanna.

Árið 1944 birti Gils Guðmundsson ritverk sitt um Skútuöldina, þar sem lýst er ítarlega þilskipaútgerð Íslendinga. Skútuöldin var aftur gefin út 1977, aukin og endurbætt. Vilhjálmur P. Gíslason skrifaði Sjómannasögu (1945). Þorkell Jóhannesson (1950) ritaði um þilskipaútgerð Innrétt-inganna og konungsverslunarinnar á ofanverðri 18. öld og um atvinnu og fjárhag á Íslandi á 14. og 15. öld (1965). Björn Þorsteinsson rannsakaði umsvif Englendinga hér við land á 15. og 16. öld. Af ritum hans um það efni má m.a. nefna Ensku öldina (1970) og Tíu þorskastríð (1976).

Páll Bergþórsson (1969) bakreiknaði hitasveiflur til 1600 eftir samhengi lofthita og fjölda ísmánaða á hverju ári og studdist þar m.a. við rit Þorvalds Thoroddsens um árferði á Íslandi í þúsund ár (1916–1917).

Kristján Friðriksson (1978) birti súlurit um aflasveiflur samkvæmt annálum á árunum 1646–1900. Gísli Gunnarsson (1979, óbirt grein) lagði mat á aflahluti samkvæmt annálunum og reiknaði tíu ára hlaupandi meðaltöl og taldi neikvætt samband milli hafíss norðanlands og austan og aflabragða á vetrarvertíð sunnanlands og vestan.

Stórvirki Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir, kom út á árunum 1980–1986 og er ómetanleg heimild um veiðar á árabátaöld. Jón P. Þór birti 1981 grein um hákarlaveiðar Eyfirðinga á ofanverðri 19. öld, en áður hafði Gils Guðmundsson ritað um þær í Skútuöldinni og Lúðvík fjallar einnig ítarlega um hákarlaveiðar í Íslenskum sjávarhátum. Í bók Gísla Gunnarssonar, Upp er boðið Ísaland (1987), eru margvíslegar heimildir um veiðar og verðlag á einokunaröld. Jón Jónsson (1988, 1990) ritaði sögu hafrannsókna við Ísland frá öndverðu fram á okkar daga.

Elín Pálmadóttir nefnir í bók sinni, Fransí biskví (1989) helstu rit um veiðar Frakka hér við land og birtir tölur um heildarafla, fjölda franska fiskiskipa og sjómanna á árunum 1763–1938.

Frá Sigfúsi Hauki Andréssyni (1988) eru m.a. fengnar upplýsingar um fiskverð á 18. og 19. öld, en Sigfús M. Johnsen (1989) greinir frá viðskiptum Englendinga og Vestmannaeyinga á ofanverðri 16. öld. Páll Bergþórsson lét höfundu í té óbirtar upplýsingar um hitasveiflur á fyrri öldum og Hagstofa Íslands óbirtar sögulegar hagtölur.

Litlar heimildir eru um veiðar Englendinga hér við land, en þeirra er þó að nokkru getið í bókum Edgars J. Marchs (1970), A. R. Mitchells (1977) og Herveys Benhams (1979). Í bók Marie Simon Thomas (1935) um veiðar Hollendinga við Ísland eru tölur um afla og skipafjölda á árunum 1751–1852.

I. Veiðar Íslendinga

Skreið tekur við af vaðmáli í útflutningi

Vaðmál og vararfeldir voru þegar á 10. öld aðalútflutningsvörur Íslendinga og allt fram undir 1300 var vaðmál sá verðmælis, sem öll viðskipti byggðust á. Hést útflutningur vaðmáls út miðaldir, en sumar tegundir, eins og feldir, hurfu úr sögunni vegna tiskubreytinga og gekk á ýmsu með gæði þessarar framleiðslu. Um það ber m.a. vitni réttarbót Magnúsar konungs Eiríkssonar um vaðmálsgerð 4. júlí 1329, þar sem Íslendingar eru hvattir til að vanda betur framleiðslu sína.¹ Þá var einnig flutt nokkuð út af tófuskinnum, gærum, fálkum og brennisteini.

Grunneining verðmiðilsins var alin vaðmáls af ákveðinni gerð og breidd, en ein alin var um 49 sm að lengd. Vaðmálið var mælt í álnum, aurum, mörkum og hundruðum. Sex álnir voru í eyri og nefndist hann lögeyrir; 8 aurar voru í mörk eða 48 álnir, en 20 aurar voru í hundraði vaðmáls, sem þá var 120 álnir. Þorkell Jóhannesson telur að lögaurakerfið sé eitt helsta menningarafrek þjóðarinnar og beri vott um háþróaða stjórnun fjármála.² Kúgildið var annar verðmælis sem notaður var samhliða vaðmáli; eitt kýrverð jafngilti sex ám loðnum og lembdum á fardögum á vori. Talið er að á 12. og 13. öld hafi kúgildið numið að meðaltali 15–16 lögaurum eða 90–96 álnum,³ en annars virðist ekki hafa verið fast verðhlutfall milli þess og annara verðeininga. Með Jónsbók komst hins vegar á sú venja, að telja kúgildi jafnt tólfræðu hundraði vaðmáls, eða 120 álnum vaðmáls. Kúgildið var mest notað í viðskiptum innanlands. Á meðan verð á vaðmáli var í samræmi við aðrar vörur, var hægt að nota hundrað vaðmáls sem gjaldmiðil til þess að greiða með innflutning. Hins vegar var komið í óefni þegar vaðmál hætti að fylgja lögbundnu verðhlutfalli við silfur. Afleiðing þess var sú, að misræmi varð í verðreikningi á innlendum og erlendum viðskiptum – gengið var rangt skráð. Á 14. öld

¹ DI II: 645 (Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn).

² Þorkell Jóhannesson 1965 I: 17.

³ Sama rit: 22.

var því farið að virða allar vörur til fiska; fiskur varð þá verðeining og helsti gjaldmiðill í utanlandsverslun og síðar einnig í viðskiptum innanlands. Varð þá smám saman til verð fisks í lögaurum.

Fiskur var ekki talinn í viðskiptum, heldur metinn sem meðalfiskur og var það nefnt gilding, en gildingsfiskur átti fluttur að vera ein alin á milli þunnildanefja.¹ Oft reis ágreiningur milli Íslendinga og kaupmanna um gildinguna og var fiskurinn þá veginn. Vigtnun var hins vegar mjög ónákvæm á þessum árum og því voru kaupmenn oft grunaðir um að hafa rangt við. Í kaupsetningu frá því um 1400 er 4–5 marka fiskur talinn gildur.² Síðar breyttist gildingin á þann veg að fjögurra marka fiskur var gildur, þannig að þrjár vættir voru jafnt og hundrað (þ.e. 120) og þótti kaupmönnum þetta slæmir kostir.³ Árið 1527 var á Alþingi, að beiðni kaupmanna, samþykkt að í hálfri fjórðu vætt skyldu ganga hundrað harðir fiskar, hreinir og kvistaðir. Lofuðu kaupmenn í staðinn að flytja til landsins falslausan varning og hafa rétta íslenska pundara og stikur svo sem þingmælt væri.⁴ Ekki stóðu kaupmenn þó við þetta og var því dæmt í skipadómi Otta Stígssonar á Alþingi 1545, að vigtir skyldu aftakast um allt land og skreið einungis látin af hendi eftir gildingu samkvæmt máli. Þá voru settir 6 menn, þrír íslenskir og þrír útlenskir í hverjum kaupstað, til þess að útkljá ágreining milli Íslendinga og kaupmanna um skreið og eins magn og gæði á innfluttum varningi.⁵

Fyrst er getið um þurrkaðan fisk eða skreið í íslenskum heimildum um 1200, en samkvæmt þeim fékkst ein vætt af mjöli fyrir 150 fiska.⁶ Nokkuð virðist þó hafa verið flutt út af skreið á 13. öld, því að 1294 bannaði Eiríkur Magnússon konungur allan innflutning á íslenski skreið til Noregs vegna hallæris á Íslandi.⁷ Eftir aldamótin 1300 urðu hins vegar mikil umskipti í utanríkisverslun landsmanna. Skreið hafði hækkað mikið í verði á 13. öld bæði hér og á Vesturlöndum. Norsk heimild frá 1340 getur um innflutning frá Íslandi á talsverðu magni af ágætis skreið og þorskalýsi.⁸ Fyrir miðbik fjórtándu aldar er sagt að öreigar verði fullríkir

¹ Lúðvík Kristjánsson 1980 I: 209.

² DI IV: 276.

³ DI VI: 284.

⁴ DI IX: 413–414.

⁵ DI XI: 425–426.

⁶ DI I: 315–317.

⁷ DI II: 287.

⁸ DI II: 729.



1. mynd. Teikning úr Jónsbókarhandriti frá síðari hluta 15. aldar. – AM 147 4 to.

af fiskveiðum, en um líkt leyti eru sjávarafurðir orðnar aðalútflutningsvörur Íslendinga.¹

Á landnámsöld áttu Íslendingar allgóðan hafskipakost, en hann gekk smám saman úr sér sökum skorts á timbri. Hins vegar smíðuðu þeir fiskibáta allt frá upphafi byggðar og þá að miklu leyti úr rekaviði. Mjög lítið er vitað um þessa báta, en elstu skipaskrár sem ná yfir allt landið eru frá 1770. Fá bátskuml hafa fundist hér á landi. Á Dalvík fundust í kumli tveir bátar, 6–7 m langir og sá þriðji í Vatnsdal við Patreksfjörð, 6 m langur, og gæti verið fjögurra manna far.² Í Jónsbókarhandriti frá seinni hluta 15. aldar er teikning sem sýnir breiðbyrtan bát með nær láréttu framstefni (1. mynd).

Í upphafi var útflutningur að mestu í höndum Íslendinga sjálfra, en sökum skorts á hafskipum lentu bæði verslun og flutningar til og frá landinu í höndum útlendinga. Norskir kaupmenn komust yfir verslunina og allar fiskafurðir urðu að fara um Björgvin, sem varð um tíma í raun rétttri höfuðborg Íslendinga, þar til þeir komust undir yfirráð Dana 1380.

Aðalmarkaður Norðmanna sjálfra fyrir skreið voru bresku eyjarnar og sú skreið sem Norðmenn gátu flutt út fullnægði þeim markaði. Þeir höfðu því engan áhuga á að koma Íslandsskreiðinni inn á þann markað, er hefði einungis leitt til verðfalls á þeirra eigin fiski.

Um miðja 14. öld var svo komið, að Hansakaupmenn höfðu náð valdi á mestallri skreiðarversluninni í Noregi, Íslandi og Færeyjum og höfðu

¹ Björn Þorsteinsson 1966.

² Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 92.

þeir höfuðstöðvar sínar í Björgvin. Markaður fyrir íslenska skreið jókst þá til mikilla muna og sérstaklega eftir að Lýbika (Lübeck) varð miðstöð skreiðarverslunarinnar og útflutningur hófst til landanna við austan- og sunnanvert Eystrasalt. Ísland var þá orðið ein kunnasta fiskistöð álfunnar.¹

Baráttu Hansakaupmanna og Englendinga um skreiðarmarkaðinn í Björgvin lauk með ósigri Englendinga í byrjun 15. aldar. Þetta hafði m.a. í för með sér að Englendingar hófu veiðar og verslun hér við land og brátt komu Þjóðverjar á eftir.

Verstöðvar og útróðarmenn

Fljótlega eftir að menn tóku að róa til fiskjar, komu fram þeir megin-drættir í þorskveiðum, sem einkennt hefur þær allt fram á þennan dag. Fiskur heldur sig meira á einum stað en öðrum og í mismiklum mæli eftir tíma árs. Nefndu menn þessa staði fiskimið og miðuðu annaðhvort við dýpi ellegar með því að bera saman tvö eða fleiri kennileiti í landi. Orðið mið kemur þegar fyrir í Snorra Eddu.

Eins urðu menn þess snemma áskynja, að fiskur gekk á hverjum vetri til hrygningar á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Snæfellsnesi, og varð þetta innan tíðar aðalveiðisvæði landsmanna.

Samhliða auknum skreiðarútflutningi á 15. öld safnaðist brátt auður á hendur stórbænda, aðallega á Suður- og Vesturlandi, þar sem útgerð var mest. Besta fjárfestingin varð nú jarðir, sem næstar voru fengsælum fiskimiðum, svokallaðar útvegsjarðir. Samtímis féllu aðrar bújarðir í verði.²

Lúðvík Kristjánsson skilgreinir fjórar mismunandi verstöðvar. Þar sem margbýlt var og nokkrir bátar höfðu sameiginlega lendingu nefnir hann heimver. Útver voru þar sem stutt var á miðin og dvöldust menn þar í verbúðum eða tjöldum. Viðleguver nefnir Lúðvík þá staði, þar sem aldrei voru verbúðir, en vermenn fengu inni á næstu bæjum. Loks voru blönduð ver, þar sem sama verstöðin gat verið allt í senn, heimver, útver og viðleguver. Þeir sem héldu út bátum í heimveri voru að jafnaði nefndir sjóarbændur, en útvegsbændur nefndust öðrum þræði hinir sem gerðu út frá útverum eða viðleguverum.³

Svo til ekkert er vitað um gerð verbúða á miðöldum, en þær hafa

¹ Þorkell Jóhannesson 1965: 50–52.

² Sama rit: 35, DI IV: 102.

³ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 32–33.

sennilega verið úr torfi og grjóti og líklega reft eða tjaldað yfir. Meira er vitað um sjóbúðir frá seinni öldum og lýsir Lúðvík Kristjánsson þeim ítarlega í Íslenskum sjávarháttum.¹

Vestmannaeyjar hafa löngum verið ein mesta verstöð landsins, og eins og síðar segir, voru þær um skeið aðalútgerðarstöð Englendinga hérlandis. Á ofanverðri 15. öld voru helstu verstöðvar á Suðurnesjum Grindavík og Bäsendar á Stafnesi, en Hafnarfjörður og Álftanes á Innnesjum. Næst á eftir Vestmannaeyjum voru mestir útróðrar á Snæfellsnesi; þangað sendu bændur vinnumenn sína úr öllum landsfjórðungum og þaðan fóru miklar skreiðarlestir víða um land. Af stærstu verstöðvum á sunnanverðu nesinu má nefna Búðir frá ofanverðri 14. öld² og Látur í Breiðavík þar sem getið er um útræði 1384.³ Lúðvík Kristjánsson segir Dritvík undir Jökli hafa verið stærsta útver á landinu, bæði fyrir og síðar, og er fyrst minnst á þennan stað í heimildum 1530,⁴ en trúlega hefur verstöð komið þar löngu fyrr. Talið er að til forna hafi verið haldið þaðan út 70–80 bátum, nær eingöngu sex- og áttæringum og Lúðvík Kristjánsson giskar á að í Dritvík hafi verið 500–600 vermenn þegar mest var. Engar menjar eru um verbúðir í Dritvík, því vermenn bjuggu þar allir í tjöldum. Þarna var gott skiprými og góð aðstaða til lendingar. Fiskisæl mið voru rétt undan landi og gott að róa þaðan í norðanátt, þegar ófært sjóveður var norðar á nesinu. Af öðrum verstöðvum undir Jökli má nefna Gufuskála, en heimildir frá 1465 eru um 14 verbúðir á þeim stað.⁵ Á Hjallasandi voru í öndverðu verbúðir, en Lúðvík Kristjánsson telur að á miðöldum kynni að hafa verið komin þar búðseta og að þar hafi trúlega myndast þorp fyrr en annars staðar, því seint á 17. öld voru þar um 100 þurrabúðir.⁶ Á Rifi var mikil verstöð og á 17. öld voru þar 54 þurrabúðir og á 15. öld var þar ein helsta útgerðarstöð Englendinga. Útræði var einnig frá mörgum eyjum á Breiðafirði og má þar nefna Höskuldsey, en þaðan réru 23 bátar á vertíðinni 1704.⁷ Í Oddbjarnarskeri var útver um margar aldir. Um miðja 18. öld telur Eggert Ólafsson að þaðan rói 30–40 bátar⁸ og 1799 eru sagðar vera þar 29 verbúðir og hefur víst óvída verið

¹ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 403–439.

² DI VII: 5.

³ DI VII: 5.

⁴ DI IX: 512.

⁵ DI V: 444–445.

⁶ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 48.

⁷ Sama rit: 50.

⁸ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1943 I: 318.

þrengra um vermenn á Íslandi. Stærsta eyjaverstöðin var Bjarnareyjar, en þaðan réru 50 bátar um aldamótin 1700.¹ Þá má að lokum nefna Flatey, en þar var mikið útver á 17. öld eða jafnvel fyrr.

Hér hafa nú verið taldar helstu verstöðvar sem byggðu á vertíðarafla sunnanlands og vestan, en samkvæmt úttekt Lúðvíks Kristjánssonar á Jarðabókinni 1801–1805, voru alls 56 verstöðvar í Sunnlendingafjórðungi, en í Vestfirðingafjórðungi 125. Í Norðlendingafjórðungi voru 73 og í Austfirðingafjórðungi 72 verstöðvar.²

Talið er að verbúðir hafi verið með líku sniði á öllu landinu allt fram á 19. öld. Veggir voru hlaðnir úr torfi og grjóti og reft yfir með rekaviði, torfi og jafnvel þangi. Búðir voru afar misjafnar að stærð og áttu ekki nema nafnið sameiginlegt hvað allan búnað snerti. Bálkar voru hlaðnir úr grjóti og yfir hverjum var oftast lítill skjágluggi, en það var líknarbelgur, sem þaninn var í kringlóttu grind með þræði í kross, til þess að hindra að skænið rifnaði í hvassviðri, en þá var skjárinn stundum tekinn úr og settur torfhnaus í staðinn. Hver vermaður átti að leggja með sér líknarbelg í sinn skjá. Gólf voru annað hvort moldargólf eða lögð steinhellum. Eldhús var oftast í sér húsi. Lýst var með grútartýrum. Sums staðar voru fjárhús jafnvel notuð fyrir verbúðir eftir að fénu hafði verið hleypt út, annars staðar voru segl breidd yfir tóftir. Hér var þó einungis um að ræða vor- og sumarróðra. Í steinbálkana höfðu menn hey, hefilspæni eða marhálmm og skeljasandur var lagður ofan á grjótið. Sumir höfðu brekán eða fiðursæng. Leiga á fiðursæng var 2 krónur yfir vertíðina. Menn skiptu með sér daglegum verkum, svo sem að sækja vatn, hita kaffi, safna í eldinn, sjá um matseld og fylla blöndukútinn, en hann var það eina sem sjómenn höfðu með sér í róðri.

Lítið er vitað um verbúðartolla og uppsátursgjöld. Í Grindavík voru greiddar 20 álnir (40 kg af skreið) í leigu fyrir þriggja stafgólfa verbúð í 14 vikur um miðja 18. öld, og árið 1664 borgaði Skálholtsstaður 20 álnir í húsaleigu fyrir hvern vermann í Garði, en þar var soðning sennilega innifalin.³

Grasnytjar til sveita voru allar af óræktuðu landi og býli flest of smá til þess að framfleyta meðalfjölskyldu. Af þeim sökum sendu bændur vinnumenn sína til útróðra á vertíð. Mjög var það misjafnt hve langt menn áttu að sækja. Þingeyingar, sem réru undir Jökli eða á Innnesjum,

¹ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 51.

² Sama rit: 33.

³ Sama rit: 403–445.

áttu lengsta leið fyrir höndum, 12 daga ef allt gekk að óskum, en venjuleg verleið var 3–6 dagar. Margt bendir til þess að til forna hafi verið verleið milli Möðrudals á Fjöllum og Skaftafells í Öræfum. Önnur leið lá úr Fljótsdal fram hjá Snæfelli og yfir lágjökulinn að Hálsahöfn í Suðursveit. Allar sneiddu þessar jökulleiðir þó fram hjá jökultungunum suður úr Vatnajökli, enda voru þær ófærar bæði mönnum og hestum.¹

Húsbóndi átti yfirleitt allan afla þess manns, sem hann sendi í verið, og sá honum fyrir vistum. Þetta gildi raunar um alla vinnu: bóndinn fékk allan arðinn af vinnu hjúta sinna, bæði heima og að heiman. Föst árslaun vinnumanns voru nær óbreytt frá fjórtándu til nítjándu aldar, eða 60–120 álnir og aðeins 5–10% af heildarágóða bónda af að hafa hann sem hjú, og vinnukonur fengu einungis fæði og klæði í laun.² Kjör vinnufólks bötnuðu þó er leið á 19. öldina og þess er getið að um 1870 hafi vinnumenn sunnanlands haft í árslaun allt að helmingi þess afla, sem þeir fiskuðu sjálfir á vetrarvertíð, og þóttu það kostakjör og miklu betri en fastakaup 10–12 spesíur um árið.³

Vinnumenn komu heim að lokinni vertíð og unnu allt sem til féll á heimilinu, en á 15. öld fer að bera á því að menn setjist að í stærstu verstöðvunum, búi þar allt árið og taki alla tilfallandi vinnu eða lifi af eigin afla. Voru þeir nefndir búðsetumenn og höfðu hvorki grasnytjar né búpening. Þeir gerðust bændur ef þeir högnuðust á veiðunum, en annars voru kjör þeirra jafnan bágborin. Ekki litu yfirvöld né bændur þessa menn hýru auga og var á ýmsan hátt reynt að spyrna við búðsetu. Með Þíningsdómi 1490 var búðseta bönnuð þeim, sem ekki áttu búfé og eignir til þriggja hundraða.⁴ Þrátt fyrir endurteknar tilskipanir á 16. og 17. öld fjölgaði búðsetumönnum stöðugt, en lítið var hróflað við þeim, enda vinna þeirra mikilvæg fyrir verslun og útveg. Árið 1783 reiddu yfirvöld þó til høggs og var þá lausamennska með öllu bönnuð og lausamönnum skipað að fara í vist innan 6 mánaða, að viðlögðum gapastokki, hýðingu eða tukthúsi.⁵ Þetta óvinsæla bann var þó að lokum numið úr gildi árið 1863 og vistarbandið að öllu 1894. Búðsetumenn voru fyrsti vísir að stétt fiskimanna, en hún varð ekki til á Íslandi fyrr en á 19. öld.

¹ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 383–387.

² Gísli Gunnarsson 1987: 36–37.

³ Þorvaldur Thoroddsen 1922: 356.

⁴ Alþingisbækur Íslands 10: 5.

⁵ Lovsaml. for Island IV: 683–686.

Bátar og búnaður

Á landnámsöld bjuggu Íslendingar yfir allgóðum skipakosti, en hann gekk smám saman úr sér sökum skorts á timbri. Hins vegar smíðuðu Íslendingar fiskibáta allt frá upphafi byggðar og að miklu leyti úr rekaviði. Nokkuð var þó flutt inn af erlendum bátaviði, en hann var oft á tíðum bæði lítill og lélegur og af þeim sökum var oft mikill skortur á timbri til bátasmíða. Segir Olavíus að landsmönnum þyki rekaviður miklu betri en sá úrkastsóhroði sem fluttur sé inn frá Kaupmannahöfn og Noregi.¹

Í 1. töflu er sýndur bátafjöldi í einstökum ömtum á árunum 1770–1900 og er útdráttur úr óbirtri töflu um sögulegar hagtölur og birt með góðfúslegu leyfi Hagstofu Íslands. Í athugasemdum Hagstofunnar um þetta segir, að miklar árlegar sveiflur í bátafjölda í sýslum vekji grun um að ekki séu allar skýrslur nákvæmar. Þrátt fyrir það, verður samt að ætla að heildarbátafjöldi í hverju amti gefi allgóða mynd af meginbreytingum á bátaeign landsmanna.²

Á ofanverðri 18. öld voru skipin langflest í Suður- og Vesturamtinu eða tæplega 82% af heildarfjöldanum eins og fram kemur í 1. töflu. Þar voru einnig þrjú fjórðu af öllum teinæringum og áttæringum á landinu og á 19. öld var þetta hlutfall jafnvel enn hærri, eða rúm 90%. Hlutur Suðurstamtsins í bátafjöldanum var nokkuð jafn alla 19. öldina, eða rúmlega 36%, aftur á móti lækkaði hlutur Vesturamtsins úr 40% á fyrri hluta aldarinnar í rúm 34% á árunum 1861–1900. Hins vegar jókst fjöldi báta í Norður- og Austuramtinu allverulega á seinni helmingi 19. aldar og nam hann rúmlega 29% af bátafjölda landsmanna á árunum 1861–1900.

Í Suðuramtinu fækkaði bátum fram á þriðja tug 19. aldar, en jókst síðan og komst í hámark uppúr miðri öldinni. Úr því fækkaði árabátum jafnt og þétt og voru einungis 664 að tölu um aldamótin 1900. Álíka breyting átti sér stað í Vesturamtinu, en þar varð bátafjöldinn mestur um líkt leyti.

Í 1. töflu er einnig áætlaður fjöldi bátsverja og miðað við níu manns á 8 og 10 æringum, fimm á 4 og 6 æringum og tvo á minni bátum.³ Árið 1770 voru sjómenn þannig 19,5% af mannfjölda í landinu; um aldamótin

¹ Ólafur Olavíus 1964 I: 212, 233.

² Suðuramt náði yfir svæðið frá núverandi Austur-Skaftafellssýslu með Borgarfjarðarsýslu. Vesturamt frá Mýra- og Hnappadalssýslu með Strandasýslu og loks náði Norður- og Austuramt frá Vestur-Húnavatnssýslu með Suður-Múlasýslu.

³ Sögulegar hagtölur, Hagstofa Íslands.

1. tafla. Fjöldi fiskibáta á Íslandi 1770–1900. Stærð báta er talin sem fjöldi ára, sbr. teinæringur, áttæringur o.s.frv. Heimild: Hagstofa Íslands. Sögulegar hagtölur.

Báta- stærð	Suðuramt			Vesturamt			Norður- og austuramt			Allt landið			Tala bátsverja				
	Árafjöldi			Árafjöldi			Árafjöldi			Árafjöldi							
	10–8	6–4	<4	Alls	10–8	6–4	<4	Alls	10–8	6–4	<4	Alls					
1770	146	163	535	844	252	408	30	690	10	240	85	335	408	811	650	1869	9027
1791	61	238	574	873	130	416	412	958	14	269	122	405	205	923	1108	2236	8676
1800	64	322	357	743	138	416	347	901	18	237	122	377	220	975	826	2021	8507
1810	74	324	333	731	139	468	325	932	20	324	147	491	233	1116	805	2154	9287
1820	94	263	236	693	110	406	322	838	21	286	162	469	225	1055	720	2000	8740
1830	120	355	396	871	130	410	393	933	20	332	206	558	270	1097	995	2362	9905
1840	101	319	638	1058	145	455	519	1119	29	364	258	651	275	1138	1415	2828	10995
1851	106	288	818	1212	131	493	593	1217	25	403	391	819	262	1184	1802	3248	11873
1861	112	303	1002	1417	110	485	634	1229	18	415	427	793	240	1203	2063	3506	12297
1871	141	467	609	1214	82	422	580	1084	15	421	486	922	238	1310	1672	3220	12036
1880	103	568	417	1088	83	490	591	1164	8	340	678	1026	194	1398	1686	3278	12102
1889	100	698	318	1116	80	636	357	1073	12	320	449	781	192	1654	1124	2970	12246
1900	83	329	46	664	24	432	208	664	15	391	509	915	122	1152	763	2037	8228

1800 var þessi tala 18%, 1850 var hún 20% en var komin niður í 10,5% um aldamótin 1900.

Lítið er vitað um seglbúnað skipa hér við land fyrr á öldum. Í Íslendingasögum er oft getið um segl á hafskipum, en aldrei á fiskibátum. Lúðvík Kristjánsson bendir á að fátæklegar heimildir um segl í Fornbréfasafni gefi til kynna að þau hafi ekki verið algeng í fiskibátum á síðmiðöldum.¹

Segl voru víðast hvar notuð á Snæfellsnesi og á Breiðafirði í byrjun 18. aldar.² Frásögn Olavíusar um útræði milli Aðalvíkur og Geirólfsgrúps bendir til að segl hafi ekki verið notuð á því svæði þegar hann fór þar um.³

Segl voru notuð í Grímsey um aldamótin 1700, en á ofanverðri 18. öld voru þau ekki kunn í verstöðvum á Skaga og sögð mjög óvönduð í Þingeyjarsýslu.⁴ Á Austfjörðum voru segl notuð sums staðar, en Olavíus segir þann útbúnað afar frumstæðan og einungis til siglinga undan vindi.⁵ Í Skaftafellssýslum þekktust segl fyrst í lok 19. aldar, en þeirra er fyrst getið í Vestmannaeyjum 1720.⁶

Seglfiskur var nefndur sá fiskur, sem tekinn var sem greiðsla fyrir notkun segls, ef það fylgdi ekki bátnum. Í fyrstu var vænsti fiskurinn tekinn af óskiptu úr hverjum róðri, en eftir 1780 var hverjum skipverja skylt að greiða segleiganda tvo fiska yfir vertíðina.⁷

Segl voru ófin úr vaðmáli fram á 19. öld, en um 1880 var farið að nota tvístgarn. Strigi var notaður í segl á Vestmannaeyjaskipum seint á 18. öld, en á níttjándu öld var farið að nota erlendan segldúk, svokallaðan *Rafnsdúk* og einnig tvöfalt léreft.⁸

Íslendingar notuðu einungis þversegl fram undir lok 18. aldar. Þetta var ferhyrnt segl, oftast talsvert mjórri að ofan en neðan. Á vetrarvertíðar- og hákarlaskipum var þó minni munur á yfir- og undirjaðri seglsins. Framjaðar var styttri en sá aftari, en yfirjaðar seglsins var festur á segrána, sem gat orðið yfir 6 m á teinæringi. Efst á mastrinu voru tvö göt þversum er nefndust húnborur eða mastursaugu og voru seglið og ráin dregin upp að því með dragreipi. Á Breiðafirði og í Strandasýslu

¹ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 202–206.

² Sama rit: 203.

³ Ólafur Olavíus 1964 I: 206.


⁴ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 203.

⁵ Ólafur Olavíus 1965 II: 158.

⁶ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 203.

⁷ Sama rit: 203.

⁸ Sama rit: 205.



2. mynd. Tólfræringur í Vestmannaeyjum 1704. – Handrit Vestmannaeyjalýsingar. Háskólabókasafnið í Osló.


voru höfð tvö þversegl á sömu siglu og var það efra kallað fokka og er talið að sá búnaður hafi verið tekinn upp 1815. Á stórskipum voru tvö siglutré og þversegl á hvoru.¹ Þversegl voru notuð á sunnanverðum Breiðafirði allt fram á fjórða áratug þessarar aldar (2. mynd).

Árið 1784 er fyrst getið um svonefnd sprytsegl á Íslandi.² Þessi seglbúnaður dró nafn sitt af sprytinu, rá, sem að neðan var fest við siglutréð með lykkju úr sterkum kaðli. Efri endi sprytrárinnar var festur við seglið þar sem mættust yfir- og afturjaðar. Fram úr skipinu gekk svo útleggjarinn, sem nefndur var ýmsum nöfnum, svo sem spruð, bugspjót eða brandauki. Við útleggjarann og fremra mastrið var fest fokkan, en síðar bættist framan við hana annað þríhyrnt segl, klýfirinn. Þessi seglbúnaður varð þó ekki algengur hér við land fyrr en um miðja 19. öld (3. mynd).

Þá var einnig farið að nota svokölluð gaffalsegl, en sá búnaður var með þeim hætti, að seglinu var haldið uppi með rá, sem nefndist gaffall og lék á hjörum ofarlega á mastrinu, eða að negldar voru á hana spelkur, sem gengu inn á mastrið. Gaflinum var haldið uppi með dragreipi, svonefndum klófal, sem gekk í gegnum einskorna blökk efst á mastrinu og var fest

¹ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 207–210.

² Sama rit: 210–216.



3. mynd. Bátur frá Ísafjarðardjúpi með loggortusegli, sprytsegli og fokku, en án útleggjara.
— Árni Gíslason 1944.

við gaffalinn um $\frac{1}{3}$ frá ytri enda hans. Á fjögurra manna förum var eitt gaffalsegl og fokka, en á stærri bátum voru tvö segl og klýfir að auki. Stundum var gaffalsegl á formastri og sprytsegl á afturmastri.

Loks má nefna loggortusegl, sem gerð voru að franskri fyrirmynd, og voru þau mest notuð á Vestmannaeyjaskipum. Ráin á loggortusegli var fest við mastrið með baulu, sem gekk utan um það. Ráin var dregin upp með tveim tvískornum blökkum og var önnur áföst mastri, en hin laus með krók í enda, sem krækt var við lykkju á ránni. Neðan á stórsegli var hálfbóma, en með henni var hægt að strengja seglið svo vel að hægt var að sigla a.m.k. tveimur strikum nær vindi en ella (3. mynd).

Mismunandi seglbúnaður í einstökum landshlutum var einkum fólgin í því, að þeim fjórum seglgerðum sem að framan eru nefndar, var raðað á ólíka vegu.

Áttavitar þekktust tæpast á íslenskum fiskiskipum fyrr en á seinasta áratug 19. aldar. Á ferðum sínum umhverfis landið 1775–1777, varð Ólafur Olavíus hvergi var við að menn notuðu áttavita nema í Papey¹ og sama segir færeyski náttúrufræðingurinn Nicolaj Mohr, sem var hér á ferðinni 1780–1781.² Áttavitar voru komnir í flest skip í Vestmannaeyjum eftir 1890 og um aldamótin voru þeir í flestum skipum á landinu, en einna seinast við Eyjafjörð og Skjálfanda.³

Árið 1762 fór Magnús Gíslason amtmaður fram á að gerð yrði bátahöfn

¹ Ólafur Olavíus 1964, I: 133.

² Mohr, Nicolaj 1786: 83.

³ Lúðvík Kristjánsson 1982 II: 243.

í Vestmannaeyjum, en bátar konungsútgerðarinnar þar voru með stærstu fiskibátum á landinu. Umsjónarmaður konungsverslunarinnar, Niels Ryberg, var andvígur þessu, en lagði til að Vestmannaeyingum yrðu færð nokkur bátsspil. Var eitt spil sent til reynslu, en dugði illa og litlum sögum fer af öðru, sem smíðað var af heimamanni.¹ Um 1880 voru bátsspil ennþá óþekkt sunnanlands, en nokkrum árum áður var farið að nota þau við Ísafjarðardjúp, sérstaklega þar sem plægt var fyrir kúffisk frá landi.

Það má því segja að í þúsund ár hafi íslenskir sjómenn stritað við að draga báta sína á land, án nokkurra hjálpartækja, örþreyttir úr löngum róðri. Þá áttu þeir eftir fjöruburðinn upp á skiptivöllinn, aflaskiptin og aðgerðina.

Handfæraveiðar

Íslendingar notuðu einungis handfæri til veiða í sjó allt fram undir lok 15. aldar. Elsta lýsing á þessu veiðarfæri er í handriti af sögu Guðmundar biskups góða frá lokum 13. aldar og í Jónsbókarhandriti frá öndverðri 14. öld er mynd, sem sýnir veiðar með handfæri (kápumynd).


Fram undir 1870 voru önglar heimasmiðaðir úr járnútum af mátulegri lengd. Var úr þeim slegið s.n. engli með oddi og agnhaldi sem svo var beygt og hert í eldi.² Eins og getið mun síðar, notuðu útlendingar hér við land sléttinaða öngla með tinsíld, en allt fram á miðja 19. öld fiskuðu Íslendingar með ótinuðum önglum, síldarlausum. Árið 1750 reyndi Niels Horrebow að fá Íslendinga til að nota öngla með tinsíld, en án árangurs, þótt útlendingar mofkiskuðu þegar landinn varð tæpast var.³ Mjög dró úr innlendri önglasmíði eftir 1870 þegar norskir handfæraönglar með síld og spaða, kenndir við Mönstad, fóru að flytjast til landsins.

Elsta sökkun var svonefndur vaðsteinn, oftast sæbarinn fjörusteinn og skora klöppuð í hring. Í skoruna var hnýtt sterkt band, en í báða enda festur snepill úr þykku skinni, er nefndist forrönd. Vaðurinn var svo festur í efri forröndina en öngultaumurinn í þá neðri. Vaðsteinninn gat verið allt að 2 kg að þyngd. Seinna var farið að móta blýsökkur og forröndin dregin í göt á báðum endum. Enn síðar var festur teinn neðarlega á sökkuna, en á enda teinsins var auga með sigurnagla, sem taumurinn hékk við. Að lokum gekk hann út úr sökkunni báðum megin og var þá

¹ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 160.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 401.

³ Horrebow, Niels 1966: 142.



4. mynd. Þróun handfæris hjá Íslendingum. — Lúðvík Kristjánsson 1983.

komið veiðarfæri, sem útlendingar höfðu notað hér við land í langan tíma (4. mynd).

Frá miðri 17. öld voru færi mest spunnin úr innfluttum hampi, þótt Íslendingar ættu nóg af taglhári, en það notuðu Norðmenn mikið. Lengd handfæra var víðast 30–60 faðmar og réðst af dýpi á veiðislóð. Skúli Magnússon segir færið sjaldnast hafa enst lengur en vertíðina og oft ekki svo lengi. Sá sem stundaði veiðina allt árið, þurfti oftast 3 færi.¹ Sums staðar lagði bátseigandi til færi, en háseti sökku og öngul. Fengi háseti einnig önglana varð hann að greiða fyrir þá með gotunni. Stundum leigðu sjómenn jafnvel færi og borguðu fyrir með smjöri eða fiski.²

Ekki voru á árabátaöld nein ákvæði um hvenær hefja mætti róður til handfæraveiða, en yfirleit var ekki farið til færis fyrr en svo, að orðið væri sæmilega bjart, þegar komið væri á veiðislóðina. Oft var þá höfð hliðsjón af straumum og sjávarföllum, svo að komið væri á slóðina um fallaskipti eða lent á flóði þegar komið væri til baka. Ýmist var fiskað við fast eða lát-

¹ Skúli Magnússon 1944 a: 54.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 415.

ið reka. Væri eitthvað að veðri eða straumur þungur, varð að fiska við andóf.¹

Fjöldi í áhöfn fór eftir stærð skips og eins fjölda yfirskipsmanna, en svo voru nefndir þeir, sem voru umfram formann og þá sem gátu verið undir árum. Stóru vertíðarskipin voru erfið í lendingu, sérstaklega ef lent var fyrir flötu og eins voru þau ákaflega þung í barningi. Á tólfæringum gátu verið allt að 26 manns og á vertíð í Vestmannaeyjum voru 20 menn á áttæringi, en þar af voru 12 hinir fisknustu hafðir undir færum.²

Allt fram undir 1880 var fiskur blóðgaður með því að stinga hnífi í hjarta hans eða rífa í sundur himnuna við eyruggabeinið. Blóðgunin batnaði til mikilla muna þegar farið var að skera á lífodda og hálsædar.³

Línuveiðar

Elsta heimild um veiðar á línu hér við land er úr máldaga Berufjarðarkirkju 1482 og hafa Austfirðingar líklegast kynnst þessu veiðarfæri hjá Englendingum að veiðum á þessum slóðum. Í verstöðvum á Snæfellsnesi voru lóðir notaðar þegar á 16. öld og til eru heimildir um lóðanotkun í Faxaflóa frá seinni hluta 17. aldar.⁴ Skúli Magnússon greinir frá línuveiðum Norðlendinga og segir línur þeirra helmingi mjórri en venjulega. Norðlendingar röktu dönsku línuna í sundur í sparnaðarskyni, svo að í henni voru aðeins tveir þættir og varð hún því mun veikari. Á 160 faðma langri línu, sem kallaðist lóðarstokkur, voru 120 öngultaumar, einnar álnar langir með tinuðum önglum og 4 álnir milli öngla. Lagðir voru fjórir slíkir stokkar í einu, samtals 640 faðmar og önglarnir 480. Að venju nefnir Skúli verðið og segir nýja línu kosta nálega 20 ríkisdali. Varðandi aflamagn segir Skúli að venjulega sé sexæringur fullhlaðinn í tveimur lögnum.⁵

Olavius segir að við Ísafjarðardjúp séu 12 lóðir í lögn á vorin en 10 á vetrum. Á hverri lóð voru 100 litlir önglar með 1½ faðms millibili. Venjulega voru 7 manns í áhöfn á vorin. Fjórir réru, einn dró inn línuna, annar skar beitu og handsamaði fiskinn og sá síðasti hagræddi önglum, beitti og stockaði. Á vetrum voru aðeins fimm á. Austanlands voru hins vegar ein-

¹ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 123.

² Sama rit: 124.

³ Sama rit: 126.

⁴ DI VIII: 71, Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 416, 426.

⁵ Skúli Magnússon 1944 a: 55.

ungis 90–100 önglar í lögn, fjórir á bát og einvörðungu lagt einu sinni á dag, en Vestfirðingar lögðu tvisvar.¹

Í Vestmannaeyjum hófust línuveiðar ekki fyrr en 1897. Árið áður hafði enskur línuveiðari strandað þar og keyptu nokkrir menn allan útbúnað skipsins. Svo vel aflaðist á línuna, að Þorsteinn Jónsson í Laufási taldi þetta einn merkasta viðburð í allri útgerðarsögu Vestmannaeyja.²

Á einokunartíma var oft tilfinnanlegur skortur á lóðarstrengjum; danskar línur þóttu lélegar og brugðu því sumir á það ráð, eins og Norðlendingar, að rekja þær í sundur og spinna upp á nýtt og var þá oft verr af stað farið en heima setið. Hollenskar línur voru taldar betri en þær dönsku.

Niðurstaða nefnist línan sem tengir saman dufl og lóðarstein og var hún oft gerð úr slitnum línunum. Dufl voru með ýmsu móti og oftast smíðuð úr eikartunnustöfum. Þá voru einnig notaðir sem dufl hákarlsmagar, kálfsbelgir, selsmagar eða marsvínsmagar. Á seinasta ársfjórðungi 19. aldar komu korkdufl og loks strigabelgir í byrjun þessarar aldar. Þá komu einnig lóðarkrökur í stað lóðarsteina.³

Mjög var það mismunandi á hvaða tíma sólarhrings fiskað var með lóð og eins var uppyfirlegan misjöfn, allt innan við klukkustund og upp í heila nótt. Línan var dregin á borðstokk þar til línuhjólíð kom til sögunnar á seinni hluta 18. aldar. Verkaskipting við drátt fór mjög eftir fjölda skipverja. Á stærstu skipum voru t.d. tveir við drátt til skiptis, sex voru í andófi, en hinir gogguðu, blóðguðu, stömpuðu lóðina eða jusu bátinn.⁴

Síðar verður greint frá deilum manna um línuveiðarnar og afskiptum yfirvalda á notkun hennar.

Netaveiðar

Vorið 1753 flutti Skúli Magnússon með sér til landsins tvö þorskanet, sem hann hafði keypt í Noregi haustið áður, en þorskanet höfðu þá verið notuð í Noregi í rúma hálfu öld. Til er heimild um að kaupmenn á Hofsósi hafi veitt í þorskanet á Skagafirði um 1730 með góðum árangri, en ekkert hafði þó orðið úr frekari veiðum.⁵ Að tilhlutan Skúla voru netin reynd í

¹ Ólafur Olavíus 1964, 1965 I: 205, II: 158.

² Þorsteinn Jónsson 1958: 54–55.

³ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 422–424.

⁴ Lúðvík Kristjánsson 1985 V: 141–143.

⁵ Ólafur Olavíus 1964 I: 322.

Hafnarfirði sama sumar, þau voru 24–30 faðma löng, 15 möskva djúp og hver möskvi nær 5 þumlungar á legg. Flotholt var á efra teini með einnar álnar millibili, en litlir steinar héldu neðra teini við botn. Netin voru gerð úr nýju seglgarni og kostuðu ásamt flotholtum og köðlum um 4 ríkisdali. Skúli segir ennfremur, að netin hafi verið lögð á kvöldin og tekin upp snemma næsta dag og að nefafiskur sé venjulega mun feitari en sá sem fæst á öngla, um þriðjungi þyngri og gefi af sér meira lýsi.¹

Notkun neta jókst smátt og smátt í Faxaflóa, en það leið rúm hálf önnur öld áður en farið var að nota þau utan Flóans. Árið 1907 hófst notkun þeirra í Þorlákshöfn og á Stokkseyri, en í Vestmannaeyjum byrjuðu netaveiðar fyrst 1916. Þorsteinn Jónsson í Laufási hafði þó reynt með þorskanet bæði 1908 og 1913 en þær tilraunir heppnuðust ekki.² Frá upphafi stóð mikill styrir um þorskanetin og verður það rakið síðar.

Netþráðurinn var spunninn úr hampi, ítölskum eða rússneskum og þótti sá fyrrnefndi betri. Oft voru netin riðin á heimilum þeirra útveggsmanna er stunduðu netaveiðar. Netslangan var 60 faðmar og felld til helminga og netið því 30 faðmar á lengd, 15–16 möskvar á dýpt og leggur möskva rúmlega 10 sm. Efri fláarteinninn var úr 4–6 punda línu, steina-teinn var manillutó – þumlungur í ummál – og var þriðji hver möskvi festur við teininn þegar fellt var. Tréflár voru festar á efri teininn um 50 sm langar og með 60 sm millibili. Síðar komu flotholt úr viðarberki með 30 sm millibili og upp úr 1870 tóku við glerkúlur og voru hafðar mest 30 á neti. Margir höfðu stein á móti kúlu, en aðrir 15–20 á hverju neti.³

Hákarlaveiðar

Í fiskaþulu Snorra Eddu er nefndur háskerðingur, sem var algengt nafn á hákarli. Talað er um hákarlsreka bæði í Grágás og Jónsbók. Hákarlslýsi er nefnt í sættargerðinni í Túnsbergi 1277 milli þeirra Magnúsar konungs lagabætis og Jóns erkibiskups rauða.⁴ Elsta íslensk heimild um verkaðan hákarl er í skrá um eignir dómkirkjunnar á Hólum í Hjaltadal 1374, þar sem í breiðabúri staðarins voru „ellefu tugir vætta skreiðar, hákarl og rafabelti tíu vættir“.⁵ Að öllum líkindum mun hér vera um að

¹ Skúli Magnússon 1944 a: 54–55.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 434, Sigfús M. Johnsen 1989 II: 102.

³ Lúðvík Kristjánsson 1983 II: 432–433.

⁴ Gils Guðmundsson 1977, 4: 59.

⁵ DI III: 289.

ræða kæstan og þurrkaðan hákarl. Hákarl virðist vera orðinn nokkuð algengur í mataræði Íslendinga á 14. öld samkvæmt ákvæðum Búalaga og ýmsar heimildir eru um hákarlaveiðar frá 15. og 16. öld. Gissur biskup Einarsson getur þess 1540, að Skálholtsstaður eigi 12 hákarlalínur á Höfn í Hornafirði¹ og Skipadómur Páls Stígssonar hirðstjóra frá 1564 um hlutaskipti, nefnir hákarl ásamt öðrum nytjafiskum.²

Í Íslenskum sjávarháttum er lýst ítarlega einstökum hákarlaveiðarfærum og er stuðst við það í því sem hér fer á eftir. Handvaðurinn er elstur og í allri gerð líkur venjulegu handfæri, einungis mun sterkari. Talið er að í fyrstu hafi mest verið notaðar stórgripahúðir í vaðinn og í mörgum heimildum eru nefnd ólarfæri eða skinnfæri. Sums staðar voru húðir notaðar allt fram á miðja 19. öld. Tilbúnir hákarlastrengir fóru að flytjast til landsins á öndverðri 17. öld og kostaði faðmurinn tvo fiska, en mest voru þeir þó spunnir úr erlendum línunum. Allt fram undir miðja 19. öld voru hákarlavaðir sjaldnast lengri en 50 faðmar, en með aukinni sókn á djúpmið og tilkomu þilskipa, var hákarlinn sóttur æ dýpra, og voru vaðir þá orðnir 200 faðmar eða jafnvel lengri. Á enda vaðsins var svonefndur bálkur, sverari en sjálfur vaðurinn eða jafnvel grönn keðja, vegna skráps hákarlsins. Í rauf í vaðsteininum var felldur járnteinn og var hann tengdur vaðnum með sigurnagla, en öngultaumurinn var úr grannri keðju. Öngullinn var venjulega kallaður sókn, en stundum gat það átt við allt veiðarfærið og þá nefnt sóknir. Í fyrstu voru önglar allt að alin langir, en styttust síðar niður í 35 sm. Fjöldi vaða á hverju skipi fór eftir stærð þess og dýpi á veiðislóð. Oftast voru tveir vaðir á fjögurra manna förum og sexæringum, sums staðar voru fjórir vaðir á áttæringum og jafnvel sex á allra stærstu skipum Strandamanna á 19. öld.³ Jón P. Þór segir að á 19. öld hafi sum eyfirsku hákarlaskipin haft útbúnað til þess að hafa allt að tíu vaði í gangi í einu og skorið tvo hákarla samtímis.⁴

Þegar komið var á veiðislóð var lagst við stjóra, stjórastrengurinn bundinn við hnýfil, en við hann var fest blakkarhjól, sem strengurinn var dreginn inn á.⁵

Lyktnæmi hákarlsins er viðbrugðið og byggðust veiðarnar á því að miklu leyti. Sveinn Pálsson segir sögu eftir Skúla Magnússyni í Ferðabók

¹ Gils Guðmundsson 1977, 4: 62.

² DI XIV: 253.

³ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 322–328.

⁴ Jón P. Þór 1981: 539.

⁵ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 356–358.

sinni. Vetrardag einn fóru nokkur hross niður um ís á Eyjafjarðará nálægt Grund, en þaðan eru um 15 km að mynni árinna. Þegar kom fram á vetur urðu menn þar varir við hákarla, sem farnir voru að gæða sér á rotandi skrokkunum og svo var aðgangurinn mikill að nokkra tókst að veiða.¹ Hákarlabeita var einkum hrossakjöt og selspik. Hrossskrokkurinn var látinn úldna vel og síðan saltaður lítillega og sums staðar var bætt í ½–1 potti af rommi og látið standa í úthúsi þar til vertíð hófst. Selur og þó einkum kópur var notaður í beitu á þann hátt, að hellt var í hann einni flösku af rommi eða öðrum vínanda og síðan saumað fyrir og geymt á hlýjum stað. Selshausar þóttu einnig ágæt hákarlsbeita og var selur víða veiddur í þeim tilgangi eingöngu. Þá þótti einnig gott að beita selspiki. Beitan var skorin í stóra réttthyrnda bita og skinnið á selnum látið halda sér, en stungið á það gat. Síðan var þrætt á sóknina til skiptis selspiki og hrossakjöti, allt frá agnhaldi á miðjum legg að oddagnhaldinu. Einatt var þess gætt að enda á góðri selbeitu og var spikið látið vísa upp á oddinum.²

Stundum var reynt að lokka hákarlinn með niðurburði. Sums staðar var hent út skornum hákarli, en annars staðar var sökkt poka eða tunnu fullri af grút. Þá var einnig látið í poka úldið kjöt, grútur og selshaus og fest aftan í bátinn. Fyrir kom einnig, að sökkt var hrossskrokkum í hrísbagga, svo hákarlinn hámaði ekki allt í sig á stundinni.³


Þegar vaður var í botni var tekið grunnmál, sem var oftast 2–4 faðmar og því minna sem grynna var. Var vaðurinn festur við keip, en ekki var skakað á sama hátt og við þorsk, heldur gripu menn um vaðinn og lyftu hægt upp, ellegar héldu laust á honum utan við borðstokkinn og þótti mikils um vert að vera vaðglöggur. Hákarl kippti ekki í eins og þorskur, heldur seig í og smáþyngdist. Mikilvægt var að draga svo hratt að sá grái gæti ekki flækt vaðinn utan um sig. Eftir að hákarl hafði náðst frá botni hætti hann oftast allri mótspyrnu, enda ber hann með rentu hið latneska nafn sitt, *Somniosus microcephalus*, hinn syfjaði smáhaus. Þegar fiskurinn var kominn upp úr sjólokunum var hann annað hvort rotaður eða stunginn í brjóst eða mænu. Lifrinn var tekin úr utan borðs og dregin inn á þilfarið. Væri fiskurinn mjög lifrarmikill var lifrinn látin renna í sjó, en um leið bútuð í hæfileg stykki, sem tekin voru um borð í pokaháf.⁴ Ef far-

¹ Sveinn Pálsson 1983: 54.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 348–351, sbr. Gils Guðmundsson 1977, 4: 86–88.

³ Sama rit: 351.

⁴ Sama rit: 360–363, sbr. Gils Guðmundsson 1977, 4:91–95.




5. mynd. Lagvaður frá ofanverðri 18. öld. – Ólafur Olavíus 1965.

ið var með hákarlinn óskorinn í land var verið stutt úti, og hákarlinn þá bundinn við skipið eða hafður í slóða. Í skurdarróðri var fyrst og fremst hugsað um að ná í lifrina en öllu hinu var hent.¹

Annað veiðarfæri, sem notað var á opnum skipum, var hinn svokallaði lagvaður og er greinargóð lýsing á honum í Ferðabók Olavíusar (5. mynd), en hér er um að ræða endurbót á eldra veiðarfæri. Mest áberandi hluti þessa veiðarfæris var lagvaðstréð, 10–12 feta langt tré úr völdum viði. Í gegnum gat á miðjum ásnum gekk stjóraferið, en til beggja hliða voru göt fyrir færastúfa. Voru þeir nefndir klær og festir í stjóraferið bæði ofan og neðan til þess að tréð héldist lárétt í sjónum. Stjórinn nefndist líka kraka og var steinn, 20–25 kg að þyngd. Sá hluti stjóraferis, sem var undir lagvaðsásnum var úr leðri til þess að þola betur núning skrápsins. Bilið milli áss og stjóra var 3,5 m. Á endum lagvaðsins

¹ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 352.



6. mynd. Keflavaður frá Austfjörðum. – Lúðvík Kristjánsson 1983.

voru járnhólkar með götum í miðju og í gegnum þau dregnar keðjur með sigurnöglum, en í enda þeirra var festur öngullinn, sem nefndist sókn. Lengd stjóraferis fór eftir dýpi, en sjaldan var fiskað á meira en 60 föðmum. Jafnan var haft mikið yfirvarp á lagvaðnum, en svo nefnist sá hluti færísins sem lá í sjólökunum. Á yfirvarpið var fest 5–6 uppihöldum með jöfnu millibili. Voru þetta oft rótarhnyðjur úr rekatrjám, sem þóttu góðar vegna þess að í þeim var lítill flotkraftur, en ókostur var að þær mörðu í hálfu kafi og því ekki auðfundnar. Aðrir notuðu heimasmiðuð dufl. Beita á lagvað var sú sama og á handvað. Síðar var fjölgað sóknnum á lagvaðnum og urðu þær víða fjórar. Upp úr miðri 19. öld komu svo til sögunnar svonefndir keflavaðir en þar voru kefli, 70 sm löng, fest á sinn hvorn enda á lagvaðstrénu og tvær sóknir á hvoru kefli (6. mynd). Veiðar með lagvað voru sjaldan stundaðar eingöngu, heldur sem aukageta með öðrum veiðum og þegar kom fram á 19. öld lögðust þessar veiðar niður. Þær héldust lengst í Þingeyjarsýslu og á Austfjörðum og var lagvaður enn notaður í Reyðarfirði um síðustu aldamót.¹ Þriðja hákarlsfærið var hákarlalína og seint á 18. öld var byrjað að nota hana á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Línur þessar voru 100–300 fadmar og lagðar á grunnu vatni. Sóknir voru af sömu gerð og í öðrum hákarlaveiðarfærum og beittar venjulegri hákarlabeitu. Línan var lögð á sama hátt og þorskalóðir, en

¹ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 328–329, sbr. Gils Guðmundsson 1977, 4: 70–71 og Ólaf Olavíus 1965 II: 157.

þyngri steinar hafðir fyrir stjóra. Olavius, sem lýsir þessari veiðiaðferð, taldi heppilegast að hafa um 45 faðma á milli sókna á fertugu dýpi, svo ekki væru margir hákarlar dregnir inn í einu. Þessar veiðar voru lítið stundaðar utan Snæfellsness og Vestfjarða. Þær voru oft einskonar aukageta við þorskveiðar og mikill búhnykkur, þar sem allur fiskurinn var verkaður, auk lýsisins.¹

Elstu tölur um útflutt hákarlalýsi eru frá 1624. Frá 17. öld eru að auki til tölur frá árunum 1625, 1630 og 1655. Meðalútflutningur þessara ára var 1157 tonnur lýsis að markaðsverðmæti 12,7 þúsund ríkisdalir. Á sama tíma nam ársútflutningur á skreið 7570 skippundum að andvirði 78 þús. ríkisdala. Á árunum 1732–1742 var lýsisútflutningur einungis 244 tonnur á ári að meðaltali, að verðmæti 3,4 þús. ríkisdalir eða 5,3% af útflutningsverðmæti skreiðarinnar. Síðan jókst lýsisútflutningur allverulega og var 626 tonnur að jafnaði á ári 1761–1780 og að verðmæti 9,5 þús. ríkisdalir eða 13% af andvirði skreiðarinnar. Hákarlsveiði jókst verulega á 19. öld samhliða aukinni þilskipaútgerð. Árið 1819 voru fluttar út 2025 tonnur hákarlslýsis að andvirði 101 þús. ríkisdala, sem var 35% af útflutningsverðmæti sjávarafurða það ár. Árið 1849 var útflutningur lýsis samtals 3259 tonnur, en þá var einnig tekið með fiska- og selslýsi, en útflutningur var kominn upp í 6891 tonnu árið 1855. Á árunum 1865 til 1875 var meðalútflutningur 9505 tonnur og varð mestur 1867 er út voru fluttar rúmlega 13 þúsund tonnur. Fram til aldamóta var útflutningur á bilinu 3400 til 10700 tonnur, en eftir aldamótin 1900 dró allverulega úr veiðinni og má segja að hákarlaveiði sé úr sögunni um 1930 (2. tafla). Á árunum 1865–1875 komu 17% af lýsinu úr Suðुरamntinu, 32% úr Vesturamntinu og 51% úr Norður- og Austuramntinu.²

Hákarlalýsi var á tíðum verðmæt og eftirsótt útflutningsvara og erlendis var það einkum notað til lýsingar gatna og heimila, en léleg verkun og meðferð lýsisins stóð framleiðslunni mjög fyrir þrifum. Verkkunnátta var af skornum skammti, en að auki voru tonnur lélegar og bræðslupottar óhentugir. Oft var blandað saman lýsi úr mismunandi tegundum og lífrin geymd of lengi svo að hún úldnaði. Var Jón Sigurðsson forseti ötull við að hvetja menn til að vanda þessa framleiðslu eftir megni.³ Á síðustu áratugum 19. aldar komst bændaútgerðin norðanlands smátt og smátt í hendur

¹ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 333–334 sbr. Gils Guðmundsson 1977, 4: 70–71 og Ólaf Olavius 1964 I: 200, 235.

² Sögulegar hagtölur. Hagstofa Íslands.

³ Jón Sigurðsson 1859.

2. tafla. Útflutt hákarlalýsi 1624–1819. Heimild: Hagstofa Íslands. Sögulegar hagtölur.

Ár	Tunnur	Ár	Tunnur	Ár	Tunnur	Ár	Tunnur
1624	930	1742	125	1770	976	1784	242
1625	1039	1743	471	1771	698	1788	779
1630	1445	1753	253	1772	576	1789	1017
1655	1215	1759	80	1773	918	1790	1714
		1760	281	1774	591	1791	719
1733	541	1761	278	1775	474	1792	1277
1734	307	1762	308	1776	465	1793	973
1735	287	1763	343	1777	416	1794	1416
1736	147	1764	1232	1778	494	1795	1655
1737	241	1765	958	1779	874	1796	1273
1738	172	1766	374	1780	592		
1739	156	1767	448	1781	596	1806	1644
1740	281	1768	603	1782	167	1816	1101
1741	186	1769	898	1783	793	1819	2025

kaupmanna og verslunarfélaga, sem m.a. gufubræddu lífrina og við það jukust gæði lýsisins að miklum mun.¹

Vestfirskir hákarlamenn voru ráðnir upp á fast kaup, en norðlenskir oftast upp á hlut. Yfirleitt voru 11–12 menn á norðlensku skipunum og var skipt í 17–20 staði. Hafði hver háseti einn hlut, en skipstjóri tvo eða fleiri. Það sem eftir var kom í hlut útgerðarmanns. Sumir hásetar voru þó á vinnumannskaupi og fékk útgerðin þá einnig þeirra hlut.²

Ágreiningur um veiðarfæri

Deilur um beitingu einstakra veiðarfæra eru ekki nýjar af nálinni hér á landi og er svonefndur Marköngladómur frá 1567 einn fyrsti vitnisburður um það.

Á öndverðri 16. öld tíðkaðist það við Ísafjarðardjúp að hásetar á línuveiðum mættu hafa nokkra öngla til eigin afnota. Þessir önglar nefndust markönglar. Þeim fjölgaði þó svo mjög, að útvegsbændur töldu sig ekki geta við unað, og tókst að banna þá með ofangreindri samþykkt. Var um þetta ósamkomulag er lauk með því að Alþingi lagði bann við notkun marköngla og svokallaðra aukalóðarstúfa 1689. Jafnframt var kveðið á um

¹ Gils Guðmundsson 1977, 4: 112.

² Jón Þ. Þór 1981: 540–541.

að aflaskipti skyldu fara eftir ákvæðum Skipadóms. Lúðvík Kristjánsson telur þó að þessir dómur hafi aldrei náð tilætluðum árangri.¹

Dæmi um andúð gegn lóðanotkun á Snæfellsnesi er svonefndur Lóðadómur frá 1581, þar sem sýslumaður Snæfellinga leggur til að bannaðar séu allar línuveiðar í Snæfellsnessýslu. Á Alþingi 1586 voru hins vegar leyfðar línuveiðar utan vertíðar á þessu svæði. Síðan gekk á ýmsu varðandi afstöðu manna til þess veiðarfæris, en hér var um greinilega hagsmunaárekstra að ræða.

Lög frá 14. desember 1877 heimiluðu sýslunefndum að setja reglur um fiskveiðar á heimamiðum og skyldu þær sendar amtmanni til samþykktar.² Austfirðingar riðu á vaðið með samþykkt á fundi í Dvergasteini 30. ágúst 1878, þar sem settar voru ákveðnar hömlur á línuveiðar í Seyðisfirði og Loðmundarfirði, væntanlega til þess að menn hættu sér ekki of langt frá landi að vetrarlagi. Ekki mátti heldur slægja fisk á sjó, en beitu máttu menn nota að eigin vild.³ Árið eftir voru gerðar áþekkar samþykktir varðandi línuveiðar á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.⁴

Í fiskveiðisamþykkt sjómanna við Faxaflóa frá 9. nóvember 1878 er lagt bann við öllum línuveiðum á svæðinu frá Reykjavík að Garðskaga frá veturnóttum til vertíðarloka. Árið 1887 voru ýsulóðir bannaðar á sama svæði frá 1. okt. til 12. maí, en banntíminn var síðar stytur í 1. jan. til 1. maí. Töldu menn að ýsulóðir fældu fisk af miðunum.⁵ Í bréfi „bóndans í Strandarhreppi“ í Ísafold 8. apríl 1885 segir að bestu menn telji ýsulóð hið háskalegasta veiðarfæri fyrir ýsugöngur, auk þess sem síldin sé varhuga-verð beita, þótt menn hafi neyðst til að nota hana undanfarið, sökum skorts á hentugri beitu. Menn hafi sannreynt að fiskur hverfi eftir að síld hafi verið beitt. Besta ráð til þess að lokka að fiskinn, sé að bera niður þorsk- og grásleppuhrogn.⁶ Séra Oddur V. Gíslason í Grindavík benti mönnum hins vegar á mikilvægi síldarinnar sem beitu og jafnframt sem fæðu fyrir menn og skepnur.⁷ Má segja að hann hafi komið vitinu fyrir menn á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum með afla sinna eigin báta.

Ísfirðingar voru sama sinnis og Suðurnesjamenn varðandi síldarheituna, því að í fiskveiðisamþykkt frá 16. ágúst 1879 var bannað að beita

¹ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 311–312.

² Stjórnartíðindi fyrir Ísland A 1877: 118–122.

³ Stjórnartíðindi fyrir Ísland B 1879: 89–90.

⁴ Stjórnartíðindi fyrir Ísland B 1880: 172–176.

⁵ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 430.

⁶ Haukur Sigurðsson 1990: 96.

⁷ Oddur V. Gíslason 1887: 14–15.

lóðir með síld frá 1. apríl til 15. maí og ennfremur máttu lóðir ekki liggja í sjó næturlangt frá vetrarnóttum til sumarmála. Krækling mátti alls ekki nota til beitu frá 1. desember til 1. mars næsta árs.¹ Menn töldu lóðir það dýrar að betra væri að taka þær í land á hverju kvöldi, svo að þær týndust síður að vetrarlagi í sjógangi og hafis. Auk þess töldu menn að línufiskur væri oft lélegt hráefni. Skagfirðingar og Strandamenn voru hins vegar mun umburðarlyndari varðandi línuna og síldarheituna, en þeir fyrrnefndu aftóku með öllu að beita skelfiski. Eyfirðingar voru harðari í beitu-málum, töldu nýja síld varhugaverða og bönnuðu að beita með henni í apríl ár hvert; aftur á móti máttu menn nota saltsíld að vild, en helst átti hún að hafa legið í pækli í hálfan mánuð. Menn álitu að með nýrri síld yrði þorskurinn svo beituvandur, að hann fúlgaði við öðru, þegar ekki væri hægt að beita með síld.²

Deilur um þorskanetin hófust fljótlega eftir að Skúli Magnússon lét leggja þau fyrstu í Hafnarfirði sumarið 1753 og rekur Lúðvík Kristjánsson þær ítarlega í Íslenskum sjávarháttum.

Finnur biskup Jónsson segir í áliti sínu til Landsnefndarinnar fyrri, að þorskanetin hafi komið að góðu gagni, en skapað félagslegt vandamál. Þetta séu dýr veiðarfæri og af þeim sökum sé þessi útgerð að mestu í höndum kaupmanna og manna í þjónustu konungs. Sjávarbændur eigi því í miklum erfiðleikum með að manna báta sína. Rúmum áratug síðar fólu stjórnvöld stiftamtmani og Carli Pontoppidan kaupmanni í Hafnarfirði og síðar forstjóra konungsverslunarinnar, að afla upplýsinga um þessar veiðar. Carl Pontoppidan var áhugamaður um útgerð á Íslandi og frá hans hendi eru til mikilvægar upplýsingar um fiskveiðar Íslendinga á þessum árum.³ Samkvæmt reglugerð frá 8. apríl 1782 mátti ekki leggja net fyrir en 21. mars ár hvert og telur Sigurður Skúlason í Sögu Hafnarfjarðar að svæði þar sem leggja mátti netin í Hafnarfirði hafi verið 500 faðma langt og 100 faðma breitt.⁴ Netin varð að taka upp á hverjum morgni nema óveður hamlaði og fara varð með þau í land á milli lagninga. Þá var bönnuð netaveiði frá laugardegi til mánudags. Tveggja manna för máttu hafa þrjú net og fjögurra manna för 6 net, 30 faðma hvert net.

Veiðar með þorskanetum breiddust fljótlega út um allan sunnanverð-

¹ Stjórnartíðindi fyrir Ísland B 1879: 91.

² Haukur Sigurðsson 1990: 95.

³ Pontoppidan, Carl 1787.

⁴ Sigurður Skúlason 1933.

an Faxaflóa og má til sanns vegar færa að deilurnar um þau á 19. öldinni hafi verið dæmigerðir hagsmunarékstrar. Gefnar voru út fjölmargar reglugerðir í framhaldi af þeirri fyrstu frá 1782, mestmegnis til þess að takmarka veiðar Útnesjamanna. Sérstaklega var amast við netaveiðum í Leiru og Garði, þar sem menn töldu að veiðar í Leirusjó hindruðu þorsk í að ganga innar í Flóann.

Sveinn Pálsson kynnti sér þessi mál ítarlega og gaf lítið fyrir tilskipanir Ólafs Stefánssonar stiftamtamanns um takmarkanir á netaveiðum. Í Dagbókinni frá maí 1794 segir Sveinn aflabrögð ein hin bestu í manna minnum og fisk í öllum vikum og vogum. Hins vegar hafi verið hið mesta öngþveiti á manntalsþingum vegna yfirtroðslu á svonefndri netatilskipan, menn dæmdir í sektir og hlutir gerðir upptækir af þessum sökum. Segir hann að einkum hafi Álftnesingar og meira að segja nokkrir úr klerkastétt gerst brotlegir. Sveinn taldi að takmörkun netaveiðanna við ákveðin svæði yki frekar á vandann en drægi úr honum. Þótti honum vænlegast að leyfa netaveiðar í öllum Flóanum eftir ákveðnum reglum og dró í efa að nokkur gæti bannað sér að nota hvaða veiðarfæri sem væri, svo framarlega sem hann ylli ekki öðrum tjóni.¹

Hinar skynsamlegu athugasemdir Sveins Pálssonar um þorskanetin komu fyrir ekki og yfirvöld héldu áfram að gefa út tilskipanir. Í stuttu máli má segja að eftir því sem netaveiðar jukust í Flóanum fóru menn minna eftir reglugerðum og kom stundum til átaka við yfirvöld, eins og t.d. 1887 er 29 formenn og útvegsbændur við sunnanverðan Faxaflóa voru sektaðir frá 60 upp í 240 krónur fyrir brot á netalögunum.² Árið 1899 voru loks numin úr gildi öll ákvæði um þorsknetaveiðar í Faxaflóa og var þar með lokið rúmlega aldargömlu þorskanetastríði á þessu svæði.

Kirkja og konungsvald hefja útgerð

Þegar komið var fram á 14. öld rak kirkjan umfangsmikla útgerð á Íslandi og hafði að auki miklar tekjur af tollum, tíundum og landsskuldum. Náði hún snemma eignarhaldi á mikilvægum verstöðvum svo sem Grindavík, Grímsey og Bolungarvík. Magnús Einarsson sem var biskup í Skálholti 1134–1148 keypti nær allar Vestmannaeyjar undir stólinn, en andaðist áður en hann fengi reist þar klaustur.³

¹ Sveinn Pálsson 1983: 440.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 440.

³ Biskupasögur 1: 77.

Eftir að Englendingar hófu hér veiðar í upphafi 15. aldar komu þeir sér fljótlega upp aðstöðu til verslunar og útgerðar í Vestmannaeyjum, bæði með og án leyfis Danakonungs. Þá var þar þegar mikil útgerð Eyjamanna sjálfra og þeirra sem höfðu eyjarnar að léni, ef marka má sagnir um hin háu afgjöld af eyjunum. Englendingar gerðu út á eigin skipum og eins í samvinnu við heimamenn. Þegar útlendingum voru bannaðar veiðar og vetrarseta hér á landi með Píningsdómi 1490 og síðar, stofnuðu Englendingar samvinnuútgerðir með Íslendingum og fóru þannig kringum lögin.¹ Komust Englendingar upp með þetta vegna þess hve ríkisvaldið hér var þá veikburða. Hansakaupmenn komu oft í veg fyrir kaupsiglingar Englendinga hingað, þótt ekki gætu þeir heft veiðar þeirra.

Talið er að Vestmannaeyjar hafi komist í eigu konungs á þriðja tug fimmtándu aldar. Torfi Arason, sem var hirðstjóri um miðja 15. öld hafði Vestmannaeyjar að léni hjá konungi 1450–1456 og átti að gjalda eftir þær 7 lestin skreidar á ári, en lestin er talin tíu stór hundruð, eða 1200 fiskar.²

Útgerð konungs í Vestmannaeyjum hófst í kringum 1570. Voru konungsbátar flestir um 20, en lengst af 16 að tölu, gengu þó sjaldan allir í einu. Flestir munu þeir hafa verið smíðaðir í Vestmannaeyjum og margir af norskum smiðum. Árið 1586 voru þeir 17 og af þeim er vitað um 5 tólfæringa, einn áttæring og þrjá sexæringa. Þessir bátar fylgdu með í verslunarleigu eyjanna þegar einokun komst á 1602.³

Um langan aldur var Grindavík aðalverstöð Skálholtsstóls og er talið að stóllinn hafi verið búinn að ná eignarhaldi á flestum jörðum í vikinni á ofanverðri 14. öld. Langumsvifamestur var Brynjólfur Sveinsson er varð biskup í Skálholti 1639. Lagði hann mikið kapp á að komast yfir góðar sjávarjarðir og rak m.a. útgerð á Akranesi fyrir eigin reikning. Álítur Jón P. Þór að auk framkvæmdagleði biskups, hafi versnandi hagur landbúnaðarins einnig ráðið miklu, en upp úr miðri 17. öld voru aflabrögð yfirleitt góð. Eftirmenn biskups, þeir Þórður Þorláksson og Jón Vídalín, héldu útgerðinni nokkurn veginn í horfinu. Lítið er vitað um skipakost Skálholtsstóls, en í Jarðabókinni 1703 er talað um 8–9 stólskip og eitt konungsskip og voru allt áttæringar. Að auki virðist einn áttæringur hafa gengið frá hverri jörð og því 15–17 skip róið úr Grindavík það ár.⁴

Dönskum yfirvöldum varð ljóst að útgerðin var vaxtarbroddurinn í ís-

¹ Sigfús M. Johnsen 1989 II: 82.

² Björn Þorsteinsson 1970: 190.

³ Sigfús M. Johnsen 1989 II: 84, 85.

⁴ Jón P. Þór, munnleg heimild.

lensku atvinnulífi og þegar krúnan lagði undir sig jarðir klaustra og Skálholtsstóls við siðaskiptin var einkum sóst eftir sjávarjörðum.

Á 14. öld var Grímsey komin undir klaustrin á Munkaþverá og Möðruvöllum og var nú hin gamla kvöð landeigandans að fæða prest eyjarinnar, fallin á klaustrin. Samkvæmt Auðunarmáldaga frá 1318 átti Munkaþverárklaustur einnig Bása, Sandvík og Grenivík. Fékk klaustrið 40 skreiðarvættir frá þessum þrem stöðum, en að auki 30 vættir frá Hrísey og 40 úr Grímsey.¹ Hólastóll hafði snemma útróðra í Fljótum og 1434 var skreiðin geymd í Haganesi.² Ögmundur Pálsson sem var síðastur kaþólskra biskupa í Skálholti stjórnaði skipi Skálholtsstaðar á sínum yngri árum og voru prestar oft formenn á skipum stólsins. Þekkt er sagan um Gissur Einarsson síðar biskup, sem kom fátækur heim frá námi og að auki grunaður um villutrú. Brugðu hann og móðir hans á það ráð, að láta vinnumann hennar róa í Vestmannaeyjum. Fékk hann lestarhlut á vertíðinni og gat Gissur þannig borgað skuldir sínar að mestu. Að auki réri Gissur sjálfur í næstu verstöð.³

Til eru heimildir um fisktolla til kirkna á Norðurlandi á öndverðri 14. öld og í máldaga Selárkirkju frá 1354 kemur fram að hún átti að fá tíunda hvern ávalan fisk frá hverjum vermanni og skipi í Kópavík.⁴ Þessu var líkt farið í Vestmannaeyjum, en þar greiddu sjómenn laun presta ýmist með heilum hlut eða tíunda hverjum fiski á skiptivelli. Sýslumenn í Vestmannaeyjum fengu einnig laun sín greidd í fiski allt fram til ársins 1877.⁵

Brátt kom að því að ábúendur á útvegsjörðum, sem voru í eigu klaustra og biskupsstóla, voru skikkaðir til sjóróðra. Þetta tíðkaðist þó nær eingöngu í Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu og á Snæfellsnesi. Töldu biskupar róðrarkvaðir ómissandi fyrir fjárhagslegan grundvöll kirkjuútgerðar og þessi kvöð kirkju og klausturjarða fylgdi þeim er þær komust síðar í eigu konungs. Lúðvík Kristjánsson segir að kringum 1690 hafi kirkjan ráðið yfir um 350 mannlánum á svæðinu frá Jökulsá á Sólheimasandi vestur að Hvítá í Borgarfirði og að um svipað leyti hafi mannlán konungs verið um 590 á öllu landinu, utan Austfirðingafjórðungs. Telur Lúðvík að fyrir Skálholtsstól hafi þetta jafngilt leigu eftir 350 kýr eða 14 smálestum af harðfiski.⁶ Í Grindavík einni námu tekjur

¹ DI II: 486.

² DI IV: 547.

³ Safn til sögu Íslands ... I: 676.

⁴ DI III: 92.

⁵ Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 119, 121.

⁶ Sama rit: 123.

biskupsstólsins af landsskuldunum einum 4,1 smálest af fullþurrkuðum fiski árið 1703.¹

Aðkomumenn í Gullbringusýslu og á Snæfellsnesi greiddu um langan aldur svonefnda manntalsfiska og fram að siðaskiptum gekk andvirði þeirra að jöfnu til kirkjulegra og veraldlegra yfirvalda, en eftir 1600 hirtu sýslumenn sjálfir þessa greiðslu og töldu umbun fyrir allskyns ómak. Voru oftast teknir þrjár fiskar af 30 fiska hlut, en síðar var þetta lágmark miðað við 60 fiska hlut. Vermenn í þjónustu yfirvalda og ekkna voru þó undanþegnir greiðslu.² Árið 1877 var þessari óvinsælu kvöð loks létt af mönnum með nýjum skattalögum.

Deilur um verslun og veiðar á 15. og 16. öld

Eins og segir frá í kafla II er fyrst getið um ensk fiskiskip við Ísland árið 1412, en á næstu árum fjölgaði þeim svo mjög að landsmönnum þótti nóg um. Einnig þóttust Björgvinjarkaupmenn missa spón úr aski sínum vegna verslunar enskra kaupskipa er sigldu nú til Íslands í æ ríkari mæli. Konungur Noregs og Danmerkur var nú Eiríkur af Pommern er komst til valda 1413 eftir dauða Margrétar drottningar. Árið 1415 sendi hann tvo háttsetta norska embættismenn á fund Hinriks V Englandskonungs, til að freista þess að draga úr ásælni enskra fiskimanna á Íslandsmiðum. Varð úr, að 28. nóvember sama ár sendir Hinrik konungur tilskipun til 16 borga á austurströnd England þess efnis, að Íslandsferðir séu bannaðar enskum þegnum nema samkvæmt fornri venju.³ Af þessu má sjá að umsvif Engendinga á Íslandi voru þegar orðin veruleg.

Ekki var þó Parlamentið enska þar hrifið af þessu og í bænaskrá til konungs 1415 er sagt að enskir fiskimenn hafi stundað veiðar við Ísland undanfarin 6–7 ár og séu þessar veiðar komnar til vegna aflabrests við England.⁴ Hér er þó hugsanlega verið að réttlæta þessar veiðar með vafasamri fornri hefð, enda varð Hinrik V aðeins til málamynda við kröfum Eiríks konungs mágs síns, og sigldu stöðugt fleiri ensk skip til veiða og verslunar við Ísland. Glögggt dæmi um þetta er þegar 25 ensk skip fórust hér við land á skírdag árið 1419 og var þetta sennilega aðeins hluti þeirra ensku skipa sem hér voru það ár.

¹ Jón P. Þór, munnleg heimild.

² Lúðvík Kristjánsson 1983 III: 122.

³ DI III, nr 644.

⁴ DI XVI, nr. 80.

Jafnhliða uppgangi Englendinga hylti nú undir endalok Björgvinjarvaldsins á Íslandi. Eiríkur konungur ítrekaði 1425 bann við siglingum út-
lendinga til norskra skattlanda, en Englendingar svöruðu með því að
handtaka hirðstjóra konungs á Íslandi og flytja fanginn til Englands. Þar
með er talið að lokið sé að mestu verslun norskra kaupmanna á Íslandi og
tengslum Íslendinga við norska ríkið. Segir Björn Þorsteinsson að það
hafi tekið dönsk-norsk stjórnvöld um heila öld að koma Íslandi að nýju
undir ríkisvald sitt. Verslun var nú í raun öllum frjáls og vöruframboð líkt
og annars staðar í Evrópu. Þótt eftirlit með veiðum væri af skornum
skammti, var sjómönnum mikilvægt að eiga góða samvinnu við
landsmenn. Lýbikumenn höfðu lítil afskipti af Íslandi á 15. öld og vildu
ekki íslenska skreið. Ísland var því utan hins þýska efnahagsvæðis, en
þýsk tunga hafði óafmáanleg áhrif á tungu og menningu annarra Norður-
landa.¹

Englendingar voru jafnan tregir til samninga við dönsk-norsk yfirvöld
um Íslandsmál og flestar samkomulagsgerðir af þeirra hálfu sýndar-
mennska, til þess að þæfa málið, enda dönsk-norsk stjórnvöld ekki í
stakk búin til þess að framfylgja málum sínum með hervaldi. Árið 1447 lét
Kristófer af Bayern Danakonungur hins vegar til skarar skrifa og tók
nokkur ensk skip á Eyrarsundi herskildi og neyddi þannig ensku stjórn-
ina til samninga.²

Samningur sá milli ríkjanna, sem á eftir fylgdi, var undirritaður 17. júlí
1449 og skyldi gilda í tvö ár, var kunnur hér á landi sem svonefnd Langa-
réttarbót, „... og lýsum vér alla engelska menn og írsku, sem til Íslands
sigla, útlæga og friðlausa og þeirra skip og góss fyrirgjört, sem ekki hafa
vort bréf og innsigli fyrir sér, og í öllum stöðum rétt tekna“.³ Sekkjagjöld
eða 5% útflutningsgjöld af íslenskum vörum átti nú að innheimta á Ís-
landi, en ekki í Björgvin eins og áður var. Hér hafði Danakonungi tekist
að rétta mjög hlut sinn gagnvart Englendingum varðandi stjórn Íslands-
mála, en yfirvöld gáfust hins vegar upp á því að gefa út marklausar til-
kynningar um bann útlendinga við verslun á Íslandi. Að auki átti Langa-
réttarbót að verða til þess að efla réttaröryggi á Íslandi, styrkja umboðs-
stjórn konungs og auka skattheimtu í landinu.

Ekki hélt þetta samkomulag við Englendinga lengi frekar en fyrri
daginn, og í samningi frá 1465 er tekið fram að Englendingar megi sigla

¹ Björn Þorsteinsson 1978: 306–307.

² Björn Þorsteinsson 1970: 165.

³ DI V, nr. 55: 67.

til Íslands, en að ósk Hansakaupmanna, hvorki til Hálogalands né Finn-
merkur, og er hér í fyrsta skipti viðurkennd sérstaða Íslands innan dansk-
norska ríkisins.¹ Játvarður IV Englandskonungur staðfesti þó ekki þennan
samning, svo að Kristján I nam úr gildi öll fyrri leyfi Englendinga til Ís-
landssiglinga, en þeir héldu áfram uppteknum hætti og urðu nú miklar
væringar með þeim og Íslendingum, sem enduðu með vígi Björns Þor-
leifssonar hirðstjóra vestur á Rífi 1467.² Svöruðu Danir með því að láta
hertaka sjö ensk skip í Eyrarsundi í júní árið eftir og loka sundinu fyrir
enskum skipum.

Nú höfðu mál skipast þannig, að Hamborgarar gengu í lið með Dön-
um gegn Englendingum. Sáú Hamborgarar sér þarna leik á borði til þess
að ná til sín markaðnum á Íslandi og lauk þessari sennu með því að Eng-
lendingar misstu einræði sitt yfir íslenska skreiðarmarkaðnum, en Þjóð-
verjar hófu reglubundnar siglingar hingað til lands um 1470.

Hélt nú sáemilegur friður í nokkur ár, en samkeppni Þjóðverja og
Englendinga jókst að miklum mun og urðu ýmsir pústrar milli þjóðanna.
Ensku fiskiduggurnar á Íslandsmiðum á þessum árum höfðu m.a. í út-
búnaði sínum púður, boga og örvar, en á 16. öld er oft getið um herskipa-
vernd.³ Ekki tóku Íslendingar þátt í þessum átökum, enda frjáls sam-
keppni þeim fyrir bestu.

Í samningi þeirra Hans I Danakonungs og Ríkhards III konungs Eng-
lands frá 20. janúar 1490 voru ákvæði þess efnis, að enskir kaupmenn og
fiskimenn megi sigla til Íslands að eigin geðþótta um alla framtíð, enda
greiði þeir í landi alla skylda tolla og skatta. Þessi samningur var lögfestur
á Alþingi sama ár og hefur verið nefndur Píningsdómur, eftir Diðrik
Píning höfuðsmanni á Íslandi og hetju úr mörgum skærum við Englend-
inga í Norðursjó. Í Píningsdómi er hins vegar hvergi minnst á að Eng-
lendingum sé frjálst að fiska við Ísland, og jafnframt ítrekuðu Íslendingar
fyrri bönn um vetursetu erlendra manna á Íslandi og er því bætt við, að
útlendingar skulu enga Íslendinga hafa í þjónustu sinni og gera hvorki
menn né skip til sjós.⁴ Bannið við vetursetu og útgerð útlendinga var enn
ítrekað á alþingi 1500 með svokölluðum duggaradómi, en þar segir að
„... duggarar þeir, sem með lóðir fara og öngvan kaupskap annan, séu
ófriðhelgir og rétt teknir af hverjum manni, hvar sem þeir verða teknir“.⁵

¹ DI XVI, nr. 210.

² DI X, nr. 22.

³ Björn Þorsteinsson 1950: 86.

⁴ DI VI: 704.

⁵ DI VII, nr 499.



7. mynd. Hamborgarar og Skotar heyja þorskastríð við Ísland á öndverðri 16. öld.
– Carta Marina eftir Olaus Magnus 1539.


Hér kemur greinilega fram að Íslendingar virða að vettugi fiskveiða-ákvæði konungasamningsins frá 20. janúar 1490. Segja má að hér sé stefna Íslendinga varðandi fiskveiðar útlendinga við landið, mjög skýrt mótuð, því eins og áður segir er í Píningsdómi heldur ekki minnst á að Englendingum sé frjálst að fiska við Ísland.

Fyrri hluti 16. aldar einkennist af miklum átökum milli Þjóðverja og Englendinga um verslun og veiðar við Ísland (7. mynd). Danir höfðu í nógu að snúast heima fyrir, eins og t.d. í ófriðnum við Lýbikumenn 1509–1512, en á meðan gátu Englendingar komið sér vel fyrir á Íslandi. Hinrik VIII gerði sér ljósa grein fyrir mikilvægi Íslandsmiða og nam úr gildi öll fyrri lög er hindruðu viðskipti við Ísland.¹ Kristján II, sem kom til valda í Danmörku 1513, var einnig harður í horn að taka og sendi til Íslands sjóhettjuna Sören Nordby til þess að lækka rostann í Englendingum. Þrátt fyrir skamma dvöl hér og að lítið yrði úr fyrirhuguðum víggirðingum, virðist hann hafa veikt stöðu Englendinga, því skömmu fyrir 1520, líklega 1518 réðust Hamborgarar á Englendinga í veturstöðvum þeirra í Hafnarfirði. Höfðu Englendingar þar eitt stórt skip og á fjórða hundruð manna, en urðu frá að hverfa til Grindavíkur. Þaðan hröktu Þjóðverjar og Danir þá síðan úr víggirtum búðum sínum 1532 eftir mikið mannfall. Í kæruskjali enskra útgerðarmanna til Hinriks VIII Englandskonungs á hendur Þjóðverjum út af þessu segir m.a. að árlega sigli 100 skip eða fleiri til Íslands frá héruðunum Norfolk og Suffolk á Englandi og séu þær veiðar til mikilla hagsbóta fyrir konungsríkið og mikil tekjulind fyrir krúnuna (8. mynd). Nokkur bréf fóru síðan milli konunga Danmerkur og Englands um málið og voru allar skaðabætur látnar niður falla. Friður var svo saminn veturinn 1532–1533 og gefin út reglugerð um verslun og viðskipti, en ekki minnst á fiskveiðar.

Eftir að Englendingar voru hraktir frá Grindavík héldu þeir enn um sinn áfram útgerð sinni og verslun í Vestmannaeyjum. Urðu brátt miklar erjur með þeim og umboðsmönnum konungs í eyjunum. Á tveim síðustu tugum sextándu aldar var svo þrengt æ meira að Englendingum. Lagt var blátt bann við því að þeir mættu hafa þar heimili eða reka nokkra atvinnu, reist var virki með fallbyssum og engu skipi hleypt inn án sérstaks vegabréfs eða leyfis frá konungi. Ennfremur bar fógeta að láta hrinda öllum bátum Englendinga á sjó fram, þeim sem þeir skildu eftir að vetrarlagi og bátarnir síðan látnir reka til hafs.² Árið 1595 voru tvö vígbú-

¹ Björn Þorsteinsson 1950: 88.

² Sigfús M. Johnsen 1989 II: 182.



8. mynd. Líkan af enskri bússu frá ofanverðri 16. öld. Talið er að Englendingar hafi þá siglt til Íslands á svipuðum skipum. – Hervey Benham 1979.

in skip við eyjarnar með alls 11 byssuskyttum og 39 dátum og hafa greinilega verið miklir árekstrar á miðunum á milli heimamanna og útlendinga.¹

Með einokunarverslun 1602 var að fullu lokið umsvifum Englendinga í Vestmannaeyjum, en þeir höfðu þá fyrir löngu beint fiskiskipum sínum að þorskveiðum við Nýfundnaland. Í byrjun 17. aldar stunduðu 200–250 ensk skip veiðar á Stórabanka og er áætlað að 1618 hafi 5000 fiskimenn veitt þar 30 milljónir fiska (sennilega yfir 100 þúsund tonn).²

Á öndverðri 16. öld juku Hamborgarar mjög umsvif sín hér á landi, en þegar um miðja 15. öld varð óformlegt bandalag milli þeirra og íslenskra höfðingja gegn Englendingum. Fengu Hamborgarar Íslendinga til að róa fyrir sig og létu heita að skipin væru íslensk. Var svo komið 1543 að á Suðurnesjum áttu þeir 45 skip og líklega hlut í fleirum. Danski flotinn hafði hins vegar eflst mjög undanfarna áratugi og þurfti nú ekki lengur aðstoð Hamborgara til að halda uppi röð og reglu við Ísland. Kristján III hafði í hyggju að gera út kaupskip til Íslands, en fékk ekki nægar undirtektir hjá dönskum kaupmönnum, svo að Þjóðverjar réðu enn um sinn öllum verslunarmálum hér á landi.

Árið 1543 tilnefndi konungur Otta Stígsson höfuðsmann á Íslandi, en Otti hafði getið sér orð sem dugandi sjóvíkingur. Sama ár gerði Otti öll skip Þjóðverja á Suðurnesjum upptæk og dæmdi eign konungs, en fékk þó einnig drjúgan hlut sjálfur. Kvörtuðu Hamborgarar til Danakonungs, en það kom fyrir ekki.³ Urðu þessi skip síðan grundvöllur að útgerð konungs á Íslandi. Enn gekk þó á ýmsu í samskiptum við Þjóðverja, en þætti þeirra í Íslandsverslun var að mestu lokið með einokunarversluninni 1602.

Verkun fisks og útflutningur á einokunaröld


Mikilvægi þorsksins í þjóðarbúskap Íslendinga sést í skjaldarmerki Kristjáns III frá 1591 er sýnir hausaðan þorsk með kórónu. Síðan breytti Kristján IV því í flattan fisk með kórónu (9. mynd). Íslendingar nefndu skreiðina malflattan fisk eða reithertan, en í útflutningsskýrslum var jafnan notað danska orðið plattfiskur. Hnackaflattan fisk eða ráhertan nefndu Danir hengifisk.⁴

¹ Sigfús M. Johnsen 1989 II: 190.

² Cushing, David 1986.

³ DI IX: 413–417.

⁴ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 310.



9. mynd. Flattur þorskur með kórónu. Skjaldarmerki Íslands um aldir. – Pálmi Pálsson 1883.

Plattfiskurinn var langmikilvægastur bæði að magni og verðmæti. Á árunum 1743–1746 nam hann að magni til 77% af útflutningi verkaðs þorskfisks frá Íslandi, en önnur skreið 9%.¹ Að auki var hann 57–66% dýrari en venjulegur norskur ráskerðingur,² enda segir Skúli Magnússon, að þessi framleiðsla hafi í rösk 200 ár verið seld á hæsta mögulega verði á mörkuðum í Evrópu.³

Réttri verkun á plattfiski er lýst í ýmsum konunglegum tilskipunum. Fyrst var fiskurinn slægður og hausaður, þá kviðflettur og dálkurinn tekinn úr, þrem liðum aftan við gotrauf. Að vetrarlagi var hann fyrst kasaður, oft nokkrar vikur og voru fjögur til sex lög í kös. Ef á skiptist vætutíð og frost vildi fiskurinn verða maltur og er þess oft getið í annálum. Að þessu loknu var hann settur á steingarð og holdið látið snúa upp í þurru veðri en niður í vætu og um

nætur. Ef vel gekk var fiskurinn fullverkaður í lok júní.

Hnackaflattur fiskur var verkaður eins og plattfiskur, en þurrkaður á þann hátt að skorin var raut í hnakkann og fiskurinn þræddur upp á rá. Snæfellingar tóku upp þessa verkunaraðferð á 17. öld og var þetta oft kallað ráfiskur. Þessi fiskur hafði lélegt orð á sér erlendis og kváðust kaupmenn ekki geta selt hann nema með talsverðum afföllum. Varð sá endir á, að Snæfellingum var gert skylt að hlaða grjótgarda til þess að þurrka á fiskinn og bannað að leggja inn meira af hnackaflöttum fiski en til þriðjungs við annan fisk. Það sem fram yfir kynni að verða, átti seljandi að bæta kaupmanni með tveim fjórðungum (20 pundum) ofan á

¹ Gísli Gunnarsson 1987: 107.

² Gísli Gunnarsson 1985: 213–214.

³ Skúli Magnússon 1944 a: 66.

hverja vætt.¹ Þessi verkun hélt þó áfram undir Jökli og fór til neyslu innanlands.

Ráskerðingur var verkaður á líkan hátt, nema að fiskurinn var ristur í tvennt allt að sporði og síðan hengdur á rá til þurrkunar. Vermenn gátu ekki tekið fiskinn með sér heim að lokinni vertíð, þar sem hann var ekki orðinn fullharður. Tóku heimamenn í verstöðinni því að sér að gæta hans og fengu tíu fiska í greiðslu fyrir hlutinn.² Í viðskiptum var skreiðin að auki flokkuð eftir stærð og í vöruskrám er einnig nefnd hert ýsa og hert langa og voru 10 hertar ýsur lagðar til jafns við 4 herta vertíðarþorska og 2 löngur á móti einum vertíðarþorski.³ Flokkunin varð æ ítarlegri er leið á 18. öldina og var að lokum greint á milli 11 mismunandi tegunda af skreið og 7 af saltfiski.⁴

Heimildir eru um að Englendingar og Þjóðverjar hafi keypt blautan fisk af Íslendingum til söltunar á 16. öld⁵ og samkvæmt verslunarskýrslum voru flutt út 843 skippund af saltfiski árið 1624 (3. tafla), en það ár voru einnig flutt út 356 skippund af tunnusöltuðum fiski, en 128 kg eru talin hafa verið í hverri tunnu. Hér var um að ræða vandaða vöru, sem var í háu verði erlendis.⁶ Á 17. öld mun mest af saltfiski hafa verið flutt út í tunnum, eða sem blautur fiskur, svonefndur búlkafiskur, sem staflað var í lestir skipa.⁷ Á 18. öld voru tvær aðferðir við verkun á saltfiski og var sú fyrri kennd við Kaupmannahöfn og nefnd dönsk verkun. Fiskurinn var þá látinn liggja í þækilheldu kerri í þrjá sólarhringa og því næst þveginn og breiddur út á daginn, en hlaðinn í köst um nætur og settur undir farg. Ef vel viðraði var hann talinn þurr á 8 dögum, en átti síðan að liggja 16 daga að auki undir fargi. Seint á 19. öld var hætt við þessa verkun. Hin aðferðin var kennd við Nýfundnaland og kölluð Terrenewe-verkun og mun Ólafur Stefánsson stiftamtmaður fyrstur Íslendinga hafa látið verka fisk á þennan hátt árið 1766.⁸ Eftir að fiskurinn hafði verið hreinsaður, þótti gott að láta hann liggja nokkurn tíma í kös áður en stráð var á hann saltinu, svo að vætan gæti runnið úr. Fiskurinn var síðan saltaður ofan á fjalir eða grjóthellur í stakk eða hlaða, ekki breiðari en þorskurinn var

¹ Jón J. Aðils 1971: 483.

² Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 314.

³ Jón J. Aðils 1971: 484.

⁴ Sigfús Haukur Andrésson 1988: 216.

⁵ Jón J. Aðils 1971: 485.

⁶ Sama rit: 486.

⁷ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 323.

⁸ Ann. Bmf. (Annálar 1400–1800) 4: 434, Ketilstaðaannáll.

3. tafla. Útfluttur fiskur frá Íslandi og áætlað landað 1624–1871.

1 skip pund (skp) = 160 kg
1 tunna = 128 kg = 0,8 skp

Nýtingarstuðlar
miðað við
óslægðan fisk

Skreið 7,7
Saltfiskur 3,85
Tunnufiskur 3,0

Ár	Skreið		Saltfiskur		Tunnufiskur		Útflutt alls		Áætlað landað Tonn óslægt
	Skp	Skp	Skp	Skp	Tunnufj.	Skp	Tonn		
1624	5817	843	445	356	7016	1123	21217		
1625	11488	—	380	304	11792	1887	38610		
1630	2823	207	142	114	3144	503	9885		
1655	10151	—	280	224	10375	1660	34055		
1733	4493	586	593	474	5553	888	15185		
1734	5884	813	645	516	7213	1154	21589		
1735	4867	391	491	393	5651	904	17361		
1736	5298	341	420	336	5975	956	18641		
1737	4519	458	616	493	5470	875	16430		
1738	5942	383	575	460	6785	1086	21087		
1739	6686	250	276	221	7157	1144	22945		
1740	5530	376	651	521	6427	1028	19688		
1741	5322	293	404	323	7027	1124	18622		
1742	5593	861	716	573	7027	1124	20787		
1743	5380	392	658	526	6298	1008	19238		
1753	3007	238	481	385	3630	581	10897		
1759	2860	109	128	102	3071	491	9828		
1760	5238	374	539	431	6043	967	18611		
1761	2874	293	420	336	3503	560	10490		
1762	3318	229	237	190	3737	598	13109		
1763	5048	298	297	238	5584	893	17607		
1764	5626	200	513	410	6236	998	19578		
1765	6762	344	394	315	7421	1187	23471		
1766	8695	906	728	582	10183	1629	31180		
1767	7136	510	587	470	8116	1299	25202		
1768	4798	1270	569	455	6523	1044	18671		
1769	6461	1403	1072	858	8722	1396	24935		
1770	5381	1473	690	550	7404	1185	21068		
1771	6060	2441	514	411	8892	1423	24764		
1772	7204	2311	1111	889	10404	1665	28968		
1773	7536	2594	1178	942	11072	1772	30610		
1774	7409	2465	844	675	10549	1695	29608		
1775	5673	1966	1016	813	8452	1352	23207		
1776	5185	2652	1117	894	8731	1397	22820		
1777	5251	2571	706	565	8387	1342	22464		
1778	5257	4065	630	504	9826	1572	24897		

3. tafla. (framhald)

Ár	Skreið	Saltfiskur	Tunnufiskur		Útflutt alls		Áætlað landað Tonn óslægt
	Skp	Skp	Tunnufj.	Skp	Skp	Tonn	
1779	5214	3686	693	554	9454	1513	24195
1780	1787	2703	606	485	4975	796	11067
1781	4256	3495	600	480	8331	1333	20593
1782	3604	4204	237	190	7998	1280	19235
1783	4573	3590	676	541	8704	1393	21889
1784	3781	3598	201	161	7540	1206	18779
1788	5331	—	361	289	5620	899	18106
1789	7223	—	461	369	7592	1215	24511
1790	4305	—	767	614	4919	787	15117
1791	3536	—	395	316	3852	616	12180
1792	5191	—	492	394	5585	894	17788
1793	4362	—	608	486	4848	776	15144
1794	3146	—	489	391	3635	582	10967
1795	5972	—	468	374	6346	1015	20361
1796	6534	—	472	378	6912	1106	22280
1806	2334	2011	150	120	4465	714	11256
1816	2485	1304	190	152	3941	631	10643
1819	2925	3361	52	42	6328	1012	15379
1849	3244	16400	—	—	19644	3143	38065
1855	3090	20989	—	—	24079	3853	45176
1862	2076	18812	—	—	20888	3342	38192
1865	39	8287	—	—	8326	1332	13908
1866	227	10952	—	—	11179	1789	18959
1867	965	22803	—	—	23768	3803	41124
1868	757	11750	—	—	12507	2001	22059
1869	1258	14897	—	—	16155	2585	28960
1871	778	26009	—	—	26787	4286	45833

langur og gengið þannig frá, að þekillinn rynni í burtu. Eftir 2–3 sólarhringa var hann síðan hreinsaður og breiddur á hellur eða möl og fergður mátulega og var talinn þurr eftir 14 daga góðan þurrk. Þessi fiskur var léttari í vikt en sá sem verkaður var upp á danskan máta.¹

Hnakkakúlan var höggvin af skreiðinni þegar hún var hálfhörðnuð og eins var saltfiskurinn kýldur áður en hann fór í seinustu breiðslu. Voru hnakkakúlurnar fluttar úr landi í turnum og fékkst fyrir þær gott verð.

¹ Skúli Magnússon 1944 a: 66.

Eins voru þær etnar innanlands og þurfti 10 í eina máltíð.¹ Þessu var hætt ofarlega á síðustu öld.

Í 3. töflu er tekið saman það sem vitað er um fiskútflutning Íslendinga á árunum 1624 til 1871. Hér er þó ekki tekinn með afli konungsskipanna 1777–1786, en hann nam 13% af fiskútflutningi frá Íslandi árið 1784.² Útflutningstölur nokkurra ára hafa verið færðar til samræmis við endurskoðaðar tölur frá Hagstofu Íslands varðandi útflutning sjávarafurða 1624–1819.³

Í 3. töflu hefur fiskur eftir einstökum verkunaraðferðum verið umreiknaður sem afli upp úr sjó (óslægður fiskur). Það er mjög athyglisvert að Skúli Magnússon⁴ segir að 80 pund af óslægðum þorski gefi 10 pund af skreið, en í dag er reiknað með hlutfallinu 1:7,7. Munurinn liggur í því að nú er dálkurinn ekki tekinn úr skreiðinni. Samkvæmt heimildum Skúla var verðmæti þeirra fiskafurða, sem Íslendingar seldu kaupmönnum á árunum 1764–1773 að meðaltali 36,8% af heildarframleiðslunni. Þannig var fiskneysla Íslendinga rúm 63% af heildaraflanum.⁵ Þetta hlutfall var notað til þess að áætla heildarþorskveiði Íslendinga miðað við fisk uppúr sjó (3. tafla).

Vitað er um útflutning á fjórum árum 17. aldar og sveiflaðist hann frá 503 tonnum upp í 1887 tonn og varð ekki meiri alla 18. öldina. Á þeirri öld náði útflutningurinn hámarki á árunum 1771 til 1774 þegar flutt voru út að meðaltali 1639 tonn; af því voru 69% skreið, 24% saltfiskur og 7% tunnufiskur. Fram til ársins 1767 var skreiðin langmikilvægust í útflutningi landsmanna eða 87% að meðaltali. Útflutningur saltfisks og tunnufisks var nokkuð jafn eða 6,8% og 6,5%. Útflutningur saltfisks jókst mjög eftir 1767 og var orðinn jafn eða meiri en skreiðin á níunda tug aldarinnar. Tölur eru fátæklegar frá 19. öld, en árið 1849 nam fiskútflutningur landsmanna 3143 tonnum, þar af var hlutur saltfisks 83%, en útflutningur fisks í tunnum hafði þá lagst af. Árið 1871 voru flutt út 4286 tonn og af því 97% saltfiskur.

Fram undir 1870 var langmestur hluti fiskafláns fluttur út frá höfnum sunnanlands og vestan. Á tímum einokunar var allur útflutningur í höndum danskra kaupmanna, sem versluðu í sérstökum kauphöfnum, einn í hverri höfn. Á aðalveiðisvæðinu frá Vestmannaeyjum að Snæfells-

¹ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 439.

² Gísli Gunnarsson 1987: 111.

³ Hagstofa Íslands. Sögulegar hagtölur.

⁴ Skúli Magnússon 1944 a: 66.

⁵ Skúli Magnússon 1944 b: 120–126, Gísli Gunnarsson 1987: 43.

4. tafla. Útflutningur sjávarafurða frá Íslandi á árunum 1764–1773 og 1774–1783. Heimild: C. Pontoppidan 1787

	Skreið, saltf. skip		Tunnur, saltaður		Þorsklýsi, tunnur		Þorskbrogn, tunnur	
	1764–73	1774–83	1764–73	1774–83	1764–73	1774–83	1764–73	1774–83
Vestmannaeyjar	6369	827	150	215	884	23	228	113
Eyrarbakki	7505	6730	113	345	339	259	–	–
Grindavík	5119	3487	10	26	242	171	–	–
Básendar	6040	4802	29	8	245	240	–	19
Keflavík	8739	12736	58	191	412	1824	17	6
Hafnarfjörður	5350	9657	174	174	435	979	–	17
Reykjavík	7079	7688	129	299	217	529	–	1
Búðir	3621	2844	6	11	88	133	–	–
Arnarstapi	4399	3984	24	41	67	257	–	–
Ólafsvík	4722	4920	332	96	265	594	–	–
Grundarfjörður	3504	3894	702	201	17	219	–	–
Stykkishólmur								
og Flatey	4584	4891	244	99	125	228	–	–
Patreksfjörður	3382	4203	1277	952	21	190	–	–
Bildudalur	2031	2792	676	537	–	–	–	–
Dýrafjörður	3376	5266	11195	1570	340	793	–	–
Ísafjörður	4280	7480	1304	1744	326	1058	–	–
Reykjafjörður								
og Skagaströnd	38	79	109	658	354	632	–	–
Höfsós	27	273	333	450	479	1242	–	–
Eyjafjörður	–	–	49	54	156	188	–	–
Húsavík	–	–	7	39	1908	1107	–	–
Vopnafjörður	–	–	5	–	594	696	–	–
Reyðarfjörður	32	3	19	155	212	–	–	–
Berufjörður	20	4	5	–	165	291	–	–

nesi voru 12 kauphafnir. Sú stærsta var á Eyrarbakka, en á því kaupsvæði bjó fimmtungur þjóðarinnar og þangað sigldu tvö kaupför, en á flestar hafnir aðeins eitt. Kaupskip verslunarfélaga sigldu þó oft á tvær hafnir og fór stærð skipanna eftir stærð kauphafnarumdæmanna.¹

Í 4. töflu er sýndur útflutningur skreiðar og saltfisks frá einstökum kauphöfnum á árunum 1764 til 1773 og 1774–1783.² Frá Hólminum (Reykjavík) voru flutt út tæp 14,8 þús. skippund (skip) og álíka mikið frá Hafnarfirði. Frá Suðurnesjum voru flutt út 40,9 þús. skip og af því var rúmlega helmingur frá Keflavík. Heildarútflutningurinn frá kauphöfnum

¹ Gísli Gunnarsson 1987: 83–86.

² Pontoppidan, Carl 1787: 318–319.

á utanverðu og innanverðu Snæfellsnesi nam 41,4 þús. skp og skiptist nokkuð jafnt á einstakar hafnir. Frá Vestmannaeyjum og Eyrarbakka komu 21,5 þús. skp og þar af tveir þriðju frá Eyrarbakka. Loks voru flutt út 32,8 þús. skp frá kauphöfnunum fjórum á Vestfjörðum og þar af var rúmur þriðjungur frá Ísafirði.¹

Eins og fram kemur í 4. töflu var tunnufiskur aðeins óverulegur hluti útflutningsins, en þó áberandi mestur frá höfnunum á Vestfjörðum, þar sem hann var tæpur fimmti hluti fiskútflutnings á þessum árum.

Á árunum 1764–1783 voru 55% skreiðar og saltfisks flutt út árlega frá höfnum í Suður-umdæminu, en um eitt hundrað árum síðar (1865–1869) hafði útflutningur þaðan tvöfaldast og tveir þriðju hlutar útflutningsins komu nú frá höfnum á þessu svæði og útflutningur frá Norður- og Austurlandi var ennþá nær enginn.

Á fyrra tímabilinu var mest af lýsi flutt út frá Keflavík, Ísafirði, Hofsósi og Húsavík, en á því seinna frá Reykjavík, Ísafirði og Akureyri.

Það er full ástæða til að ætla að útflutningur frá hinum einstöku kauphöfnum gefi til kynna aflann á sömu svæðum, en hitt ber að athuga, að sum árin komst ekki öll ársframleiðslan utan vegna ónógrar flutningsgetu kaupskipanna, og varð hluti hennar því að bíða næsta árs.

Kaupsetningar og fiskverð á 17. og 18. öld

Á Þjóðveldisöld réðu íslenskir höfðingjar verslun og verðlagi.² Eftir 1262 öðlaðist Noregskonungur þennan rétt varðandi utanríkisverslun landsmanna, en fól í hendur sýslumanna sinna.³ Konungar réðu allt fram til 1854 hvaða útlendir kaupmenn versluðu hér á landi.⁴

Á vorin voru kaupstefnur settar með formlegum hætti líkt og tíðkaðist við þingsetningar og um leið var í heyranda hljóði birt verð á erlendum og íslenskum varningi.⁵ Var slíkt vöruverð sem um var samið nefnt kaupsetning.

Athuganir á hlutfallsverði fisks og mjöls í Evrópu 1400–1800 benda til þess að verð á fiski hafi verið hátt fram undir miðja 16. öld. Samtímis jókst eftirspurn eftir fiski frá Íslandi. Uppúr miðri 16. öld juku Frakkar og

¹ Í skipundi eru 160 kg.

² Jón Jóhannesson 1956: 380.

³ Björn Þorsteinsson 1964: 43.

⁴ Gísli Gunnarsson 1987: 74.

⁵ Jón J. Aðils 1971: 357.

Englendingar hins vegar mjög þorskveiðar sínar við Nýfundnaland og Nýja England og að auki leiddu siðaskiptin til minnkaðrar fiskneyslu á föstunni í mörgum löndum í Norður Evrópu.¹

Verð á korni hækkaði verulega á seinni hluta 16. aldar og mun meira en fiskverðið. Þegar einokunarverslun hófst 1602 var skýrt tekið fram í leyfisbréfum kaupmanna að þeir mættu ekki ákveða verð á vörum sínum að eigin geðþótta.² Þessu sinntu kaupmenn ekki og varð því fljótt mikill ágreiningur milli þeirra og landsmanna, sem endaði með því að Ari sýslumaður Magnússon í Ögri nefndi tylftardóm um málið að Hóli í Bolungarvík vorið 1615. Grjónatunna var virt á 2 vættir eða 80 fiska, tunna af grásalti (steinsalti) á 10 fjórðunga eða 50 fiska og 12 merkur ásmundarjárn (u.þ.b. 3 kg af smíðajárni) á 5 fiska. Af vörum til útgerðar má nefna að fimmtugt haldfæri var metið á 15 fiska, tvö fimmtug lóðarfæri með taumum og önglum kostuðu 20 fiska og 25 faðmar af hákarlsfæri eina vætt eða 40 fiska. Verð á útfluttum vörum skyldi vera eftirfarandi: Tveir fjórðungar smjörs eða 10 kg kostuðu 40 fiska. Tunna af lýsi var lögð á 200 fiska og 35 blautir fiskar uppá vætt skulu að gildingu verða 30 fiskar upp á vætt.³

Þessi kaupsetning Ara sýslumanns er einnig merkileg að því leyti, að hún er talin veita upplýsingar um verðlag á seinni hluta 16. aldar, því Jón Aðils álitur hann hafa tekið kaupsetningu föður síns, Magnúsar sýslumanns prúða, til fyrirmyndar, en lagfært í samræmi við verðlagsbreytingar. Samanburður á kaupsetningu þeirra feðga sýnir greinilega versnandi verslunarkjör þegar í byrjun einokunar.

Næstu ár gengu svo á víxl klögumál landsmanna og kaupmanna er enduðu með konunglegum verðtaxta 1619. Þar er í fyrsta skipti gerður munur á fiskreikningi og þrjónles- eða sauðareikningi. Landbúnaðarafurðir voru nú felldar mikið í verði sé borið saman við tillögur Ara í Ögri; t.d. var nú smjörfjórðungur lagður á 15 fiska á móti 20 hjá Ara; aftur á móti er mjöltunna hækkuð um allt að 50%, álnavara um 20–30% og borðviður um 60–100%.⁴

Þar sem Íslendingar stunduðu einungis vöruskiptaverslun var því um mikla lækkun á fiskverði að ræða. Þó voru kaupmenn síður en svo ánægðir með sinn hlut, og til þess að bæta hag sinn, seldu þeir allar út-

¹ Gísli Gunnarsson 1987: 55–56.

² Lovsamling for Island I: 140.

³ Jón J. Aðils 1971: 357–370.

⁴ Sama rit: 382–383.

lendar vörur 10–20% dýrari í þrjónlesreikningi en í fiskreikningi í mikilli óþökk landsmanna, sérstaklega bænda.¹ Kaupmenn sóttust mest eftir fiskinum. Sem dæmi um ágóðann af fiskversluninni nefnir Skúli Magnússon að í byrjun 18. aldar hafi kaupmenn gefið 3 ríkisdali og 32 skildinga fyrir skipfund af harðfiski á Íslandi, en selt það erlendis fyrir 15–17 ríkisdali.²

Verðtaxtinn frá 1619 var í gildi til ársins 1684 og var sá nýi á margan hátt óhagstæðari landsmönnum en hinn fyrri,³ og þó bærilegri en kaupmenn höfðu stungið upp á í fyrstu. Mjöltunna var hér hækkuð um 5 fiska, en jafnframt var hún 8 pundum léttari. Sextug haldfæri hækkuðu úr 20 og 22 fiskum í 22 og 24 fiska og lóðarstrengir úr 10 og 12 fiskum í 12 og 13 fiska. Grásaltstunna hækkaði úr 50 og 55 fiskum í 100 og 110 fiska eða um 100%. Lýsistunna hafði áður gengið á 180 fiska í sláturhöfnunum og 190 í fiskihöfnunum en var nú lögð á 180 fiska um allt land.⁴

Íslendingar reyndu jafnan að halda sem lægstu verði á innfluttum nauðsynjavörum svo sem rúgmjöli, timbri, járn og fiskilínnum og var rúgtunna allajafna metin á tvær vættir af skreið (80 kg) eða tvo gamla sauði.

Aftur var svo verðtaxtanum breytt 1702 og var hann á ýmsa vegu hagstæðari landsmönnum en sá frá 1684 og margt fært til líks verðlags og 1619. Þessi verðtaxti hélst svo óbreyttur fram til ársins 1776, tveim árum eftir að konungur tók við versluninni á ný. Hér var um að ræða mikla framför í verslunarmálum landsmanna, þar sem jafnaður var mismunurinn á fiski- og þrjónlesreikningi og lögleidd hin svonefnda kúrantmynt í öllum viðskiptum manna á milli.⁵ Ákveðið var fast hlutfall á milli silfurs (þ.e. spesíuríkisdala) og kúrantríkisdala og skyldi það vera 1125 kúrantdalir á móti 1000 spesíum eða 108 kúrantkildingar á hverja 98 skildinga spesíu. Þannig var verðmæti kúrantans 88.88% af verðmæti spesíunnar.⁶

Í 5. töflu sem fengin er að láni frá Sigfúsi Hauki Andréssyni⁷ er sýnt verð á nokkrum mikilvægum innfluttum vörum og helstu útflutningsvör-

¹ Jón J. Aðils 1971: 383.

² Skúli Magnússon 1944 b: 152–154.

³ Jón J. Aðils 1971: 389.

⁴ Sama rit: 390.

⁵ Sama rit: 396.

⁶ Gísli Gunnarsson 1987: 70.

⁷ Sigfús Haukur Andrésson 1988: 135.

5. tafla. Yfirlit um verð á nokkrum tegundum innfluttra vara ásamt skreið og lýsi samkvæmt einokunartóxtunum 1702, 1776 og 1787 og gagnverð árin 1795 og 1806 miðað við kúrantmynt. Reiknað er með meðalverði milli fiski- og þrjónlesreiknings samkvæmt taxtanum frá 1702 og algengu verðlagi árin 1795 og 1806. Heimild Sigfús Haukur Andrésson 1988.

		1702	1776	1787	1795	1806
Rúgmjöl	tn	1 rd. 92 sk.	3 rd. 60 sk.	6 rd.	5–6 rd.	9–10 rd.
Salt (spænskt)	tn	2 rd. 38 sk.	2 rd. 63 sk.	3 rd. 8 sk.	4 rd. 56 sk.	4–5 rd.
Tjara	tn	3 rd. 32½ sk.	4 rd. 9 sk.	4 rd. 56 sk.	6 rd. 34 sk.	10–15 rd.
Járn	lpd.	39½ sk.	73 sk.	78 sk.	1 rd. 32 sk.	1 rd. 32 sk. 2 rd.
Timbur (þ.e. stórar spírur)	stk.	8¼ sk.	15 sk.	22 sk.	35 sk.	20–24 sk.
Færi (60 faðma)	stk.	47¼ sk.	60 sk.	67½ sk.	1 rd.	1 rd. 48 sk. 1 rd. 80 sk.
Skreið	skp	3 rd. 72 sk.	7 rd. 18 sk.	10 rd. 8 sk.	8–10 rd.	18–22 rd.
Porskalýsi	pt	3 sk.	6½ sk.	6½ sk.	8 sk.	10–16 sk.

Skýringar: tn tunna, lpd líspund, skp skipfund, pt pottur, rd ríkisdalur, sk skildingur.

um Íslendinga samkvæmt einokunartóxtunum 1702, 1776 og 1787 og gangverði árinna 1795 og 1806 miðað við kúrantmynt.

Sé borinn saman verðtaxtinn frá 1702 og 1776 kemur í ljós, að mjölverð hækkaði um 85% en jafnframt hækkaði skreiðarverð um tæp 92% og hafði því vel í við mjölkunina og eins hækkaði þorskalýsið um 104%. Mikilvægir þættir í útgerð hækkuðu þó minna: salt um 11%, tjara um 23% og færi um 26%. Aftur á móti hækkaði timbur um 81% og járn um 85% eða nokkru minna en skreiðin.

Jón Eiríksson telur verðtaxtann frá 1776 mun hagkvæmari þeim eldri. Nú skyldu kaupmenn einnig hafa vetursetu á Íslandi frá nýári 1777. Verð á erlendum og innlendum vörum var nú miðað við meðalverð undanfarinna 10 ára. Allar vörur voru nafngreindar svo skýrt sem auðið var og fastar reglur settar um mál og vog. Salfiskur var nú talinn með í kaupsetningunni, en áður höfðu kaupmenn verið tregir til þess að taka við honum. Allur blautfiskur skyldi greiddur eftir vigt, en ekki samkvæmt gildingu eða eftir útliti.¹

Á dögum konungsverslunarinnar var kaupmönnum skylt að hafa innsigluð sýnishorn af mismunandi stærðum salfisks og skreiðar, til þess að koma í veg fyrir ágreining um í hvaða verðflokk fiskurinn skyldi fara.²

¹ Jón Eiríksson, forspjall í Ferðabók Olavíusar: Ólafur Olavíus 1964 I: 60.

² Sigfús Haukur Andrésson 1988: 216.

6. tafla. Samanburður á taxtaverði og markaðsverði (ríkisdalir) íslenskra sjávarafurða á tímabilinu 1733–1784. Heimild: Sögulegar hagtölur. Hagstofa Íslands.

Ár	Skreið skp		Saltfiskur skp		Hákarlslýsi tunnur	
	Taxtaverð	Markaðsverð	Taxtaverð	Markaðsverð	Taxtaverð	Markaðsverð
1733	17325	53920	2196	7027	2280	7567
1742	21493	67118	3227	10328	528	1754
1760	1942	73328	1401	5229	1184	4208
1770	20179	69845	5524	19415	4116	13633
1780	10724	44235	16220	77328	3577	8733
1784	22683	71265	21586	62678	1460	4410

Á 17. öld var lítið á peninga sem hverja aðra vörutegund, en ekki sem gjaldmiðil og var sett á þá ákveðið verð í kaupsetningu. Var talað um að kaupa spesiur.¹ Oft var mikill skortur á peningum, enda höfðu kaupmenn mestan áhuga á vöruskiptum. Skúli Magnússon segir að um miðja 18. öld hafi í hæsta lagi verið 20 þúsund ríkisdalir í umferð meðal landsmanna sjálfra.²

Kaupsetningin 1776 og búseta kaupmanna allt árið ýtti mjög undir peningaumferð í landinu og tveim árum síðar voru gefin út lög um íslenska bankaseðla, sem giltu 1 og 5 ríkisdali.³

Eins og fram kemur í 5. töflu varð mikil verðhækkun á áttunda áratugnum á mjöli, skreið og vörum til útgerðar. Hækkun á skreið og saltfiski má fyrst og fremst rekja til bandaríska frelsisstríðsins á árunum 1776–1782 sem tók fyrir veiðar á Nýfundnalandsmiðum. Það hafði m.a. í för með sér að Íslendingar fóru að verka saltfisk á Nýfundnalandsvísu. Á þessum árum fékkst líka góður markaður fyrir skreið og saltfisk í Miðjarðarhafslöndum og einnig hákarls- og þorskalýsi.

Skreiðin lækkaði svo í verði að loknu frelsisstríðinu, en á seinasta tug aldarinnar urðu miklar sveiflur í fiskverði; árin 1792 og 1793 komst skreiðarverð á Íslandi t.d. upp í 25 ríkisdali skippundið, en féll svo niður í 8–10 ríkisdali 1794.⁴ Í 6. töflu er sýnt taxtaverð og markaðsverð á íslenskum sjávarafurðum á tímabilinu 1733–1784.⁵


¹ Jón J. Aðils 1971: 413.

² Skúli Magnússon 1944 b: 57.

³ Jón J. Aðils 1971: 417.

⁴ Sigfús Haukur Andrésson 1988: 220.

⁵ Sögulegar hagtölur, Hagstofa Íslands.



10. mynd. Aðsetur annálaritara og ár sem notuð voru úr viðkomandi annál.

Heimildir annála um aflabrögð

Þótt annálar séu yfirleitt fáorðir um aflabrögð, miðað við lýsingar á öðrum þáttum í þjóðlífinu, veita þeir samt mikilsverðar upplýsingar um aflasveiflur, sé grannt skoðað. Á 10. mynd er sýnd búseta þeirra annálsritara sem hér koma við sögu og jafnframt þau ár sem notuð eru úr annálinum. Því fer þó fjarri, að allar séu þessar frásagnir jafnöruggar, en meginskilyrði fyrir áreiðanleika frásagnarinnar er yfirleitt nálægð skrásetjara eða heimildarmanna hans í tíma og rúmi við þá atburði sem hann er að lýsa.

Annálsritarar voru bændur, lögréttumenn, lögmenn, sýslumenn, prestar og jafnvel einn biskup. Þeir voru vel að sér um atvinnuhætti landsmanna og fylgdust grannt með árferði. Það er því full ástæða til að ætla að frásagnir þeirra séu réttar í stórum dráttum og þá sérstaklega ef um er að ræða samtímaheimildir. Eins og síðar mun getið, eru margar frásagnir annála í góðu samræmi við þá þekkingu, sem við höfum nú á ýmsum þáttum þorskveiða.

Aflabrögð á vetrarvertíð voru að jafnaði metin eftir afla í hlut útróðrarmanns, allt frá mjög lélegum hlutum upp í mjög góða hluti, sem oft voru

nefndir lestarhlutir, en þar er um að ræða 1200 fiska eða meira. Fjöldi fiska í hlut er þó sjaldan nefndur og þá oftast bestu hlutir, eins og þegar talað er um aflakónga nú á dögum. Þá er þess einnig að geta, að með minnkandi afla breyttist einnig viðmiðun manna. Á 17. öld voru 500 fiskar meðalhlutur, en hundrað árum seinna þóttu 300 fiskar allgóður hlutur. Sams konar breytingar á mati manna á aflabrogðum þekktist líka á okkar dögum og má því segja að fátt sé nýtt undir sólinni.

Þegar aflanum hafði verið landað, kom venjulega í hlut formanns að skipta honum. Var það oftast gert með þeim hætti að fyrst voru valdir út stærstu fiskarnir, tveir í hvert kast og svo haldið áfram að velja út jafnstóra fiska þar til lokið var skiptingunni. Að því loknu voru tveir menn um hvert kast. Þegar þeir höfðu jafnað því í tvo parta, snéri annar við baki, og gat sá valið um skaft eða blað á hnífi, lófa eða laska á vettlingi, hæl eða tá á fæti o.s.frv. Næsta dag var þessu svo snúið við. Að auki voru teknir af óskiptu ýmsir dauðir hlutir, svo sem bátshlutur, beituhlutur o.fl.¹

Aflahlutir í frásögnum annála á vetrarvertíð eru hér metnir samkvæmt mælikvarða frá 1 til 6, þar sem 1 merkir engan hlut eða fáa fiska í hlut en 6 er látið tákna mjög góðan hlut, 1200 fiska eða meira. Ekki er þetta þó nákvæm skilgreining, því að mat manna á meðalafla breyttist með tímanum eins og að framan getur. Oft voru meðalhlutir misjafnir í verstöðvum, sem bæði gæftir og breytilegar fiskgöngur gátu ráðið. Er þá reynt að taka tillit til áætlaðs vægis hinna ýmsu verstöðva í heildaraflanum. Í 7. töflu eru gefnir upp árlegir aflahlutir á vetrarvertíð á árunum 1604–1882, en á 11. mynd eru sömu tölur sýndar í súluriti og einnig sem jafnað línurit.

Um samhengi hafiss og hitastigs

Til eru samfelldar lofthitamælingar í Stykkishólmi frá 1845 er Árni Thorlacius hóf þar kerfisbundnar mælingar. Árið 1872 var einnig farið að mæla lofthita reglulega á Teigarhorni við Berufjörð og hefur sama ættin annast þær alla tíð. Áður en lengra er haldið, verður nú sagt frá rannsóknnum Páls Bergþórssonar veðurfræðings á sveiflum í lofthita á Íslandi á liðnum öldum.² Páll reiknaði út fjölda ísmánaða á hverjum áratug samkvæmt línuriti Þorvalds Thoroddsens í bók hans Árferði á Íslandi í þús-

¹ Lúðvík Kristjánsson 1985 IV: 183–188.

² Páll Bergþórsson 1969: 333–345

7. tafla. Áætlaðir meðalhlutir á vetrarvertíð 1604–1882.
Skýring: 1 mjög litill hlutur, 2 litill hlutur, 3 meðalhlutur, 4 töluverðir hlutir,
5 mikill hlutur, 6 mjög mikill hlutur.

1601	–	1642	5	1683	5	1724	4	1765	5	1806	2
1602	–	1643	5	1684	6	1725	3	1766	3	1807	2
1603	–	1644	5	1685	3	1726	4	1767	6	1808	4
1604	5	1645	5	1686	5	1727	5	1768	6	1809	2
1605	5	1646	6	1687	2	1728	6	1769	6	1810	5
1606	–	1647	6	1688	3	1729	5	1770	5	1811	5
1607	–	1648	5	1689	2	1730	4	1771	5	1812	3
1608	–	1649	5	1690	2	1731	1	1772	5	1813	2
1609	1	1650	5	1691	3	1732	2	1773	4	1814	2
1610	–	1651	5	1692	2	1733	3	1774	4	1815	2
1611	–	1652	5	1693	2	1734	4	1775	2	1816	4
1612	–	1653	5	1694	3	1735	2	1776	5	1817	5
1613	5	1654	6	1695	5	1736	4	1777	3	1818	5
1614	–	1655	6	1696	2	1737	2	1778	2	1819	4
1615	–	1656	6	1697	1	1738	5	1779	2	1820	5
1616	6	1657	5	1698	4	1739	5	1780	4	1821	5
1617	5	1658	5	1699	2	1740	5	1781	4	1822	6
1618	–	1659	2	1700	2	1741	5	1782	4	1823	6
1619	5	1660	5	1701	1	1742	6	1783	5	1824	5
1620	–	1661	2	1702	1	1743	3	1784	5	1825	5
1621	4	1662	6	1703	3	1744	2	1785	3	1826	5
1622	–	1663	2	1704	4	1745	2	1786	4	1827	3
1623	2	1664	2	1705	5	1746	3	1787	4	1828	5
1624	–	1665	5	1706	6	1747	2	1788	5	1829	6
1625	–	1666	3	1707	5	1748	5	1789	2	1830	5
1626	–	1667	5	1708	4	1749	5	1790	3	1831	4
1627	–	1668	3	1709	5	1750	4	1791	2	1832	3
1628	–	1669	5	1710	5	1751	3	1792	5	1833	3
1629	2	1670	4	1711	5	1752	2	1793	4	1834	4
1630	2	1671	5	1712	5	1753	3	1794	5	1835	2
1631	–	1672	5	1713	5	1754	2	1795	3	1836	4
1632	6	1673	5	1714	2	1755	2	1796	5	1837	5
1633	5	1674	6	1715	2	1756	2	1797	5	1838	2
1634	5	1675	3	1716	2	1757	3	1798	2	1839	5
1635	5	1676	2	1717	4	1758	2	1799	5	1840	5
1636	5	1677	3	1718	2	1759	4	1800	3	1841	2
1637	–	1678	–	1719	2	1760	5	1801	5	1842	2
1638	5	1679	5	1720	2	1761	2	1802	5	1843	2
1639	3	1680	5	1721	4	1762	4	1803	2	1844	4
1640	5	1681	5	1722	3	1763	5	1804	4	1845	3
1641	6	1682	5	1723	2	1764	4	1805	2	1846	4

7. tafla. (framhald)

1847	5	1853	4	1859	5	1865	2	1871	5	1877	4
1848	5	1854	5	1860	4	1866	2	1872	2	1878	5
1849	5	1855	5	1861	2	1867	4	1873	4	1879	5
1850	5	1856	3	1862	4	1868	2	1874	4	1880	5
1851	5	1857	2	1863	5	1869	2	1875	5	1881	2
1852	3	1858	4	1864	5	1870	5	1876	5	1882	5

und ár¹ og bar saman ístíma á hverjum áratug og hita á tímabilinu 1846–1919. Reiknaðist fylgni milli þessara þátta 0,68 og marktækt upp á 0,1%, er benti til sterks línulegs samhengis. Samkvæmt því áætlaði Páll meðal árshita 3,7 °C þegar enginn ís var, en dró síðan frá 0,3 °C fyrir hvern ísmánuð. Þetta samhengi notaði hann síðan til þess að bakreikna hitastig í landinu aftur til 1600, miðað við fjölda hafsmánaða á hverju ári á því tímabili.

Páll lét höfundu síðar í té frekari heimildir, þar sem hann tilgreinir ísmánuði á áratug, mældan meðalhita áratuga í Stykkishólmi og áætlaðan meðalhita á hverjum áratug á tímabilinu 1601–1990, samkvæmt samhengi íss og hita á áratugunum 1851–1990.²

Þetta samhengi er eftirfarandi:

$$t = \log((120 - n)/n)/0,88 + 2,19$$

Hér táknar t meðalhita yfir áratug í °C og n fjölda ísmánaða á einum áratug.

Fylgni áætlunar og mælinga var 0,85 og staðalskekkja $\pm 0,3$ °C árin 1831–1990, en búast má við meiri skekkju á fyrri hluta tímabilsins, vegna lakari heimilda. Þessar hitasveiflur eru sýndar á 11. mynd og verða ræddar nánar hér á eftir í sambandi við áætlaðar sveiflur í aflabrögðum.

Frá Lurki að Hlutavetrinum mikla 1684

Sautjándi öldin hófst með miklum harðindum og var fyrsti veturinn nefndur Lurkur, en annar Þíningsvetur og það ár komust t.d. engir lög-réttumenn til Alþingis að norðan og vestan vegna harðinda. Telur Páll Bergþórsson 33 ísmánuði á fyrsta tug aldarinnar en þeim fækkaði mjög á næstu áratugum.³ Hlutir jukust á öðrum aldarfjórðungi, jafnhliða hlýn-

¹ Þorvaldur Thoroddsen 1916–1917

² Páll Bergþórsson, bréf til höfundar dags. 17. nóv. 1992

³ Sama heimild.

andi veðurvari er náði hámarki um miðja öldina og varð útflutningur fiskfangs tæp 1900 tonn árið 1625 og 1660 tonn árið 1655 og varð ekki meiri næstu tvær aldirnar. Heildaraflí Íslendinga árið 1625 af óslægðum fiski er áætlaður tæp 39 þúsund tonn. Sú hlýnun, sem varð á fyrri hluta 17. aldar, kemur einnig greinilega fram í mælingum úr ískjörnum frá Grænlandi.¹ Fiskgengd fór að aukast og gæftir að batna uppúr 1630, en margir annáls-ritarar hafa á orði að fiskur hafi verið mjög magur.

Samkvæmt Grindavíkurannál séra Gísla Bjarnasonar á Stað í Grindavík var fiskur á Suðurnesjum mjög magur og lýsislaus veturinn 1634 svo enginn mundi slíkt. Fimm hundraða fiska hlutur (600 fiskar) gaf aðeins 12 merkur lýsis (3 kg).² Á vetrarvertíð 1935–1944 var lifrarmagn 5–7% að meðaltali miðað við fisk uppúr sjó, en lýsismagnið í lifrinni er á bilinu 60–70%.³ Mætti þá gróflega áætla að lýsið hafi numið um 4% af þunga fisksins uppúr sjó. Ástand fisksins á vertíðinni 1634 hefur hins vegar verið með þeim hætti, að lýsismagnið var aðeins lítið brot af því sem menn áttu að venjast, og leiðir þetta hugann að því, hvort hér hafi Grænlandsporskur verið á ferðinni, en hann er yfirleitt talinn lifrarlittill.⁴

Upp úr miðri 17. öld fór hitastig aftur lækkandi og voru aflabrögð í samræmi við það. Vallaannáll⁵ segir þó frá smáfiski norðanlands á árunum 1675–1683 og er greinilegt að þarna hefur verið að alast upp töluvert af fiski, sem fór að skila sér í auknum afla í byrjun níunda áratugar; 1682 var t.d. það góður afli á Vestfjörðum að kaupför fengu alls staðar frakt og urðu að skilja eftir mikinn fisk.⁶ Vertíðin 1684 var með eindæmum góð og nefnd Hlutaveturinn mikli. Á Breiðafirði var þetta ár einn besti afli í manna minnum og næstum lestarhlutur hjá þeim bestu undir Jökli.⁷ Á Suðurnesjum urðu frá 10–15 hundraða hlutir og þaðan af meiri.⁸ Mikill afli var einnig norðanlands, austan og vestan.⁹

¹ Dansgaard, W. o.fl. 1975

² Ann. Bmf. 4: 264. Sjávarborgarannáll. Grindavíkurannáll glataðist í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728, en er nokkurs getið í Sjávarborgarannál

³ Þórður Þorbjarnarson 1967: 210–211

⁴ Getið er um þorsk á Fyllubanka við Vestur-Grænland í Dannell-leiðangrinum 1653 (Buch, Horsted og Hovgård 1993)

⁵ Ann. Bmf. 1: 385–397

⁶ Sama rit 3: 320, Eyrarannáll

⁷ Sama rit 3: 479, Grímsstaðaannáll

⁸ Sama rit 1: 559, Mælifellsannáll

⁹ Sama rit 1: 397, Vallaannáll

Frosthörkur og fiskleysi í lok 17. aldar

Sautjándi öldin kvaddi á sama hátt og hún heilsaði. Eftir uppgripin 1684 tók við einn bágasti kafli í útgerðarsögu Íslendinga, og endaði síðasti áratugur aldarinnar með 35 ísmánuðum, tveim fleiri en sá fyrsti.

Allt ber að sama brunni varðandi fiskleysið á þessu tímabili. Aflatregðan byrjaði 1686 í Vestmannaeyjum og í verstöðvunum vestan Mýrdals. Árið 1690 var hagur Vestmannaeyinga orðinn það bágborinn, að konungur gaf þeim upp landskuldir og aðrar skattgreiðslur í 5 ár.¹ Sama ár er þess getið, að klausturhaldarinn í Þykkvabæ, sem gerði út í Mýrdal, hafi einungis fengið 24 fiska í 16 hluti og annar maður með 8 hluti fékk 10 fiska.²


Undantekning á þessu aflaleysi er þó í frásögn Fitjaannáls um árið 1695. Þar segir ítarlega frá hafísnum, sem kom að austan með suðurströndinni, fór fyrir Reykjanes og fyllti Faxaflóa allt vestur að Hítarárósum, en að vestan komst ísinn suður fyrir Látrabjarg. Í sumum verstöðvum var því ekki róið frá páskum (24. mars) og fram að vertíðarlokum. Hins vegar ber annálsriturum saman um mikinn afla þegar ísinn lét undan síga, og hafi þá hlutir orðið allt að 14 hundruð, en nýttust illa. Nú er það þekkt fyrirbæri, að oft getur aflast vel í námunda við hafís.

Séra Eyjólfur Jónsson á Völlum, höfundur Vallaannáls, lætur þó ekki hjá líða að geta þess, að þorskurinn sem fylgdi ísnum hafi verið einsýnn, en í þá daga trúðu margir því að fiskurinn snéri alltaf sömu hliðinni að ísnum og yrði því blindur á því auga.

¹ Lúðvík Kristjánsson 1971 a: 126

² Ann. Bmf. 2: 283, Fitjaannáll

11. mynd. Bláa súluritið sýnir árlegan meðalhita í Stykkishólmi 1822–1992; á bláa línuritinu hafa verið jafnaðar út skammærar hitasveiflur. Fjólubláa línuritið sýnir hitasveiflur á sama tímabili, áætlaðar eftir fjölda ísmánaða á hverjum áratug og að auki bakreiknaðar til 1600. Græna súluritið neðst á myndinni sýnir meðalaflahluti fiskimanna á vetrarvertíð, metna eftir mælikvarða frá 1 til 6, þar sem 1 merkir engan fisk í hlut eða mjög fáa, en 6 mjög góða hluti, 1200 fiska eða meira (sjá 7. töflu). Á græna línuritinu efst á myndinni hafa svo ofangreindar aflasveiflur verið jafnaðar. Þá er einnig sýndur áætlaður árlegur heildarafli Íslendinga (sjá 3. töflu) og eins árlegur meðalaflí Hollendinga á skip (svartar súlur, sjá 10. töflu). Loks er afli Frakka táknaður með rauða súluritinu efst á myndinni og árlegar aflasveiflur jafnaðar út á rauða línuritinu. Til hagræðis er notaður sami mælikvarði á hitastig (°C), hlutatölur og jafnaðan afla Frakka á sóknareiningu. ◊



Íslenskum annálum ber saman um að árið 1695 hafi hafís umkringt svotil allt landið. Ísinn barst suður með Austfjörðum og meðfram allri suðurströndinni og inn í Faxaflóa allt norður undir Snæfellsnes. Þá barst einnig ís suður með Vestfjörðum og eitthvað suður á Breiðafjörð eins og fyrr segir. Þórhallur Vilmundarson telur sennilegast að ísinn hafi borist inn í Faxaflóa einhvern dagana 14.–19. apríl.¹ Höfundur Eyrarannáls hefur það eftir hollenskum fiskimönnum, að hafisgirðing hafi verið umhverfis allt Ísland þetta ár, svo að varla varð að landinu komist. Þá hefur hann einnig fréttir af miklum frosthörkum á meginlandi Evrópu og að í Færeyjum hafi margir dáið úr hungri eða frosið í hel.² Höfundur Fitjaannáls hefur eftir farmönnum er hingað sigldu 1695 að á milli Íslands og Færeyja væru tveir partar fullir með hafís, en sá þriðji næst Færeyjum íslaus.³

Breski veðurfræðingurinn Hubert H. Lamb rannsakaði sveiflur í veðurfari á undangengnum öldum. Hann hefur eftir norskum heimildum að árið 1695 hafi veiðar algjörlega brugðist við Noreg, allt suður undir Stavangur og telur þetta benda til að pólsjór hafi náð yfir allt Noregshaf og suður fyrir Færeyjar. Þetta ár var þorskur einnig sjaldgæfur við Hjaltland. Lamb telur enn fremur að á árunum 1675 til 1700 hafi lofthiti við Færeyjar verið 4–5 °C undir meðallagi síðastliðinna 100 ára.⁴

Samkvæmt rannsóknum Svisslendingsins Christians Pfisters lækkaði árshitinn í Mið-Evrópu verulega á árunum 1685 til 1700 og varð um 1 °C lægri en á viðmiðunartímanum 1901–1960⁵ og 0,8 °C lægri í Mið-Englandi.⁶ Rannsóknir á ískjarna í Grænlandsjökli sýna einnig mjög greinilega þessa lækkun hitans í lok 17. aldar.⁷

Harðindi sautjándu aldar urðu þjóðinni dýrkeypt, enda bera nafngiftir einstakra ára og árstíða þess merki: Lurkur (1601), Píningsvetur (1602), Eymdar-ár (1604), Geirþrúðar-byllur (1610), Svella-vetur (1625), Frosta-harðindisvetur (1627), Jökul-vetur (1630), Hvíti-vetur (1633), Bauluhaust (1639) og Glerungs-vetur (1648). Mannfækkun varð því mikil á öldinni af völdum hungurs, vösbúðar og sjúkdóma sem fylgdu í kjölfarið.⁸

¹ Þórhallur Vilmundarson 1969: 323

² Ann. Bmf. 3: 383, Eyrarannáll

³ Sama rit 2: 314, Fitjaannáll

⁴ Lamb, H. H. 1979: 1–20

⁵ Pfister, C. 1992: 118–142

⁶ Manley, G. 1974: 389–405

⁷ Dansgaard, W. og fl. 1975: 24–28.

⁸ Hannes Finnsson 1970

Ekki voru sjóslýsin minni. Lúðvík Kristjánsson athugaði ítarlega annála, sem fjalla um ofanverða 17. öld og komst hann að þeirri niðurstöðu að árið 1685 hafi í Sunnlendingafjórðungi farist 16 skip og á þeim drukknað 149 menn, en í Vestfirðingafjórðungi 4 skip og á þeim 25 menn. Síðan urðu skipstapar á hverju ári út öldina, en þó keyrði um þverbak árið 1700, en þá urðu mestu slysfarir á sjó hér við land fyrr og síðar. Þetta ár drukknuðu í sjó 185 menn og þar af 165 sama daginn, 8. mars.¹

Árið 1703 var mannfjöldi á Íslandi rúm 50 þús. en um 242 þús. 1. des. 1985. Miðað við mannfjölda árið 1700 samsvarar það því að á árinu 1985 hefðu um 890 Íslendingar drukknað í sjó.

Aflabrögð á átjándu öld

Átjándi öldin byrjaði með harðindum og aflaleysi. Þorkell bóndi og lögréttumaður Jónsson í Innri-Njarðvík hafði á vertíðinni 1701 til sjós 30 hluti, og fékk í þá alla 306 fiska. Hólastóll gerði á sömu vertíð út 12 menn til róðra og fengu þeir alls 300 fiska. Vegna fádæma lélegra aflabragða sigldu mörg kaupskip burt með sjótunnur og grjót sem ballest.² Hitastig hækkaði þó verulega og telur Astrid E. J. Ogilvie, sem rannsakað hefur ítarlega íslenskar heimildir um lofthita hér á landi á fyrri öldum, að fyrstu þrjár áratugir 18. aldar hafi verið þeir hlýjustu á allri öldinni.³ Aflabrögð voru mjög í samræmi við þetta. Veturinn 1706 urðu t.d. meira en lestarhlutir sunnanlands og undir Jökli. Sums staðar var afli svo mikill að ekki komst í hús og í mörgum kaupstöðum var skilin eftir nærri skipsfrakt af fiski.⁴ Afli hélst góður næstu sex árin, en féll svo skyndilega og var yfirleitt lélegur næstu 12 árin. Árin 1726–1730 voru góð aflaár, en síðan smátregðaðist afli fram til 1738, en þá urðu góðir hlutir undir Jökli og á Suðurnesjum⁵ og hélst síðan góður afli næstu fjögur árin. Veturinn 1742 kom svo mikill fiskur sunnan Jökuls að menn mundu ekki annað eins, en svo magur, að helmingurinn var beinmegringur. Fengust þrjár merkur lýsis úr hundraði og jafnvel enn minna. Hélst góð veiði langt fram yfir fardaga, en fiskur skemmdist mestallur því að sjaldan kom þurr dagur

¹ Lúðvík Kristjánsson 1971 b: 168

² Ann. Bmf. 3: 516, Grímsstaðaannáll.

³ Ogilvie, Astrid E. J. 1992: 110.

⁴ Ann. Bmf. 2: 360, Fitjaannáll.

⁵ Sama rit 2: 726, Hvammsannáll.

fram að Jónsmessu.¹ Hitastig fór nú óðum lækkandi og náði lágmarki um miðja öldina. Árin 1743 til 1758 var afli mjög lítil til að undanteknum árunum 1748–1750.

Sjötti áratugurinn var Íslendingum mjög erfiður með fiskleysi, hafis og miklum frosthörkum. Í október 1755 hófst mikið gos í Kötlu er stóð í 10 mánuði og olli öskufallið miklu tjóni á gróðri og kvikfénaði. Næsta vetur rak hafis suður með Austfjörðum og alla leið fyrir Vestmannaeyjar.²

Hannes biskup Finnsson áætlaði að á árunum 1752–1759 hefðu tæplega 9800 manns látist af völdum hallæris.³ Grímsstaðaannáll nefnir að um haustið 1756 hafi víðast gengið mikill smáfiskur⁴ og samkvæmt Höskuldsstaðaannál 1758 batnaði nú mjög árferði nyrðra til lands og sjávar. Fuglfengur úr Drangey varð í betra lagi, fiskur kom á Skaga fljótt eftir fardaga og á Húnafirði varð nokkur smáfiskafli.⁵ Allt bendir þetta til batnandi ástands í sjónum fyrir Norðurlandi og kom reyndar þegar í ljós með auknum afla á vertíð sunnanlands 1759 og hélst síðan góður afli flest ár allt fram til 1776. Samtímis greina annálar frá miklu af smáfiski við Norðurland á árunum 1763 til 1770, auk þess sem vel aflaðist af stærri fiski á þessu svæði. Kemur þetta vel heim við hagstætt hitastig á sjöunda áratug aldarinnar. Frekari dæmi um hagstætt árferði til sjávar koma fram í frásögnum annála af svonefndum blóðsjó (þörungablóma) á Eyjafirði haustið 1765.⁶ Blóðsjór sást enn fremur víða við Norðurland 1767.⁷ Þetta haust gekk mikið af smáþorski inn á firði og fjarðarbotna norðanlands, svo að fáir þóttust muna slíkt.⁸ Sama varð sumarið og haustið 1768 þegar menn fengu 60–80 fiska í hlut á degi hverjum.⁹ Að auki var mikil ýsu-gengd fyrir Norðurlandi. Mikill smáfiskur gekk í Eyjafjörð 1770 og í Grenivík aflaðist smáþorskur í dráttarnet þúsundum saman.¹⁰ Hollendingar fiskuðu venjulega fjær landi, en Höskuldsstaðaannáll segir fiskiduggur þeirra hafa verið margar á Eyjafirði og Skagafirði árið 1767.

¹ Ann. Bmf. 3: 581, Grímsstaðaannáll. Frásagnir eru um mikinn fisk við Vestur-Grænland á árunum 1749–1783 (Buch, Horsted og Hovgård 1993).

² Sama rit 3: 630, Grímsstaðaannáll.

³ Hannes Finnsson 1970.

⁴ Ann. Bmf. 3: 630, Grímsstaðaannáll.

⁵ Sama rit 4: 506, Höskuldsstaðaannáll.

⁶ Sama rit 5: 53, Íslands Árbók.

⁷ Sama rit 4: 526, Höskuldsstaðaannáll.

⁸ Sama rit 4: 527, Höskuldsstaðaannáll.

⁹ Sama rit 4: 531, Höskuldsstaðaannáll.

¹⁰ Sama rit 4: 536, Höskuldsstaðaannáll.

Hollenskar heimildir geta um afbragðsveiði á Íslandsmiðum árið 1770.¹

Þessi mikla smáfiskagengd fyrir Norðurlandi skilaði sér í góðum þorskafla á vetrarvertíð við Suður- og Vesturland nokkrum árum síðar, og eykur þetta mjög á trúverðugleika annálanna um frásagnir af aflabrögðum.

Afli hélst góður á vertíð syðra flest ár á áttunda og níunda áratug jafnhliða hagstæðu hitastigi, og heimildir geta einnig um góðan afla nyrðra allt fram undir 1786, en eftir 1788 dró úr afla á vetrarvertíð, enda kólnaði þá á nýjan leik. Þó komu nokkur sæmileg aflaár á síðasta áratug 18. aldar.

Nítjándi öldin.

Frá Langajökli til Frostavetursins mikla 1881

Nítjándi öldin byrjaði vel með ágætisafli fyrstu tvö árin, þrátt fyrir lélegar gættir, en svo brá til hins verra. Veturinn 1802 var af sumum nefndur Langajökull. Lá þá hafís umhverfis allt land og hvarf ekki frá Norðurlandi fyrr en 14. ágúst.² Mikið bjargarleysi var við sjávarsíðuna sakir ógæfta.³ Afli var misjafn en oftast lélegur næstu átta árin. Árið 1807 gengu t.d. 70 skip til róðra frá Keflavík og náðu mest hundrað fiskum í hlut, en meðaltal var 40 fiskar.⁴ Á öðrum og þriðja tug aldarinnar fór hitastig hækkandi og voru aflabrögð í samræmi við það. Veturinn 1810 og 1811 var ágætis afli, en heldur minni næstu þrjú árin. Síðan má segja að afli hafi verið með ágætum frá 1816 til 1831, sérstaklega árin 1822 og 1823. Klausturpósturinn segir afla frábæran um allt Suðurland og meirihluta Vesturlands 1822 og að í nóvember hafi fjöldi skipa hlaðið sig af vænum þorski í sundunum kringum Viðey, Engey og Akurey og upp í landsteinum við Kjalarnes og Akranes.⁵ Árið eftir var hlutatala einnig í besta lagi sunnanlands og vestan, en fiskur var víða talinn rýr að vexti.⁶

Á fjórða áratugnum fór hitastig aftur lækkiandi og samtímis dró úr aflabrögðum fram að miðjum fimmta áratug. Síðan hlýnaði á nýjan leik fram undir miðja öldina og jókst aflinn að sama skapi. Hitastig lækkaði svo jafnt og þétt fram til 1870 og aflabrögð einnig í stórum dráttum, þótt góð

¹ Thomas, Marie Simon 1935.

² Annáll 19. aldar 1912: 25.

³ Árbækur Reykjavíkur 1941: 34.

⁴ Annáll 19. aldar 1912: 90.

⁵ Sama rit: 300.

⁶ Sama rit: 311.

ár kæmu inn á milli. Næstu 5 árin hlýnaði aftur og afli óx. Uppúr 1875 kólnaði svo á nýjan leik og náði hitinn lágmarki frostaveturinn mikla 1881, en það ár var meðalhitinn í mars í Stykkishólmi – 13,3 °C, eða það langlægsta á þeim 170 árum sem mælingar ná yfir.

Hugmyndir manna á 18. öld um fiskgöngur og aflasveiflur

Jón Grunnvíkingur segir í fiskafræði sinni, að því minni sem þorskurinn sé, því nær sé hann landi, en leggist þeim mun lengra fram í djúpa strauma, sem hann verður eldri. Mælt sé, að hið fyrsta ár sé hann við landið, annað hlaupi hann kringum það en leggist hið þriðja í regindjúpi.¹

Niels Horrebow hefur sennilega séð handrit Jóns að fiskafræðinni, því hann hefur eftir heimildarmönnum sínum að þorskurinn fari þrisvar kringum landið (og undan vindi) og þá sé hann fullvaxinn. Menn telji þorskinn fyrst koma austur að landinu og halda síðan suður fyrir land á svæðið milli Reykjaness og Vesturjökuls þar sem séu mestar fiskveiðar við landið.²

Þótt Ólafíus sé yfirleitt fáorður um fiskifræði, lýsir hann nokkuð þorskgöngum út af Vestfjörðum. Segir hann sjómenn á því svæði kunna skil á tvenns konar fiskgöngum: í norðangöngunni er feitur fiskur, sem fer hægt yfir, en í sunnangöngunni er fiskur magur og ókyrr, enda væntanlega á leið norður í ætisleit.³ Lýsing hans á göngum þorsks suður með Vestfjörðum fyrir Látrabjarg og suður undir Jökul er í samræmi við það sem nú er vitað.

Ítarlegust er þó lýsing Skúla Magnússonar á hrygningargöngum þorsksins. Skúli segir þorsk fara tvær meginleiðir til hrygningar. Í lok janúar verði menn hans fyrst varir fyrir vestan Eystra-Horn á eftir stórum síldartorfum. Þetta kallast austanganga og fer hún með landinu til Vestmannaeyja og þaðan upp að Reykjanesi og inn um allan Faxaflóa. Oft er gangan svo þétt að brimið varpar talsverðu af þorski á land. Hin gangan kemur að vestan og kalla menn hana vestangöngu og þorskinn sjálfan djúpsigafisk, því talið er að hann komi úr djúpi því sem kallast Kolluáll og gengur út af Breiðafirði. Þessi fiskur kemur venjulega ekki fyrr en um miðjan febrúar og með meiri kyrrð, því sjaldan eru síld eða fuglar honum

¹ Jón Ólafsson 1737.

² Horrebow, Niels 1966: 138.

³ Ólafur Olavíus 1964 1: 204.

samferða. Veidin er best þau árin sem báðar þessar göngur eru á ferðinni. Skúli segir enn fremur að fjöldinn af millifiski sé breytilegur eftir árum og bendir það til þess að misstórir árgangar hafi nokkuð ráðið um aflabrögð á þeim árum.¹

Í dagbókum sínum nefnir Sveinn Pálsson oft skoðanir sínar og annarra á þverrandi afla. Þeir Magnús lögmaður, bróðir Eggerts Ólafssonar ræddu þessi mál oft úti í Viðey hjá Skúla Magnússyni. Lögmaður áleit orsök aflaleysisins þá, að fiskur væri veiddur áður en hann næði að hrygna, en Sveinn taldi m.a. að fæðuskortur ylli áraskiptum í fiskafli og eins ætlaði hann að netaveiðar ættu nokkurn hlut að máli.²

Ólafur stiftamtmaður Stefánsson hafði sínar skoðanir á þessu og ræddi þær í grein sem hann birti árið 1787 um fiskafla á Íslandi.³ Hann nefnir þar ýmislegt sem hann telur geta ráðið aflasveiflum: sjúkdómar í fiskinum, jarðskjálftar (sem umhverfa hafsbótningum), eldgos (brenni-steinn og vikur úr Skaftáreldum) og hvalagöngur sem fæli fisk úr fjörðum. Telur hann þó að veður ráði mestu um aflabrögð. Segir hann fisk helst ganga að Suðurlandi haldist útsynningur frá Prettánda og fram á Góu, einkanlega þó um stórstraum. Gangi til norðanáttar fáist hins vegar mestur fiskur undir Jökli. Þá hefur Ólafur það eftir erlendum heimildum, að óhreinindi frá þéttbýli dragi úr fiskgöngum. Það var því farið að tala um mengun þegar á ofanverðri 18. öld. Í lok greinar sinnar birtir Ólafur útdrátt úr annálum þeirra Björns á Skarðsá (Skarðsárannál), Jóns Halldórssonar (Hítardalsannál) og Jóns Ólafssonar (Grímsstaðaannál). Kemst hann að þeirri niðurstöðu að af þeim 180 árum, sem þar eru nefnd, hafi 145 verið góð eða meðalár, en 35 fisklítil.

Ólafur Stefánsson hefur greinilega verið víðlesinn maður, því að í ritgerð sinni ræðir hann m.a. um aldur fiska og vísar þá skilmerkilega í grein sem sænski presturinn Hans Hederström hafði birt í riti sænsku akademíunnar 1759. Í þessari merku ritgerð greinir Hederström frá því að sjá megi aldur fiska á hryggjarliðum þeirra.⁴ Þessi uppgötvun féll þó brátt í gleymsku og kom grein Hederströms fyrst aftur í leitirnar í lok níttjándu aldar, þegar menn fóru að greina aldur á fiski til þess að skilja sveiflur í aflabrögðum. Sýnir þetta betur en margt annað, að sumir Íslendingar fylgdust vel með á þessum árum.

¹ Skúli Magnússon 1944 a: 51–53.

² Sveinn Pálsson 1983: 35–36.

³ Ólafur Stefánsson 1787.

⁴ Hederström, Hans 1759.

Aflasveiflur réðust þó ekki einvörðungu af ástandi þorsstofnsins heldur ullu gæftir og breytilegar fiskgöngur miklu. Hollendingar og Frakkar fylgdu þorsgöngunum eftir og þeir voru að allan sólarhringinn. Það er engin tilviljun að helstu verstöðvarnar voru undir Jökli, á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum þar sem hrygningarfiskurinn kemur næst landi. Þar stóð fiskur oft mjög þétt og þá gátu góðir fiskimenn reitt upp mikinn afla á stuttum tíma. Gengi fiskur utar brást oft vertíðin. Færeyski náttúrufræðingurinn Nicolaj Mohr segir frá því að á ferð sinni til Íslands vorið 1781 hafi þeir siglt fram á 34 hollenskar húkkortur á Pistilfirði og voru tvær á heimleið með fullfermi af þorski. Renndu þeir Mohr og félagar víða fyrir Norðurlandi, bæði grunnt og djúpt og urðu vel varir við þorsk. Hvergi sáu þeir Íslendinga né húkkortur konungsverslunarinnar. Á Skagaströnd kvörtuðu heimamenn sáran yfir fiskleysi, en að áeggjan Mohrs réru fjórir menn næsta dag og komu heim eftir 5 tíma með 7 þorska í hlut og hélt sú veiði á meðan Mohr dvaldi þarna.¹ Mohr nefnir enn fremur að víða hefði orðið vart við mikið af smáþorski, sem ekki hefði nýst sökum heyanna eða saltleysis.

Aðgerðir til eflingar sjávarútvegi á ofanverðri 18. öld

Ekki fór hjá því að Íslendingar kæmst í kynni við veiðiskap útlendinga, en veiðar Hollendinga og Frakka hér við land voru orðnar umtalsverðar um miðja 18. öld, eins og greinir frá síðar.

Þegar Skúli Magnússon var að koma á fót Innréttungunum svokölluðu um miðja 18. öld varð honum fljótlega ljós nauðsyn þess að ráða yfir nokkrum skipastóli. Fyrir beiðni Skúla, lagði Friðrik konungur V árið 1752 til tvær húkkortur, 32 og 34 stórlestir að stærð (stórlest jafngilt tveim smálestum) og notaði Skúli þær bæði til flutninga og fiskveiða. Skip þessi nefndust Friðriksósk og Friðriksgjöf, en að auki var þriðja skipið, Hafmeyjan íslenska, 13 stórlesta dugga, sem smíðuð var í Örfirisey á þessum árum. Þar voru einnig smíðuð nokkur minni skip og þar stóð fyrsta skipasmíðastöð landsins. Öll var áhöfnin dönsk og óvön veiðum við Ísland og varð aflinn eftir því, eða 200 tonn af söltuðum þorski eftir sumarið. Skúli tók sér far með Friðriksgjöf til Kaupmannahafnar um haustið, en hrakti á land á Sunnmæri í Noregi og þar var það sem hann kynntist netaveiðum Norðmanna. Húkkorturnar reyndust illa og þóttu

¹ Mohr, Nicolaj 1786: 66–67.

erfiðar til fiskveiða og varð því tap á útgerðinni. Henni var því hætt og urðu þessi málalok Skúla mikil vonbrigði, en hann hafði ætlað að nota skipin til þess að kenna íslenskum sjómönnum vinnubrögð á þilskipum. Tómlæti landsmanna og fjandskapur einokunarkaupmanna réð einnig miklu og svo fóru leikar að Friðriksgjöf fórst á leið frá Björgvin til Íslands 1760. Ekki segir frá örlögum Friðriksóskar, en Hafmeyjan var seld á uppboði í Kaupmannahöfn 1766 og lenti til Skotlands.¹

Næst er svo til frásagnar að árið 1770 veitti danska stjórnin Almenna verslunarfélaginu, sem þá hafði Íslandsverslunina á leigu, 5000 ríkisdala styrk til þess að senda til Íslands 19 fiskimenn frá Sunnmæri og að auki umsjónarmann og fiskimann frá Kaupmannahöfn. Árið 1771 var jafnframt sent til landsins efni í 50 áttæringa og fjögurramannaför og árið eftir kom efni í 10 áttæringa og 20 fjögurramannaför, allt frá Molde á Sunnmæri. Mikið var einnig sent af veiðarfærum, línum, köðlum, segldúk o.fl., en Norðmenn áttu að kenna Íslendingum að ríða þorskanet og fara með þau. Eins áttu þeir að segja til um sjómennsku á þessum bátum, svo sem að fara með segl og stýri. Voru bátar og búnaður sendir í Hólminn (Reykjavík), Grundarfjörð, Patreksfjörð og Ísafjörð og skyldi veiðin stunduð þaðan.² Stofnkostnaður varð þó um 11 þús. ríkisdalir auk reksturskostnaðar meðan á tilrauninni stóð. Skemmst er frá að segja að árangurinn varð sáralítill. Ekki var hægt að nota þessa þungu báta nema þar sem voru örugg skipalægi, því að þeir urðu ekki settir á land nema með miklu meiri mannskap en íslensku bátarnir. Þó voru þeir góð sjóskip, en þungir í róðri og sigling stírd. Þá voru þeir einnig margfalt dýrari en íslensku bátarnir. Íslenskur áttæringur kostaði 13 ríkisdali samkvæmt verðtaxtanum frá 1702, en norskur 72 ríkisdali, auk veiðarfæra. Þessi útgerð var því ofvaxin Íslendingum miðað við fiskverð á þeim tíma.³


Árið 1774 var Almenna verslunarfélagið orðið svo illa þokkað af landsmönnum, að konungur afturkallaði leyfi þess á Íslandi og tók að sér verslunina. Þrátt fyrir misheppnaðar veiðar að hætti Sunnmæringa, létu yfirvöld ekki deigan síga og hóf konungsverslunin stórútgerð á nýjan leik, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig í Finnörku og Færeyjum.

Vorið 1776 komu fyrstu skipin til landsins, 36 húkkortur, flestar 40–50 stórlestir og byggðar að hollenskri fyrirmynd. Auk þess 13 skútur, svo-

¹ Gils Guðmundsson 1977 1: 42; Lýður Björnsson 1993: 19.

² Jón Eiríksson, formáli að Ferðabók Olavíusar: Ólafur Olavíus 1964 I: 60.

³ Þorkell Jóhannesson 1950: 267.



12. mynd. Skip konungsútgerðarinnar 1777–1786. – Carl Pontoppidan 1787.

nefndar jaktir, 8–20 stórlestir og tvö allstór flutningaskip. Jaktirnar áttu að hafa hér vetrarlægi og stunda veiðar allt árið, en húkkorturnar skyldu einnig annast vöruflutninga til landsins og frá og var því aðeins haldið til veiða yfir sumarið. Húkkorturnar reyndust miðlungs góð fiskiskip, breiðbyrtar, nær flatbotna og mjög þunglamalegar. Siglur voru tvær, sú fremri með þversegli, en gaffalsegl á þeirri aftari, sem var mun lægri (12. mynd). Skipstjórar voru danskir og hásetar flestir frá Slésvík og Holtsetalandi. Ráðamenn töldu mjög mikilvægt að Íslendingar lærðu sjómennsku á þessum skipum og var í upphafi ákveðið að ráða tvo Íslendinga á hverja húkkortu, en þrjá á hverja skútu. Á þessu varð þó mikill misbrestur, sérstaklega varðandi farmennskuna og ekkert varð úr því að ungir og efni-legir Íslendingar væru settir til náms í siglingafræðum í Kaupmannahöfn.¹ Skúli Magnússon telur þó að vorið 1780 hafi alls verið 55 Íslendingar á átta fiskiskipum konungsverslunarinnar. Ekki voru þeir þó upp á hlut, heldur fengu ákveðin vikulaun.²

¹ Sigfús Haukur Andrésson 1988: 74.

² Skúli Magnússon 1944 a: 104.

Konungsskipin höfðu aðsetur í Hafnarfirði og voru þar reist íbúðarhús fyrir skipstjóra, geymslur og verslunarhús, en bryggja var engin og aflinn því fluttur í land á bátum. Fyrsta árið stunduðu 10 skip veiðarnar, en þeim fjölgaði mjög á næstu árum og urðu flest árið 1780 eða 42. Að meðaltali var 27 skipum haldið út árlega frá Hafnarfirði þar til útgerðinni var hætt 1787.

Gils Guðmundsson segir að samkvæmt bókum konungsverslunarinnar hafi á árunum 1777–1786 alls verið sendar til fiskveiða við Ísland 198 húkkortur og 68 jaktir. Fengu skipin árlega 10 ríkisdala styrk á hverja lest, eða samtals um 109 þúsund ríkisdali. Veiðin var rúmlega 648 þúsund þorskar allt þetta tímabil. Af þessum afla var saltað í 4386 tonn en 4324 skippund hert. Verðmæti þessa afla var tæplega 170 þús. ríkisdalir.¹

Ekki er því hægt að segja að þetta hafi verið burðug útgerð, en þegar konungsverslunin hætti 1787 og seldi kaupmönnum skip sín, var enn heitið 10 ríkisdala styrk á stórllest í hverju skipi, sem gert væri út til fiskveiða sumarmánuðina, meðan beðið væri eftir farmi til útflutnings. Fjórum árum seinna var þessi styrkur bundinn við skip 15–30 stórllestir að stærð og takmarkaður við 6 þús. ríkisdali alls og stóð sú skipan svo til óbreytt í rúma hálfu öld eða til ársloka 1839.²

Pilskip koma til sögunnar

Það leið einungis hálfur annar áratugur frá því konungsútgerð lauk þar til nokkrir Íslendingar hófust handa um pilskipaútgerð: í Hafnarfirði 1803 og á Bíldudal og í Flatey á Breiðafirði 1806. Gils Guðmundsson lýsir ítarlega þessum tilraunum og þeirri mikilvægu útgerð sem á eftir fylgdi í ritverki sínu Skútuöldin.³ Veiðar á pilskipum voru á þeim tíma stærsta skref í þúsund ára veiðisögu Íslendinga, þótt útlendingar hefðu stundað veiðar við landið með þessum skipum í fjórar aldir. Tæknin við þorskveiðar breyttist þó ekki neitt, því einungis var veitt með handfærum. Hins vegar gátu þessi skip verið lengur að veiðum og í verra veðri, þau gátu elt fiskinn og menn voru ekki bundnir við sín heimamið. Þótt aðbúnaður sjómanna væri í fyrstu frumstæður stóð þó allt til bóta, og aðstaða manna við veiðarnar var ólíkt betri en á opnum árabátum.

Fyrsta pilskipið lét Bjarni riddari Sivertsen smíða í Hafnarfirði 1803 og

¹ Gils Guðmundsson 1977, 1: 52.

² Þorkell Jóhannesson 1950: 273.

³ Gils Guðmundsson 1977, 1–5.

hafði sjálfur umsjón með verkinu. Nefndi hann skipið Havnefjords Prøven, sem sýnir tíðarandann og ekkert síður, hve óviss Bjarni var um að tilraunin lánaðist.

Þess ber þó að geta, að séra Páll Björnsson í Selárdal lét smíða duggu að hollenskri fyrirmynd upp úr miðri 17. öld og stjórnaði henni sjálfur til veiða í mörg ár og aflaði vel. Þá má einnig nefna að Ólafur Stefánsson stiftamtmaður keypti ásamt öðrum pilskip er fékk nafnið Örninn íslenski. Einokunarkaupmenn töldu þetta brjóta í bága við hagsmuni sína og stóð þessi útgerð einungis í tvö ár.

Elstu heimildir um heildarfjölda pilskipa á öllu landinu eru frá árinu 1826 en þá voru 16 skip yfir 10 smálestrir og voru 5 á Suðurlandi, 10 á Vesturlandi og eitt á Norður- og Austurlandi.¹ Skipunum fjölgaði allmikið á fjórða áratug og voru orðin 41 árið 1835, en síðan er ekki vitað um heildarfjölda á öllu landinu fyrr en 1853 þegar farið var að gefa út „Skýrslur um landshagi á Íslandi“, en þær greina m.a. frá aflabrogðum á árunum 1853 til 1871. Í þessum skýrslum er gefinn upp árlegur pilskipafjöldi í hverri sýslu landsins. Árið 1853 eru einungis talin 25 skip á öllu landinu og virðist greinilega vantalið. Í byrjun gerðu margir sér ekki grein fyrir gildi slíkrar skýrslugerðar og verður því að taka tölur með varúð. Þetta ár voru skipin flest í Vesturumdæminu, eða 19 talsins, en aðeins talin þrjú í Suðurumdæminu og jafnmörg í Norður- og Austurumdæmi.

Aðalútgerð pilskipa á þessum árum var frá Ísafirði, sem á nokkrum árum breyttist úr fátæku smáþorpi í blómlegan útgerðarbæ. Á seinni helmingi sjötta áratugar fjölgaði skipunum verulega, og þá einkum á Norðurlandi, en árið 1859 eru talin 32 skip á því svæði og svo til öll við Eyjafjörð. Hér var fyrst og fremst um að ræða útgerð einstakra bænda er stunduðu hákarlaveiðar, og voru beint framhald af veiðum á opnum bátum.² Á Vestfjörðum var þorskur mikilvægur þáttur í veiði pilskipanna og í enn ríkari mæli við Suðvesturland, þegar veiði pilskipa hófst þar fyrir alvöru á síðasta áratug nítjándu aldar.

Eins og fram kemur í 8. töflu var fjöldi pilskipa á Vestur-, Norður- og Austurlandi nokkuð jafn fram á tíunda áratuginn. Hins vegar jókst útgerð pilskipa við Suðvesturland smátt og smátt allan seinni hluta nítjándu aldar, en þó ekki fyrir alvöru fyrr en uppúr 1890. Af 120 pilskipum á Íslandi um aldamótin 1900 voru 46 í Suðuramti og af þeim 31 úr Reykjavík. Í Vesturamti voru 37 skip og þar af 19 gerð út frá Ísafirði. Loks

¹ Gils Guðmundsson 1977, 4: 36.

² Eftir 1870 tóku verslanir við útgerðinni og lögðu mest kapp á þorskveiðar.

8. tafla. Meðalfjöldi þilskipa á hverjum áratug 1853–1900.
Heimild: Hagstofa Íslands. Sögulegar hagtölur.

Áratugur	Suðuramt	Vesturamt	Norður- og Austuramt	Samtals
1853–59	3,9	25,6	17,7	44,6
1861–69	8,1	20,9	36,9	61,8
1871–80	13,9	22,2	28,7	63,8
1881–89	22,3	27,5	25,8	75,7
1891–1900	39,3	41,7	24,9	123,5

voru í Norður- og Austuramti 37 skip og voru 24 úr Eyjafirði og 10 frá Seyðisfirði.

Í 9. töflu er sýnd stærðardreifing þilskipa árið 1900. Langflest voru skipin 10–30 smálestir, en þó var nokkuð af stærri skipum, 70–90 smálestir og voru þau svotil öll gerð út frá Faxaflóa, en þar var meðalstærð þilskipa 58 smálestir miðað við 32 smálestir á Vestfjörðum og 21 smálest á Norður- og Austurlandi. Þetta kemur einnig fram í tölu skipverja: við Faxaflóa voru að meðaltali 16 menn í áhöfn, en um 11 menn í öðrum landshlutum. Þá er einnig áberandi að norðanlands og austan voru skipin öll af líkri stærð eða frá 8 og upp í 28 smálestir, en sunnanlands og vestan var stærðin breytilegri, eða 8–87 smálestir. Þessi munur á stærð skipanna var eðlileg afleiðing þess að aðalveiðitími Sunnlendinga var á vetrarvertíð í erfiðum veðrum og víða eru þar hafnleysur. Vestfirðingar og Norðlendingar stunduðu meira sumarveiðar og þá grynna.


Árið 1904 var meðalúthald þilskipa við Faxaflóa 25 vikur, en um 20 vikur á Vestfjörðum og Norðurlandi.¹ Þá stunduðu skip frá Faxaflóa einnig sumarveiðar úti fyrir Vestfjörðum.

Pegar Englendingar hófu togveiðar á gufuskipum upp úr 1880 seldu

9. tafla. Stærð þilskipa árið 1900.
Heimild: Landshagsskýrslur.

Smálestir	Fjöldi	Smálestir	Fjöldi
undir 10	4	50–59	7
10–19	22	60–69	8
20–29	23	70–79	7
30–39	11	80–89	15
40–49	8	óvíst	21

¹ Landshagsskýrslur 1904: 87.



13. mynd. Helstu gerðir af þilskipum Íslendinga á 19. öld. – Gils Guðmundsson 1977.

þeir kúttara sína, sem flestir voru ágæt skip. Margir fóru til Íslands og séu athuguð nöfn þilskipa í eigu Íslendinga um aldamótin kemur í ljós, að af 120 skipum nafngreindum báru 34 útlend nöfn, flest ensk og voru þau til-
tölulega flest á Vestfjörðum, en fæst á Norðurlandi.

Sigfús Jónsson bendir á að stökkið yfir í togaraútgerð á fyrsta áratug þessarar aldar hafi verið auðveldast á Faxaflóasvæðinu, vegna þess að menn höfðu þar kynnst yfirburðum stóru þilskipanna.¹ Annars staðar leystu vélbátar yfirleitt þilskipin af hólmi.

Ein fyrsta gerð þilskipa hér við land voru hin svonefndu *jaktskip* (13. mynd). Þetta voru oftast lítil skip, 15–30 smálestir, einsigld. Auk stór-

¹ Sigfús Jónsson 1984: 99.

segls var stundum toppsegl. Bugspjót var reist og framsegl þrjú: fremstur var klýfir, síðan stagsegl og aftast stagfokka. Jaktir þóttu góð skip, lestuðu vel, en sigling var í meðallagi. *Skonnorta* var næst algengasta seglskipið hér við land. Hún var tvísigld og aftursiglan hærri. Aftan á fram-siglu var svokallað skonnortusegl og stórsegl á aftursiglu og náði beitiásinn oft aftur fyrir skut. Framseglin voru þrjú eða fjögur. Að aftan var gaff eða skuti. Algengasta tegund þilskipa á ofanverðri níttjándu öld var *kútt-erinn* og voru flest þilskip við Faxaflóa með því lagi. Þetta voru hinir frægu ensku segltogarar, sem Bretar notuðu til togveiða áður en gufuskipin tóku við. Kúttarar Íslendinga voru flestir 40–90 rúmlestir, allir tvísigldir og fremri sigla mun hærri. Bugspjót var jafnan lárétt eða hallaðist örlítið upp. Framsegl voru tvö: klýfir og fokka. Aðalsegl eða stórseglið var gaffalsegl og toppsegl efst. Lítið gaffalsegl var á aftursiglu.

Eins og áður segir var eingöngu notað handfæri við þorskveiðar á þilskipunum, en auk skipstjóra voru að meðaltali 10–16 manns í áhöfn. Aldamótaárið 1900 voru t.d. 8–21 menn á skipum við Faxaflóa, 6–18 á skipum Vestfirðinga og 9–14 hjá Norðlendingum og Austfirðingum og er þetta í samræmi við stærð skipa á hverju svæði. Mikið þótti um vert að fá sem bestan stað við borðstokkinn í byrjun vertíðar, eins og síðar segir frá um veiðar Frakka. Oft var hlutkesti látið ráða; á sumum skipum réð skipstjóri eða stýrimaður staðsetningu manna, en yfirmenn renndu ætíð aftast á skipinu, en þar þótti fiskilegast. Verst þótti að vera fremst, en hættast var við færflækju miðskips. Við borðstokkinn voru festar svonefndar vaðbeygjur eða vaðhorn sem færði lék í, en vaðhornið var einn úr harðviði. Beita var mjög mismunandi eins og á opnu bátunum og áður hefur verið lýst, en eftir að íshús komu til sögunnar um síðustu aldamót og kælikassar um borð, jókst mjög notkun síldar til beitu. Áður hafði eingöngu verið notuð ljósabeita, þ.e. þyrsklingur, steinbítur, lúða, keila, karfi o.fl.¹ Oftast var gert að fiskinum á kvöldin og nóttunni og var það hálfgerð handarbaksvinna áður en karbítljósin komu til sögunnar.

Hásetar voru yfirleitt ráðnir upp á hálfdrátt, þ.e. þeir fengu helming af eigin drætti, en útgerðin hitt. Sama gildi um trosfisk, en seinna fengu hásetar allt trosið sjálfir. Skipstjóri var á föstu kaupum og fékk einnig aflaverðlaun af fullverkuðum fiski. Hver fiskimaður markaði sinn fisk og var mjög tafsamt að greina á milli þegar í land var komið. Eins og segir frá síðar, skáru Frakkar tunguna úr hverjum fiski sem þeir drógu og afhentu skipstjóra að lokinni vakt.

¹ Gils Guðmundsson 1977, 4: 144–150.

Selvogsgrunn var aðalveiðisvæði Sunnlendinga á vetrarvertíð, en síðan eltu skipin þorskinn inn í Faxaflóa og vestur fyrir Jökul, jafnvel alla leið á Vestfirðamið. Sumir héldu austur með landi og norður með Austfirðum. Vestfirsku skipin voru á öllu svæðinu frá Snæfellsnesi og norður á Húnaflóa. Framan af vertíð voru norðlensku skipin á Vestfirðamiðum og Húnaflóa, en færðu sig svo austar.

Í Landshagsskýrslum var aflinn alltaf gefinn upp í fjölda fiska og greint á milli stórþorsks og smáfisks. Miðað við árlegan fjölda fiskimanna á þilskipunum var landaður fjöldi fiska á mann á ári eftirfarandi:

Ár	Stórfiskur	Smáfiskur	Ár	Stórfiskur	Smáfiskur
1897	1153	771	1904	1140	850
1898	1296	884	1905	1216	939
1899	1509	1084	1906	1180	823
1900	1642	863	1907	1155	794
1901	1722	1132	1908	1663	1215
1902	1413	1298	1909	1682	991
1903	1542	880	1910	1941	1314

Hér eru sveiflur í aflamagni sem virðast í samræmi við veiðar Frakka á sama tíma (sjá 11. mynd). Úthaldstími þilskipanna var 20–25 vikur, eða 5–6 mánuðir og er því um að ræða lengri tíma en vertíðarúthald opnu bátanna. Þótt þessi munur sé tekinn með, er samt ljóst að afli þilskipanna á sóknareiningu (fjöldi fiska á sömu tímaeiningu) var meiri en á bátunum, þar sem 1000 fiskar í hlut var talinn afbragðsafli, en meðalafli helmingur af því eða minna.

Nú hillti undir endalok árabáta- og þilskipatímabils. Árið 1903 var sett vél í opna bátinn Stanley á Ísafirði og með því hófst vélvæðing smábátanna. Fyrsti gufutogari sem Íslendingar áttu sjálfir, Coot (blesönd) hóf veiðar hér við land 1905 og nú varð brátt skammt stórra högga á milli í tæknivæðingu skipa og veiða.

II. Veiðar útlendinga

Englendingar

Breskir sagnfræðingar hafa lítið sem ekkert sinnt rannsóknum á veiðum Englendinga á Íslandsmiðum. A. R. Mitchell telur helstu ástæðu þessa tómlætis vera þá, að fiskurinn af Íslandsmiðum hafi að langmestu leyti farið til neyslu innanlands, en örlítið verið flutt til Norður-Frakklands. Að áliti Mitchells, höfðu þessar veiðar því ekki sama frásagnargildi og síldveiðar í Norðursjó eða þorskveiðar við Nýfundnaland, en hvoru tveggja voru mikilvægir þættir í útflutningsverslun Englendinga þegar í lok 16. aldar.¹

Íslenskar heimildir eru því aðallega til frásagnar um upphaf veiða Englendinga hér við land. Fyrsta örugga samtímaheimild um þetta er í Nýja Annál fyrir árið 1412: „Kom skip af Englandi austur fyrir Dyrhólaey; var róið til þeirra og voru fiskimenn út af Englandi“.² Eins og áður segir frá um deilur Hinriks V og Eiríks af Pommern um veiðiréttindi við Ísland, héldu Englendingar því fram árið 1415 að þeir hefðu stundað veiðar á Íslandsmiðum nokkur undanfarin ár. Enski sagnfræðingurinn Dorothy Burwash álitur að enskir duggarar hafi siglt til Íslands þegar á 14. öld³ og af þeim sökum telur Björn Þorsteinsson að varlega áætlað megi setja upphaf enskra siglinga hingað til lands á síðasta áratug 14. aldar.⁴

Á öndverðri 15. öld eru nafngreindar 16 borgir á vesturströnd Englands sem höfðu viðskipti við Ísland eða sendu þangað fiskiskip, en með tímanum urðu Hull, Kings Lynn og Bristol aðalbækistöðvar ensku Íslandsfaranna. Verslunarskip fylgdu í kjölfar fiskiskipanna og brátt jukust viðskipti milli landanna, m.a. vegna þess að Norðmenn virtust ekki hafa getað staðið við það ákvæði í Gamla sáttmála að senda hingað sex verslunarskip árlega. Áður eru raktar nokkuð þær deilur, sem urðu með Dönum og Englendingum á 15. og 16. öld, og enduðu með því að þeir

síðarnefndu voru smátt og smátt flæmdir í burtu úr landstöðvum sínum á ofanverðri 16. öld.

Ítalski landkönnuðurinn John Cabot kom að meginlandi Norður-Ameríku og Nýfundnalandi 1497 og greiddi Hinrik VII Englandskonungur honum 20 sterlingspund fyrir, en til eru heimildir um að fiskimenn frá Bristol hafi siglt til Nýfundnaland á undan Cabot.¹ Ekki er víst að Englendingar hefðu verið jafnlínir í átökunum við Dani og Þjóðverja hér á landi á 16. öld, ef veiðarnar við Nýfundnaland hefðu ekki verið komnar til sögunnar. Þeir beindu veiðum sínum þangað í æ ríkara mæli og lögðu undir sig Nýfundnaland 1583 og urðu Frakkar þá að fiska utar, sem leiddi til þess að þeir fundu þar mjög fengsæl fiskimið. Veiðarnar á Nýfundnalandsmiðum voru einungis stundaðar frá bæjunum á suðvesturströnd Englands, en fiskimennirnir á austurströndinni sóttu á miðin í Norðursjó og við Ísland.

Um 1600 voru um 500 ensk skip við veiðar á Nýfundnalandsmiðum; þau lögðu af stað í apríl og komu heim í september. Árið 1792 voru þau um 300, en fækkaði mjög í Napóleonsstyrjöldunum og 1817 voru þau enn 50 og komin niður í 15 árið 1823. Skipin voru allt að 300 tonn með 40 manna áhöfn á móti 50–100 tonnum við Ísland og 10 manna áhöfn.²

Eins og áður segir, sendi Hinrik V Englandskonungur árið 1415 tilskipun til 16 borga á austurströnd Englands um veiðar þegna sinna við Ísland. Hér var um að ræða bæi allt frá Newcastle í norðri til Harwich í suðri, þar á meðal Grimsby, Hull og Yarmouth.³

Til eru reikningar frá 1538 um Íslandsútgerð skipsins Mary Walsingham frá Dunwich, sem gert var út af Henry Tooley frá Ipswich. Þar segir að skreiðin hafi selst á 34 s. 4 d. hundraðið, en langan á 90 s. hundraðið. Áhöfnin var upp á hlut: skipstjórinn fékk 8 hluti, þrír stýrimenn skiptu 12 hlutum á milli sín, en aðrir í áhöfninni fengu einn hlut hver. Skipin lögðu af stað til Íslands í mars og komu heim í ágúst, venjulega í fylgd eins eða fleiri herskípa. Siglingin frá Kings Lynn á austurströnd Englands tók um 14 daga, eða 70 sjómíllur á dag, sem vel stenst samjöfnuð við siglingu kúttaranna 350 árum seinna.⁴

Af þeim 449 skipum í enska fiskveiðiflotanum sem getið er um árið 1528 fóru a. m. k. 149 til veiða á Íslandsmiðum og 80 á miðin við Hjaltland.

¹ Mitchell, A. R. 1977: 161.

² Ann. Bmf. 1: 16, Nýi Annáll.

³ Burwash, Dorothy 1947: 127.

⁴ Björn Þorsteinsson 1990: 13.

¹ Williamson, James A. 1962.

² Benham, Hervey 1979: 7–8.

³ Sandurinn gleypti síðar margar þessar hafnir, en sumar risu afur úr öskustónni eins og Grimsby, eftir að járnbraut hafði verið lögð þangað um miðja síðustu öld.

⁴ March, Edgar J. 1970: 3.

Af þessum skipum komu 62 eða 14% frá Yarmouth á austurströnd Englands. Í byrjun 17. aldar voru 120 skip gerð út þaðan og á fjórða tug aldarinnar, þegar þorskveiðar Englendinga urðu hvað mestar, kom um helmingur alls enska flotans, eða um 200 skip, frá Yarmouth. Um miðja 17. öld dró mjög úr þorskveiðum Englendinga við Ísland og í Norðursjó; á áttunda áratugnum voru skipin frá Yarmouth um 70 talsins og færri en 30 á átjándu öldinni. Í öðrum útgerðarstöðvum dró jafnvel enn meira úr sókninni á Íslandsmið.¹

Litlum sögum fer af veiðum Englendinga hér við land á 18. öld. Útgerðarstaðir höfðu smám saman færst suður með austurströnd Englands, m.a. sökum versnandi hafnarskilyrða norðar, en einnig vegna þess að nú höfðu menn uppgötvað nýja tækni til að koma með góðan fisk að landi. Hér var um að ræða sjóþróna, sem kom til sögunnar í byrjun 18. aldar og gerði mönnum kleyft að geyma fiskinn lifandi um borð í fiskiskipum og selja ferskan á stóru fiskmörkuðunum eins og Billingsgate í London. Eftir 1830 var fiskur svo sendur með járnbrautum um allt land.


Upp úr miðri 19. öld færðist þungamiðja útgerðarinnar til bæjanna við Humberfljót. Árið 1876 voru t.d. gerðir út 429 kúttar frá Grimsby og 386 frá Hull, en þeir voru aðallega 56–80 tonn.² Flest notuðu þessi skip svokallaða bjálkavörpu, sem dró nafn sitt af því að varpan var að ofan fest við bjálka sem hélt henni opinni. Upprunalega var bjálkinn 12–14 fet en var að lokum kominn upp í 50 fet og má nærri geta hve erfitt hefur verið að ráða við slíkan drumb í slæmu verðri. Bjálkinn hvíldi á báðum endum á kjálkum úr járni er héldu honum um 4 fet frá botni, en á neðra borði vörpuopsins var keðja eða kaðall, sem festur var í kjálkann. Fyrsta hleravarpan sá dagsins ljós í bænum Granton í Skotlandi árið 1894 og er því oft kölluð Grantonvarpa. Hún reyndist mjög vel strax í upphafi og fjórum árum seinna var hún notuð af öllum breskum gufutogurum, en gafst ekki jafnvel á segltogurunum, enda var þeirra saga brátt á enda. Gufuvél var fyrst sett í franskan togara árið 1876, en 6 árum síðar í enskan togara og hefjast þá togveiðar Breta fyrir alvöru.³ Með þessu voru segltogarar úr sögunni, en eins og áður segir, nutu Íslendingar góðs af og fengu nú mörg góð skip við vægu verði.

Dæmigerður enskur kúttar á seinni hluta 19. aldar var 60–80 tonn með 9–11 manna áhöfn auk 4–5 viðvaninga. Á minni skipunum var áhöfnin

¹ Mitchell, A. R. 1977: 164.

² March, Edgar J. 1970: 40–41.

³ Wood, Henry 1956: 15–16.



14. mynd. Enskur kúttar, Hibernia, G. Y. 169, 83 tonn, að veiðum í Norðursjó árið 1892. – Edgar J. March 1970.

upp á hlut, en á föstu kaupi á þeim stærri. Veiðarfærin á Íslandsmiðunum voru annað hvort handfæri eða lína. Handfærið var 30–45 faðmar með 5–11 punda blýsökku, en í gegnum hana gekk teinn og voru 6 feta öngul-taumar á hvorum enda teinsins (14. mynd).

Upp úr 1860 voru 180 lóðir í einni lögn og lóðin 40 faðmar. Á hverri lóð voru 28 taumar, 1 faðmur á lengd með 1 faðms millibili. Heildarlengd slíkrar línu var um 7200 faðmar eða 7 sjómílar og önglafjöldinn 4680. Í hverju bjóði voru 12 til 16 lóðir.¹

Beitukóngur var algengasta beitan hjá handfæra- og línubátum Englendinga á Íslandsmiðum, en hann er seigur í fiskinn og tollir því vel á öngli. Var hann mikið veiddur við England í þessu skyni og geymdur lifandi um borð í fiskiskipunum. Næst launum, afskriftum og fæði skips-

¹ March, Edgar J. 1970: 21–22.

hafnar var þetta dýrasti liður útgerðarinnar. Mörg skipin höfðu með sér nokkur síldarnet til að afla beitu, en ný síld þótti mjög góð beita. Oft var tinfiskur á önglunum, en viðvaningar steyptu hann úr blýi í mótum úr tré eða kartöflu. Einkennilegasta beitan voru þó bútar úr tólgarkertum sem þræddir voru á öngulinn og fengust stundum nokkrir tugir þorska á sama bótinn.¹

Veiðiferðin til Íslands tók alls um 14 vikur. Að lokinni fyrstu veiðiferð var oft landað á Hjaltlandi, Orkneyjum, nyrst í Skotlandi eða jafnvel í Færeyjum. Í annarri ferð var landað á sömu stöðum, en í þeirri þriðju og síðustu sem lokið var í september eða október var besti þorskurinn og lúðan sett í sjóþróna og seld fyrir gott verð á fiskmarkaðinum í Billingsgate.² Franska herskipið „Loiret“ rakst á um 40 ensk fiskiskip við Langanes í byrjun ágúst 1874.³

Hollendingar

Helstu heimildir um veiðar Hollendinga hér við land á 17. og 18. öld eru í bók Marie Simon Thomas, sem út kom árið 1936. Skipstjóri á hollenskum hvalveiðibáti á leið til Grænlands, rakst á mikið af þorski út af Norðurlandi í lok júnímánaðar 1618. Þrátt fyrir ábendingar hans, er þó ekki vitað um veiðar Hollendinga hér við land fyrr en árið 1655, er skipstjóri að nafni Jelle Alberts frá Vlielandi landaði farmi af saltfiski á markaðinum í Rotterdam, eftir 11 vikna úthald við Ísland. Tekið er fram um sösluna á þessum farmi, að verð miðaðist við fisk sem ekki væri minni en 22 tommur með sporði; fyrir smærri fisk skyldu tveir fiskar koma í stað eins. Næsta ár kom Jelle aftur með farm af Íslandsmiðum, rúmlega 10 þúsund fiska að verðmæti 1608 florinur og var hann seldur til Frakklands. Elstu heimildir um toll á fisk veiddan við Ísland eru frá 1679.⁴ Í Vallholtsannál er fyrst getið um hollenskt skip 1661⁵ og höfundur Ballarárannáls nefnir að vegna styrjaldanna milli Hollendinga og Englendinga hafi engin skip þeirra fyrrnefndu komist til veiða við Ísland árið 1665.⁶ Í annálunum eru verslunarskip blátt áfram nefnd skip, en fiskiskip kölluð duggur. Hollendingar nefndu verslunarskipin oft galjots (galjótur), en fiskiskipin

¹ Benham, Hervey 1979: 115–116.


² March, Edgar J. 1970: 16.

³ Giödesen, P. F. 1874: 141.

⁴ Thomas, Marie Simon 1936: 156.

⁵ Ann. Bmf. 1: 356, Vallholtsannál.

⁶ Sama rit 3: 224, Ballarárannál.



15. mynd. Hollensk húkkorta að veiðum við Ísland 1785. 1. Á siglingu. 2. Línan lögð; hraðanum var stjórnað með því að rífa stórseglið, en því mátti einnig aka með taumum, sem festir voru yst á segrána. 3. Línan dregin; stórseglið alveg fellt og skipið mjakast áfram á stagsigli og skutsegli. 4. Handfærin úti; skipið flatrekur með skutsegli og hálfrið stórsegl. – Hervey Benham 1979.

doggers (duggur) og síðar hoekers (húkkortur). Síldveiðarnar í Norðursjó voru mikilvægasti þátturinn í útgerð þeirra, en þorskveiðar við Ísland voru umtalsverð búbót, einkum yfir sumarmánuðina.

Eins og sést á 15. mynd voru húkkorturnar breið skip, með bogið stefni og skut. Þær höfðu langt bugspjót, þversigli á stórmastri sem var nærri miðskips. Afturmastur var lágt og með lítilli þríhyrnu. Skip dönsku konungsverslunarinnar eru greinilega snúðin eftir hollensku húkkortunum, eins og áður er bent á.

Til eru skýrslur um fjölda hollenskra fiskiskipa við Ísland á árunum 1751–1786 og ennfremur 1802–1852 (10. tafla). Að auki er eftirfarandi vit-

10. tafla. Veiðar Hollendinga við Ísland 1751–1852.
Heimild: Marie Simon Thomas (1935).

Ár	Fjöldi skipa	Meðalafli á skip (lestir)	Ár	Fjöldi skipa
1751	73	12	1805	20
1752	64	7	1806	4
1753	56	20	1807	2
1754	95	11	1808	6
1755	76	15	1809	3
1756	95	2–4	1810	2
1757	111	lítill	1811	2
1758	94	góður	1812	–
1759	124	miðlungs	1813	–
1760	?	15	1814	4
1761	123	20	1815	5
1762	142	sæmilegur	1816	7
1763	148	sæmilegur	1817	–
1764	113	sæmilegur	1818	10
1765	140	sæmilegur	1819	15
1766	155	10	1820	13
1767	157	9	1821	12
1768	160	5	1822	13
1769	137	8	1823	8
1770	126	14	1824	11
1771	145	6	1825	15
1772	121	7	1826	9
1773	107	5	1827	12
1774	83	8	1828	11
1775	78	5	1829	15
1776	36	9	1830	15
1777	22	16	1831	17
1778	24	góður	1832	18
1779	61	16	1833	17
1780	63	20	1834	9
1781	–	–	1835	14
1782	–	–	1836	10
1783	41	lítill	1837	4
1784	49	lítill	1838	–
1785	52	miðlungs	1839	4
1786	58	?	1840	3
1802	24		1841	5
1803	13		1842	1
1804	22		1843	2

10. tafla. (framhald)

Ár	Fjöldi skipa	Meðalafli á skip (lestir)	Ár	Fjöldi skipa
1844	2		1849	6
1845	2		1850	3
1846	2		1851	3
1847	3		1852	5
1848	5			

að um skipafjölda við Ísland á næst seinasta áratug 17. aldar: 1683 – 7 skip, 1684 – 26 skip, 1685 – 20 skip, 1686 – 14 skip, 1687 – 9 skip, 1688 – 5 skip, 1689 – 7 skip og loks 9 skip 1690.¹ Einnig er vitað um meðalafla á skip árin 1751 til 1785 og er hann gefinn upp í lestum.²

Aðalútgerðarstaðir fyrir Íslandsveiðar Hollendinga voru Maasluis, Vlardingem og Schiedam. Skipin héldu venjulega til Íslands í lok mars og komu heim í lok september. Þetta var langt úthald og fyrir kom að fiskur skemmdist á heimleiðinni. Af þeim sökum byggðu Hollendingar hraðskreið flutningaskip svokallaða jagara, sem sóttu fiskinn og fluttu heim. Þau tóku um 50 lestir, en fiskuðu sjaldan sjálf. Venjulega tók hver ferð þeirra um mánaðartíma.


Eins og fram kemur í 10. töflu smáfjölgæði skipunum á Íslandsmiðum fram til ársins 1768, en það ár voru 160 hollensk skip að veiðum við landið. Síðan dró úr sókninni og voru skipin orðin 24 árið 1802. Um miðja síðustu öld stunduðu einungis 3–5 hollensk skip veiðar við Ísland. Ófriður í Evrópu og markaðshorfur réðu miklu um veiðarnar, en Frakkar tóku við miklu af þeim þorski sem Hollendingar veiddu hér við land. Marie Simon Thomas segir að 15 lestir hafi nægt fyrir öllum kostnaði í einni veiðiferð.³

Gangur veiðanna var þó ekki einungis háður gæftum, verðlagi eða ófriði, heldur virðast náttúrulegar sveiflur í stærð þorskstofnsins einnig hafa ráðið nokkru. Samkvæmt 10. töflu var meðalafli skipa mjög mismunandi frá ári til árs: minnstur var hann 5 lestir árið 1768 en mestur 20 lestir 1780. Á 16. mynd er borinn saman afli Hollendinga og Frakka á sóknar-einingu árin 1766–1780 og er samræmið furðugott og kemur einnig heim

¹ Thomas, Marie Simon 1936: 162 og töflur J og N.

² Lest er hér notuð sem þýðing á hollenska orðinu „last“ sem samsvarar tveimur tonnum.

³ Thomas, Marie Simon 1936: 176.



16. mynd.
Samanburður á
afla Frakka og
Hollendinga á
sóknareiningu
við Ísland á
árunum
1766–1780.

við aflbrögð Íslendinga á sama tíma. Hollenskar heimildir segja léleg aflbrögð 1756 stafa af miklum ís við landið og íslenskir annálar nefna að það ár hafi hafís rekið um Jónsmessuleytið vestur með Suðurlandi allt að Reykjanesi.¹ Höskuldsstaðaannáll segir fisk ekki hafa fengist úr sjó á Skaga og norðurniðum fyrr en í sextánda viku sumars og ísinn ekki rekið út fyrr en í 19. viku sumars.²

Frakkar

Meira er vitað um veiðar Frakka en nokkurra annarra útlendinga hér við land. Þeir hafa sjálfir ritað mikið um Íslandsveiðar sínar og rekur Elín Pálmadóttir helstu heimildir í bók sinni Fransí biskví, sem út kom árið 1989. Þar hefur Elín safnað saman fróðleik um veiðarnar, en tölur eru til um aflbrögð þeirra hér við land, allt frá árinu 1763. Að auki er vitað um fjölda skipa og sjómanna á hverju ári. Frönsku sjómennirnir veiddu einungis á handfæri og af þeim sökum eru til upplýsingar um afla á sóknareiningu á árunum 1763–1900, en veiðarnar við Ísland lögðust að mestu af

¹ Ann. Bmf. 4: 374, Ölfusvatnsannáll.

² Sama rit 4: 498, Höskuldsstaðaannáll.

11. tafla. Aflbrögð Frakka við Ísland 1763–1900.
Heimild: Elín Pálmadóttir (1989).

Ár	Fjöldi skipa	Fjöldi sjóm.	Tonn landað	Tonn/ skip	Tonn/ mann	Ár	Fjöldi skipa	Fjöldi sjóm.	Tonn landað	Tonn/ skip	Tonn/ mann
1763 ...	6	48	141	23,5	2,9	1823 ...	41	570	2062	50,3	3,6
1764 ...	23	184	441	19,2	2,3	1824 ...	50	692	2881	57,6	4,1
1765 ...	42	336	877	20,9	2,6	1825 ...	49	696	2812	57,4	4,0
1766 ...	64	512	1131	17,7	2,2	1826 ...	67	1089	4157	62,0	3,8
1767 ...	66	528	945	14,3	1,7	1827 ...	76	1107	3750	49,3	3,3
1768 ...	63	504	1036	16,4	2,0	1828 ...	82	1253	5738	70,0	4,5
1769 ...	56	448	1166	20,8	2,6	1829 ...	77	1223	3949	51,3	3,2
1770 ...	42	336	1248	29,7	3,7	1830 ...	71	1185	4892	68,9	4,1
1771 ...	48	384	1248	26,0	3,2	1831 ...	63	795	3927	62,3	4,9
1772 ...	57	456	1728	30,3	3,7	1832 ...	73	926	4347	59,5	4,6
1773 ...	58	464	1329	22,9	2,8	1833 ...	70	881	4435	63,3	5,0
1774 ...	66	528	1620	24,5	3,0	1834 ...	84	1088	4927	58,6	4,5
1775 ...	65	520	1579	24,3	3,0	1835 ...	112	1429	4575	40,8	3,2
1776 ...	60	480	1431	23,8	2,9	1836 ...	114	1350	4628	40,6	3,4
1777 ...	60	480	1660	27,7	3,4	1837 ...	85	992	4895	57,6	4,9
1778 ...	–	–	297	–	–	1838 ...	106	1243	6365	60,0	5,1
1779 ...	70	560	1485	21,2	2,6	1839 ...	102	1257	4577	44,9	3,6
1780 ...	70	560	1890	27,0	3,3	1840 ...	76	930	3910	51,4	4,2
1781 ...	70	560	1653	23,6	2,9	1841 ...	66	924	3917	59,3	4,2
1782 ...	86	688	4468	51,9	6,4	1842 ...	73	1065	4171	57,1	3,9
1783 ...	70	560	2651	37,9	4,7	1843 ...	79	1127	4874	61,7	4,0
1784 ...	72	576	2110	29,3	3,6	1844 ...	87	1268	4275	49,1	3,3
1785 ...	62	496	2475	39,9	4,9	1845 ...	79	1127	4618	58,4	4,0
1786 ...	60	480	1532	25,5	3,1	1846 ...	91	1493	5553	61,0	3,7
1787 ...	51	408	1875	36,8	4,5	1847 ...	87	1339	4691	53,9	3,5
1788 ...	59	472	2125	36,0	4,5	1848 ...	78	1315	5508	70,6	4,1
1789 ...	58	464	1957	33,7	4,2	1849 ...	68	1197	4689	68,9	3,9
1790 ...	45	360	1552	34,5	4,3	1850 ...	88	1602	5778	65,6	3,6
1791 ...	36	288	1080	30,0	3,7	1851 ...	122	1709	6664	54,6	3,8
1792 ...	40	320	1330	33,2	4,1	1852 ...	131	1854	6419	49,0	3,4
1814 ...	4	63	229	57,2	3,6	1853 ...	109	1553	6700	61,5	4,3
1815 ...	27	393	1238	45,8	3,1	1854 ...	109	1577	5673	52,0	3,5
1816 ...	60	863	2435	40,6	2,8	1855 ...	101	1500	5013	49,6	3,3
1817 ...	52	768	1854	35,6	2,4	1856 ...	128	1511	5025	39,2	3,3
1818 ...	31	417	1370	44,2	3,2	1857 ...	176	2695	8887	50,5	3,2
1819 ...	30	442	1516	50,5	3,4	1858 ...	191	3055	11877	62,2	3,8
1820 ...	42	600	1961	46,7	3,2	1859 ...	222	3424	8937	40,2	2,6
1821 ...	44	613	2211	50,2	3,6	1861 ...	226	3582	14737	65,2	4,1
1822 ...	43	559	2010	46,7	3,5	1862 ...	231	3731	12302	53,2	3,2

11. tafla. (framhald)

Ár	Fjöldi skipa	Fjöldi sjóm.	Tonn landað	Tonn/ skip	Tonn/ mann	Ár	Fjöldi skipa	Fjöldi sjóm.	Tonn/ landað	Tonn/ skip	Tonn/ mann
1863	235	3814	10565	44,9	2,7	1882	211	3696	12013	57,0	3,1
1864	260	4337	10892	41,9	2,5	1883	236	4148	13082	55,4	3,9
1865	247	4031	10663	43,2	2,6	1884	347	6084	11193	32,3	1,4
1866	221	3708	8822	39,9	2,3	1885	314	5576	12913	41,1	2,8
1867	232	3800	9075	39,1	2,3	1886	205	5327	11629	56,7	2,0
1868	262	4000	11522	44,0	2,8	1887	149	2619	10196	68,4	3,9
1869	289	4984	11825	40,9	2,3	1888	219	3723	11654	53,2	3,1
1870	299	5128	12897	43,1	2,5	1889	178	3123	12764	71,7	4,6
1871	226	3847	8536	37,8	2,2	1890	153	2808	10669	69,7	3,1
1872	252	4394	10809	42,9	2,4	1891	163	2958	11561	71,0	3,4
1873	230	4035	11051	48,0	2,7	1892	167	3171	13195	79,1	4,8
1874	208	3856	12246	58,9	3,1	1893	175	3362	16623	95,0	4,8
1875	220	4000	13438	61,1	3,3	1894	212	4003	14568	68,8	3,1
1876	228	3942	11589	50,8	2,9	1895	238	4252	13293	55,8	3,4
1877	244	4314	13102	53,6	3,9	1896	214	4052	11852	55,4	2,5
1878	267	4723	12951	48,5	2,3	1897	190	3733	10542	55,4	2,2
1879	321	5628	15305	47,6	2,9	1898	186	3534	9239	49,6	2,8
1880	269	4556	16827	62,5	3,1	1899	158	3111	10491	66,3	3,8
1881	202	3436	9695	47,9	2,5	1900	149	3191	11115	74,5	3,4

í frönsku stjórnarbyltingunni og Napóleonsstyrjöldunum árin 1793–1813 (11. tafla).

Árið 1614 sendi Jean de Clerc útgerðarmaður í Dunkerque skip sín til Íslands og Grænlands í leit að hvölum. Ekki segir frá hvalagöngum, en Frakkar urðu varir við mikið af þorski er leiddi til þess að de Clerc sendi tveim árum seinna sjö skip til þorskveiða við Ísland. Lúdvík konungur XIV gerði sér grein fyrir mikilvægi veiðanna við Ísland, bæði til fæðuöflunar og ekki síður því að þjálfa sjómenn fyrir ört vaxandi herskipaflota sinn. Þess vegna veitti hann árið 1618 hverju Íslandsfari á þorskveiðum 3 þúsund franka styrk.¹

Árið 1700 voru sex skip gerð út frá Dunkerque til þorskveiða við Ísland og tvöfalt fleiri um miðja öldina, en vegna ófriðar og samkeppni við Hollendinga varð lítið um veiðar fram til 1730, en þá fóru nokkrar duggur, 50–60 tonna með 7–8 manna áhöfn á Íslandsmið. Átök við Engendinga komu þó í veg fyrir Íslandsveiðar á árunum 1744–1751, en eftir

¹ Elín Pálmadóttir 1989: 68.

það smájókst sóknin á Íslandsmið og náði hámarki 1782 er 86 skip voru þar að veiðum (11. tafla).

Árið 1767 sendi franska ríkisstjórnin freigátu til aðstoðar fiskimönnum sínum á Íslandsmiðum. Foringi freigátunnar, sem hét La Folle, var Yves Joseph Kerguelen de Tremereque og mældi hann dýpi víða á Vestfjörðum og lýsti m.a. helst höfnum fyrir vestan land og austan. Annan leiðangur sendu Frakkar fjórum árum seinna undir forystu Verduns de la Crennes og má segja að þar hafi verið lagður grundvöllur að sjómælingum við Ísland.¹

Til þess að auka afköst fiskiskipanna sendu Frakkar þegar árið 1767 tvö hraðskreið flutningaskip til þess að flytja aflann heim til Frakklands. Þau fiskuðu einnig framan af vertíðinni til þess að geta fengið styrkinn, sem ríkisstjórnin veitti til veiðanna.

Að loknum Napóleonsstyrjöldunum 1814 tóku Frakkar til við veiðar á Íslandsmiðum á nýjan leik, en tölur um aflabrogð frá 1841–1850 eru einungis frá Dunkerque-skipunum, en þaðan komu þau flest. Sóknin jókst jafnt og þétt er leið á öldina og urðu skipin flest 347 árið 1884 með 6084 fiskimönnum.

Eins og kemur fram í 11. töflu er vitað um fjölda fiskimanna á hverju ári eftir 1814, en á skipum þeim sem hingað sigldu á 18. öld voru einungis 7–8 menn, enda voru þau mun minni en þau sem á eftir komu. Á 19. öldinni smástækkðu skipin og jafnframt fjölgaði í áhöfninni, úr fimmtán á þriðja áratug í nítján á seinasta áratug.


Þetta voru vönduð skip og veitti ekki af í veðurhaminum við Ísland. Voru þau að þróast alla nítjándu öldina frá loggortum í hinar tignarlegu *gólettur*, sem að öllum búnaði voru sniðnar eftir íslenskum aðstæðum. Dæmigerð góletta var 180 tonna tréskip, 35 m á lengd, 7,5 m á breidd með 4 m djúpristu og slegin að neðan með koparþynnnum.² Neðsti hluti skipsins var úr álmi, eik eða aski en ofan sjólinu úr beyki. Öldustokkur var úr harðviði en þilfar úr furu.³ Gólettarnar voru tvímastra með löngu bugspjóti og fjórum framseglum: jagari var fremstur, þá ytri og innri klýfir og loks stagfokka (17. mynd). Fremri sigla var lægri og á henni gaffalsegl að neðan, en að ofan var einkennissegl gólettana, hið svokallaða rúllusegl, sem hægt var að vinda saman frá þilfari, svo ekki þurfti að hætta sér upp í reiða í vitlausu veðri. Á aftari siglu var gaffal-stórsegl og toppsegl.⁴

¹ Jón Jónsson 1988: 165.

² Elín Pálmadóttir 1989: 269.

³ Dubois, Jaques 1981: 204.

⁴ Elín Pálmadóttir 1989: 269.



17. mynd. Frönsk góletta að veiðum á Íslandsmiðum. – Elín Pálmadóttir 1989.


Áður en komið var á Íslandsmið var dregið um stað manna við borðstokkinn, en síðan færðist hver aftur um eitt pláss á vikufresti, stýrimaður átti rétt á sama stað aftast á skipinu.¹ Bjarni Sæmundsson segir Frakka hafa getað fiskað á allt að 80–90 faðma dýpi við Vestur- og Norðurland og nærfellt 150 föðmum við Austurland.² Þegar hann var með danska rannsóknaskipinu Thor árið 1904 rákust þeir á franska gólettu, þar sem 12 menn voru að draga þorsk, en dýpið á þessum stað var 375 faðmar og hlutu þeir því að vera að fá fiskinn langt uppi í sjó. Lögðu þeir á Thor flotlínu á 70–140 faðma dýpi og Bjarni reyndi færi á sextugu og fékkst dágóður afli af þorski.³

Frakkar komu venjulega um miðjan mars og fram í miðjan maí fiskuðu þeir á svæðinu frá Eystrahorni að Reykjanesi, en sumir fluttu sig svo með

¹ Dubois, Jaques 1981: 201.

² Bjarni Sæmundsson 1896: 124–125.

³ Jón Jónsson 1988: 161.



18. mynd. Helstu veiðisvæði Frakka við Ísland. – Elín Pálmadóttir 1989.

þorskinum vestur, þar sem þeir fiskuðu út af Patreksfirði, Ísafjarðardjúpi og Norðurlandi. Aðrir héldu hins vegar á miðin út af Suðausturlandi og Austfjörðum að Langanesi (18. mynd). Heim fóru þeir svo upp úr miðjum ágúst.

Eins og áður segir, notuðu Frakkar einungis handfæri á Íslandsmiðum og var það með líku sniði og hjá Hollendingum og Englendingum. Þrjár vaktir voru um borð og stóð hver maður sex tíma. Hluttur hvers var reiknaður eftir þeim tungufjölda sem hann afhenti skipstjóra á hverjum degi. Þóttu 3000–4000 þorskar góður hluttur yfir úthaldið og afburða fiskimenn komust stundum í sex þúsund fiska.¹

Bretónarnir söltuðu þorskin í stafla í lestinni og var honum umskipað í flutningaskip í Reykjavík áður en fiskiskipin héldu vestur. Flandrarar söltuðu aftur á móti í tunnur og komust um 400 í lestina og fluttu þeir fiskinn sjálfir út. Í riti sínu um veiðar Frakka við Nýfundnaland, Ísland og í Norðursjó notaði Henri du Rin tunnur Flandraranna sem mælieiningu. Fram til 1785 voru talin 135 kg af blautsöltuðum þorski í tunnunum; síðan 125 kg til 1853; þá 134 kg til 1862 og loks 142 kg eftir það. Blautsaltaður

¹ Elín Pálmadóttir 1989: 50.

þorskur var talinn vega þriðjung af fiski upp úr sjó.¹ Á 11. mynd er sýndur afli Frakka við Ísland, mældur sem tonn á mann á ári og eins sem jafnað línurit. Ekki virðist jafnmikið sambengi við skammvinnar hitasveiflur og í afla Íslendinga, enda voru skip Frakka ólíkt betur búin en íslensku bátarnir. Þeir gátu verið að í verra veðri og fylgt eftir fiskgöngunum. Frakkar stunduðu einnig veiðar fyrir vestan, norðan og austan land og nýttu þannig mun stærri hluta stofnsins og voru því ekki jafnháðir sveiflum í stærð hrygningarstofnsins og Íslendingar. Aftur á móti virðist vera um að ræða langæar sveiflur í afla Frakka. Eftir að þeir hófu veiðar við Ísland á nýjan leik 1814, jókst afli á sóknareiningu verulega fram á miðjan fimmta áratug, en féll svo jafnt og þétt og varð minnstur á sjöunda áratugnum og er það í góðu samræmi við lækkingu hitans á þessu tímabili. Síðan jókst afli á sóknareiningu á ný fram undir aldamót, en ekki virðist frostaveturinn mikli 1881 hafa haft mikil áhrif á veiðar þeirra, því að það ár var afli á mann 2,5 tonn eða rúm 80% af meðalafla áratugsins á undan, enda frosthörkurnar að mestu um garð gengnar þegar frönsku skipin komu á miðin.

Samkvæmt upplýsingum í bókinni um Yves frænda kostaði nýtt skip 150 franka á lest á síðasta fjórðungi 19. aldar, 170 franka 1910, 800 franka 1918 og 900 franka 1924 eða 180 þús. franka fyrir 200 lesta Íslandsfar, en við það réðu menn ekki. Jafnhliða auknum kostnaði var Frökkum bannað að umferma fisk innan íslenskrar landhelgi árið 1922 og urðu þá að hætta við seinni hluta veiðiferðarinnar. Árið 1914 voru frönsku skipin hér við land alls 112, en veiðar lögðust af í fyrri heimsstyrjöldinni og eftir það má segja að veiðar þeirra séu að mestu leyti úr sögunni. Eins og Yves frændi segir, þá féll tjaldið fyrir síðasta þáttinn í hinni miklu sögu frönsku fiskimannanna við Ísland, þegar gólettan La Glycine kom inn í höfnina í Pompól árið 1935.²

Talið er að um 400 frönsk fiskiskip hafi farist hér við land og með þeim um 4000 fiskimenn.

III Niðurlag

Íslendingar stunduðu veiðar á opnum bátum í þúsund ár, en þilskipa-veiðar hófust ekki að ráði fyrr en um miðja síðustu öld. Tala skipsrúma gefur til kynna að sóknargeta flotans hafi aukist um 50% frá lokum 18. aldar og fram á miðja níttjándu öld. Sóknin hélst svo nokkuð jöfn fram til aldamóta 1900, þegar vélbátar og togarar tóku við. Þó verður að slá þann varnagla, að ekki er víst að allar þóftur hafi verið setnar á hverju ári og vitaskuld réði veður mestu hvort róið var eða ekki. Eins takmarkaðist veiðisvæði bátanna af því að landa þurfti aflanum daglega og draga alla báta í vör að loknum róðri. Sjóslysin voru einnig skelfileg, t.d. drukkuðu 165 sjómenn sama daginn árið 1700.

Lítið sem ekkert er vitað um sókn Englendinga á Íslandsmið. Hún virðist hafa verið mest fyrri hluta 16. aldar og svo aftur að loknum Napóleonsstyrjöldunum. Mestar urðu veiðar Hollendinga á sjöunda áratug 18. aldar þegar 141 skip stundaði veiðar hér við land, en síðan smádró úr sókn þeirra, og var þessum veiðum að mestu lokið um miðja síðustu öld.

Veiðar Frakka jukust hins vegar að miklum mun á 19. öldinni og náðu hámarki á miðjum níunda áratug þegar 347 skip voru að veiðum við landið. Síðan smáfækkaði skipunum og voru þau orðin 149 um aldamótin.

Ætlað er að meðalþorskafla Íslendinga, Hollendinga og Frakka hafi verið 34 þús. tonn (upp úr sjó) á árunum 1766–1777. Íslendingar tóku þrjá fjórðu þessa afla, Hollendingar 15% og Frakkar afganginn. Hundrað árum seinna er heildarafli Frakka og Íslendinga 56 þúsund tonn á ári og af því veiddu Frakkar rúmlega helminginn. Þetta er þó einungis brot af því, sem aflast hefur á undanförunum áratugum, og getur ekki hafa valdið neinu um ástand stofnsins. Íslendingar sóttu mest í hrygningarstofninn, en Frakkar og Hollendingar einnig í yngri fisk, en þær veiðar hafa heldur ekki skipt neinum sköpum.

Annálarnir greina skilmerkilega frá hafísárum við landið og sambengi er á milli fjölda hafísmánaða og lofthita á landinu. Eins og nú, bærust þorskegg og seiði með straumum á uppeldissvæðin við Vestur-, Norður-

¹ du Rin, Henri 1936.

² Dubois, Jaques 1981: 206.

og Austurlandi en á þessu svæði eru allar hitabreytingar mjög afdrifaríkar fyrir lífríkið í hafinu. Nýlegt dæmi eru harðindin á Norður- og Austurlandi á ofanverðum sjöunda áratug, þegar Austur-Íslandsstraumur kólnaði mjög og flutti með sér mikinn hafís á þetta svæði. Þólsjór var þá við allt Norðurland og suður á miðja Austfirði. Framleiðsla plöntusvifs var einungis fjórðungur af meðallagi, dýrasvif hrundi og ískaldur veggur þólsjárvarins hindraði göngur norsku síldarinnar upp að landinu.¹

Árlegar sveiflur í aflahlut eru væntanlega af völdum veðurs; skammærar sveiflur geta stafað af missterkum árgöngum, eins og vitað er nú, og í heimildum frá ofanverðri 18. öld er getið um mismikið af millifiski í afla.² Loks er um að ræða langæar 50–60 ára sveiflur þegar mikil kólnun sjávar á aðaluppeldissvæði þorsksins norðanlands gæti hafa dregið úr nýliðun og vexti.

Hafís við Suður- og Suðvesturland er vísbending um mikla kólnun sjávar út af Norður- og Austurlandi. Ísinn hafði þó einungis staðbundin áhrif á afla á vetrarvertíð og þegar hann hvarf fékkst oft góður fiskur.

Þegar hlýna tók eftir löng harðindi geta annálar oft um mikinn smáfisk inni á fjórðum norðanlands. Nokkrum árum síðar er svo sagt frá góðum vertíðarafla sunnanlands.

Heimildir

- Alþingisbækur Íslands*. Sögufélag gaf út I–XV. Rv. 1912–1982.
- Annálar 1400–1800*. Gefnir út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. I og áfram. Rvk 1922–1961.
- Annáll 19. aldar*, eftir Pétur Guðmundsson. Ak. 1954.
- Árbækur Reykjavíkur 1786–1936*, eftir Jón Helgason. Rv. 1941.
- Árni Gíslason 1944. *Gullkistan*. Ísaf.
- Benham, Hervey 1979. *The Codbangers*. Colchester.
- Biskupasögur*, gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. I–II. Kbh. 1858–1878.
- Bjarni Sæmundsson 1896. Fiskveiðar útlendinga hér við land á síðustu árum. *Andvari* 21: 122–147.
- 1905–1907. Aflabragðaannálar. *Ægir* 1: 76, 90, 107, 128; 2: 11.
- 1930. *Die Isländische Seefischerei*. Í: Handbuch der Seefischerei Nordeuropas Band VII, 4. hefti. Stuttgart.
- Björn Þorsteinsson 1950. Íslandsverslun Englendinga á fyrri hluta 16. aldar. *Skírnir* 124: 83–112.
- 1964. Þættir úr verslunarsögu. *Saga* 4: 3–52. Rv.
- 1966. *Ný Íslandssaga, Þjóðveldisöld*. Rv.
- 1970. *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Rv.
- 1976. *Tíu þorskastríð 1415–1976*. Rv.
- 1978. *Íslensk miðaldasaga*. Rv.
- 1990. Englendingar við Ísland. *Saga Íslands* V. Rv.
- Buch, Erik, Svend-Aage Horsted og Holger Hovgård 1993. Fluctuations in the occurrence of cod at Greenland and their possible causes. ICES 1993 *Cod and Climate Changes Symposium*. No. 9.
- Burwash, Dorothy 1947. *English Merchant Shipping 1460–1540*. Toronto
- Cushing, David 1986. The Northwest Atlantic Cod Fishery. *Int. Symp. Long Term Changes Mar. Fish Pop.*: 83–94. Vigo.
- Dansgaard, W. o.fl. 1975. Climatic changes, Norsemen and modern man. *Nature*. Vol. 255, 1: 24–28.
- Diplomatarium Islandicum (DI) – Íslenskt fornbréfasafn* Rv. 1857–1972.
- Dubois, Jaques 1981. *Yves frændi. Íslandssjómaður (Jón Óskar Þýddi)*. Rv.
- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* I–II. Steindór Steindórsson Þýddi. Rv.
- Elfn Pálmadóttir 1989. *Fransi biskof. Frönsku Íslandssjómennirnir*. Rv.
- Gils Guðmundsson 1977. *Skútuöldin* 1–5 (2. útg.) Rv.
- Giödesen, P. F. 1874. Om Islands Fiskeri- og Handelsforhold m.m. *Tidskrift for Søvæsen* 9. bindi. Kbh.
- Gísli Gunnarsson 1979. Fishery records in Iceland and the Temperatures in Icelandic Waters during the Little Ice Age (handrit).

¹ Unnsteinn Stefánsson og Jakob Jakobsson 1989: 428–455.

² Skúli Magnússon 1944 a: 51–53.

- Gísli Gunnarsson 1985. Ættir úr verslunarsögu Íslands og Norður-Noregs fyrir 1800. *Saga* 23: 208–224.
- 1987. *Upp er boðið Ísaland*. Rv.
- Hannes Finnsson 1970. *Mannfækkun af hallærum*. Rv.
- Haukur Sigurðsson 1990. Upphaf íshúsa á Íslandi. *Saga* 28: 87–130.
- Hederström, Hans 1759. Rön om fiskars ålder. *K. Svenska Vet. Akad. Handlinger*.
- Horrebow, Niels 1966. *Frásagnir um Ísland*. Rv.
- Jón J. Aðils 1971 (1919). *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602–1787*. Rv.
- Jón Jóhannesson 1956–1958. *Íslendingasaga* (2 b.). Rv.
- Jón Jónsson 1988. *Hafrannsóknir við Ísland I. Frá öndverðu til 1937*. Rv.
- 1990. *Hafrannsóknir við Ísland II. Eftir 1937*. Rv.
- 1990. The Development of Marine Knowledge and Oceanographic Research in Icelandic Waters before 1900. Í: Proceedings of the 4th International Congress on the History of Oceanography. *Deutsche Hydrographische Zeitschrift Ergänzungsheft. Reihe B, Nr. 22*: 161–165.
- Jón Ólafsson 1737. *Ichthyographica Islandica* (handrit). Kbh.
- Jón Sigurðsson 1859. *Lítill fiskibók með uppráttum og útskýringum handa fiskimönnum á Íslandi*. . . . Kbh.
- Jón P. Þór 1981. Hákarlaveiðar Eyfirðinga á síðari hluta 19. aldar. *Ægir* 74: 418–431, 490–499 og 536–542.
- Kristján Friðriksson 1978. *Hagkeðjan í hnotskurn*. Rv.
- Lamb, Hubert, H. 1979. Climatic variation and Changes in the Wind and Ocean Circulation: The Little Ice Age in the Northeast Atlantic. Í: *Quaternary Research* 11: 1–20.
- Landhagskýrslur 1896–1912. *Stjórnartíðindi fyrir Ísland*. Rv. 1896–1913.
- Lovsamling for Island*. Samlet og udgivet av Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson I–XX 1096–1847. Kbh. 1853–1869.
- Lúðvík Kristjánsson 1971 a. Úr heimildahandraða seytjándu og átjándu aldar. Þá eru komnir þrír í hlut. *Saga* 9: 123–139.
- 1971 b. Sjóslýsaárin miklu. *Saga* 9: 159–170.
- 1980–1986. *Íslenskir sjávarhættir I–V*. Rv.
- Lýður Björnsson 1993. *Aldan 100 ára*. Rv.
- Manley, G. 1974. Central England temperatures: monthly means 1659 to 1973. Í: *Quarterly Journal Royal Meteorological Society* 100: 389–405.
- March, Edgar J. 1970. *Sailing Trawlers*. Newton Abbott.
- Mitchell, A. R. 1977. The European Fisheries in Early Modern History. Í: *The Cambridge Economic History of Europe*. Vol. V. *The Economic Organization of Early Modern Europe*: 133–165. Ritstjóri E. E. Rich og C. H. Wilson. Cambridge.
- Mohr, Nicolaj 1786. *Forsög til en Islandsk Naturhistorie med adskillige oekonomiske samt andre anmerkninger*. Kbh.
- Oddur V. Gíslason 1887. *Fiskveiðamál I. Hafsildin, beita og fæða*. Rv.
- Ogilvie, Astrid, E. J. 1992. Documentary evidence for changes in the climate of Iceland, A.D. 1500 to 1800. Í: *Climate since A.D. 1500*: 92–117. Ritstj. R. S. Bradley og P. D. Jones. London.
- Ólafur Davíðsson 1886. Þilskipaveiðar við Ísland. *Andvari* 12: 1–48. Rv.
- Ólafur Olavius 1964/1965. *Ferðabók I–II*. Rv.

- Ólafur Stefánsson 1787. Um Sjáfar-Abla og fleiri Vatn-Veiðar á Íslandi. *Rit Lærdómslistafélagsins* 7: 1–64.
- Páll Bergþórsson 1969. Hafis og hitastig á liðnum öldum. Í: *Hafisinn*: 333–344. Ritstj. Markús Á. Einarsson. Rv.
- Pálmi Pálsson 1883. Um merki Íslands. *Andvari* 9: 136–147. Kbh.
- Pfister, Christian 1992. Monthly temperature and precipitation in central Europe 1526–1799: quantifying documentary evidence on weather and its effects. Í: *Climate since A.D. 1500*: (118–142). Ritstjóri R. S. Bradley og P. D. Jones. London.
- Pontoppidan, Carl 1787. *Samlinger til Handels Magasin for Island 1ste Del*. Kbh.
- du Rin, Henri, 1936. *Histoire de la Pêche Dunkerquoise à la Morue, Sur les Côtes d'Islande, sur les Grande Bancs de Terre Neuve et dans les Mers du Nord*. Dunkerque.
- Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi I–IV. Kbh. og Rv. 1856–1939.
- Sigfús Haukur Andrésson 1988. *Verslunarsaga Íslands 1774–1807. Upphaf frihöndlunar og almenna bænaskráin I–II*. Rv.
- Sigfús M. Johnsen 1989. *Saga Vestmannaeyja I–II*. 2. útg. Rv.
- Sigfús Jónsson 1984. *Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld*. Hið íslenska bókmenntafélag. Rv.
- Sigurður Skúlason 1933. *Saga Hafnarfjarðar*. Rv.
- Skúli Magnússon 1944 a. Beskrivelse af Gullbringu- og Kjósasýslur. *Bibliotheca Arnarnagæana*, IV. Kbh.
- 1944 b. Forsög til en kort Beskrivelse af Island. *Bibliotheca Arnarnagæana*, V. Kbh.
- Skýrslur um landshagi á Íslandi I–V*. Hið íslenska bókmenntafélag. Rv. 1858–1875.
- Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1874–*
- Sveinn Pálsson. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir*. Rv. 1983.
- Sögulegar haftölur*. Hagstofa Íslands (óbirt).
- Thomas, Marie Simon 1935. *Onze Ijslandsvaarders in de 17de en 18de Eeuw*. Amsterdam.
- Unnsteinn Stefánsson og Jakob Jakobsson 1989. Oceanographic variations in the Iceland Sea and their impact on biological conditions. A brief review. Í: *Proceedings of the sixth conference of the Comité Artique International 13–15 May 1985*: 427–455. Ritstj. Louis Rey og Vera Alexander. New York.
- Vilhjálmur P. Gíslason 1945. *Sjómannasaga*. Rv.
- Williamson, James A. 1962. *The Cabot Voyages and Bristol Discovery under Henry VII*. Cambridge University Press for the Haklyut Society, second series no. CXX.
- Wood, Henry 1956. Fisheries of the United Kingdom. Í: *Sea Fisheries and their Investigation in the United Kingdom*: 10–79. Ritstj. Michael Graham. London.
- Porkell Bjarnason 1883. Um fiskveiðar Íslendinga og útlendinga við Ísland að fornu og nýju. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 4: 166–242.
- Porkell Jóhannesson 1933. *Die Stellung der freien Arbeiter in Island bis zur Mitte des 16. Jahrhunderts*. Rv. og Kbh.
- 1942. Tímabilið 1701–1770. Síðari hluti 1751–1770. *Saga Íslendinga* 6: 389–411. Rv.
- 1950. Tímabilið 1770–1830. Upplýsingaröld. *Saga Íslendinga* 7: 262–276. Rv.
- 1965. Atvinnuhagir á Íslandi fram undir síðaskipti. *Lýðir og landshagir I*. Rv.

- Þorsteinn Jónsson 1958. *Aldarvörð í Eyjum. Ágrip af útgerðarsögu Vestmannaeyja 1890–1930*. Rv.
- Þorvaldur Thoroddsen 1916–1917. *Árferði á Íslandi í þúsund ár*. Kbh.
- 1922. *Lýsing Íslands*. IV. Hið íslenska bókmenntafélag. Kbh.
- 1924. Fjórar ritgjörðir. *Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga* III: 43–89. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn. Kbh.
- Þórður Þorbjarnarson 1967. Þorskalýsi og þorsklifrabræðsla. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 52: 209–222. Rv.
- Þórhallur Vilmondarson 1969. Heimildir um hafís á síðari öldum. Í: *Hafísinn*: 313–332. Ritstj. Markús Á. Einarsson. Rv.

- aðgerð 23
- aflahlutir 62, 64, 66
- aflaleysi 39, 62, 64
- aflaskipti 23
- aflasveiflur 8, 9, 10, 57, 69, 77
- aflí á sóknareiningu 7, 77, 86, 92, 94
- aldur fiska 68
- Almenna verslunarfélagið 70
- Alþingi 12, 33, 34, 41, 60
- Alþjóðahafrannsóknaráðið 7
- Annálar bókmenntafélagsins 1400–1800 7
- árgangar, misstórir 94
- árslaun hjúa 17
- ásmundarjárn 53
- áttavitar 22
- Auðunarmáldagi 38
- aukalóðarstúfar 33
- austanganga 67
- Austur-Íslandsstraumur 94
- bandaríska frelsisstríðið 56
- bann við ýsulóðum 34
- Bauluhaust 63
- báلكur á hákarlavað 28
- bátshlutur 58
- bátskuml 13
- bátsspil 23
- beinmegringur 64
- beita 76
- beitiás 76
- beituhlutur 58
- beitukóngur 81
- bjargarleysi 66
- bjáلكvarpa 80
- bjóð 81
- Björgvinjarvald 40
- blautfiskur 47, 55, 91
- blóðgun fisks 25
- blóðsjór 65
- blöndukútur 16
- brandauki 21
- brennisteinn 11
- bugspjót 21, 76, 83, 89
- Búalög 28
- búðseta 17
- búðsetumenn 17
- búلكafiskur 47
- bændaúngerð Norðlendinga 32, 73
- Coot (gufutogari) 77
- djúpsigafiskur 67
- dufl 26
- duggaradómur 41
- duggur 65, 78, 83, 88
- dýrasvíf 94
- dönsk verkun 47
- einokun 9, 37, 45, 53
- einokunartaxtar 55
- engli 23
- einsýnn fiskur 62
- Eymdar-ár 63
- fálkar 11
- fiskaþula Snorra Eddu 27
- fiskhafnir 54
- fiskimið 14
- fiskleysi 65, 69
- fisklýsi 32
- fiskreikningur 53, 54, 55
- fisktollar 38
- fiskverð 52
- fjöldi sjómanna 18, 20
- fjöldi fiskskipa 73, 74
- fjöruburður 23
- fláarteinn 27
- flotholt 27
- flotlína 90
- fokka 21, 22, 76

La Folle (herskip) 89
 forrönd 23
 framsegl 76
 franska stjórnarbyltingin 88
 Friðriksgjöf (pilskip) 69, 70
 Friðriksósk (pilskip) 69, 70
 Frosta-harðindisvetur 63
 Frostaveturinn mikli 1881 67, 92
 frosthörkur 63, 65

gaffalsegl 21, 22, 71, 76, 89
 gaffal-stórsegl 89
 gafi 76
 galjótur 82
 Gamli sáttmáli 78
 Geirþrúðar-bylur 63
 gilding 12, 55
 gildingsfiskur 12
 Glerungs-vefur 63
 La Glycine (góletta) 95
 gólettur 89, 90
 grantonvarpa 80
 Grágás 27
 grásalt 53, 54
 Grænlandsþorskur 61
 gufubræðsla 33
 gufutogarar 74, 77, 80
 gætur 11

Hafmeyjan íslenska (pilskip) 69, 70
 Havnefjords Prøven (pilskip) 73
 Hafrannsóknastofnun 8
 Hagstofa Íslands 7, 18, 50
 hallæri 65
 handfæri 23, 24, 28, 72, 76, 81, 86, 91
 handvaður 28
 harðfiskur 38
 harðindi 64
 hálfdráttur 76
 hákarl (lyktæmi) 28
 hákarl (sá grái) 27, 28, 29, 32
 hákarlabeita 29, 31
 hákarlalína 28, 31
 hákarlamenn (kaup) 33
 hákarlastrengir 28
 hákarlavaðir 28

hákarlslýsi 27, 32, 56
 hákarlsreki 27
 hákarlsveiði 10, 28, 73
 hálfbóma 22
 háskerðingur 27
 heimver 14
 hengifiskur (danska) 45
 hitasveiflur 8, 10, 60
 hleravarpa 80
 hnakkaflettur fiskur 46
 hnakkakúla 49
 hlutaveturinn mikli 60, 61
 hlutaskipti 28
 hrygningarfiskur 67, 69, 92, 93
 húkkortur 69, 70, 71, 72, 83
 húnbora 20
 hvalagöngur 68, 88
 Hvíti-vefur 63
 hömlur á línuveiðar 34
 Innréttingar 10, 69
 Ísafold 34
 ískjarnar úr Grænlandsjökli 61, 63
 Íslendingasögur 20
 Íslenskt fornbréfasafn 20

jagarar (skip til fiskflutninga) 85
 jagari (segl) 89
 jaktir 71, 72, 75, 76
 Jarðabókin 1703 37
 Jarðabókin 1801–1805 116
 Jónsbók 11, 13, 23, 27
 Jökul-vefur 63

karbítljós 76
 kauphafnir 50, 51, 52
 kaupsetning 12, 52, 53, 55, 56
 keflavaður 31
 kirkjuútgerð 38
 Klausturpósturinn 66
 klófalur 21
 klýfir 21, 22, 76, 89
 klær (á hákarlavað) 30
 konungsbátar 37
 konungsskip 37, 72
 konungstúgerð 9, 23, 37, 45, 50, 72

konungsverslun 9, 10, 23, 69, 70, 71, 72
 korkdufl 26
 kraka 30
 krækingsbeita 35
 kúffiskur 23
 kúgildi 11
 kúrantomt 54, 55
 kúttur 75, 76, 80
 kýldur fiskur 49

lagvaðsás 30
 lagvaður 30, 31
 Landshagsskýrslur 77
 Landsnefndin fyrri 35
 langa 79
 Langaréttarbót 40
 Langijökull 66
 langæar aflasveiflur 92, 94
 lausamenn 17
 lausamennska 17
 lestarhlutur 7, 58, 61, 64
 lífoddi 25
 lína 25, 26, 34, 35, 81
 línuhjól 26
 ljósabeita 76
 lofthiti 58, 61, 63, 64, 65, 66, 93
 loggortusegl 22
 Loiret (herskip) 82
 Lóðadómur 1581 34
 lóðarkraka 26
 lóðarsteinn 26
 lóðarstokkur 25
 lóðarstrengur 26
 lóðir 25
 Lurkur 60, 63
 lýsi 27, 52, 54, 64
 lýsisútflutningur (hákarls) 32
 lögaurakerfi 11
 lögeyrir 11, 12
 lögn 81

malflattur fiskur 45
 maltur fiskur 46
 mannlán konungs 38
 manntalsfiskur 39
 markaðsverð 56

Marköngladómur 33
 markönglar 33
 Mary Walsingham (fiskiskip) 79
 mastursauga 20
 máldagi Selárkirkju 1354 58
 millifiskur 68, 94
 mjölverð 53, 54
 Mönstad-önglar 23

Napóleonsstyrjaldir 79, 88, 89, 93
 netafiskur 27
 netaflár 27
 netaslanga 27
 netaveiði 35, 36, 68
 niðurburður 29
 niðurstaða 26
 norðangangur 67
 norska síldin 94

ólarfæri 25

Parliament 39
 Píningsdómur 17, 37, 41, 43
 Píningsvetur 63
 plattfiskur 45, 46
 plöntusvíf 94
 pokaháfur 29
 pólsjór 63, 94
 prjónles – sauðareikningur 53, 54
 pundari 12

Rafnsdúkur 20
 ráfiskur 46
 ráhertur fiskur 45
 ráskerðingur 46, 47
 reglugerð um þorskveiðar 34, 35
 reithertur fiskur 45
 róðrarkvaðir 38
 rúllusegl 89

saltfiskur 47, 49, 50, 51, 52, 55, 56, 82
 segl 20
 seglbúnaður 20
 seglfiskur 20
 segltogarar 76, 80
 sekkjagjald 40

sellýsi 32
 síldarbeita 34, 35
 sjóbúðir 15
 sjóarbændur 14
 sjómælingar 89
 sjótunnur 64
 sjóþró 80, 82
 Skaftáreldar 68
 skammæar aflasveiflur 94
 skelfiskbeita 35
 skinnfæri 28
 Skipadómur Otta Stígssonar 1545 12
 Skipadómur Páls Stígssonar 1564 28
 skipaskrár 18
 skipsrúmafjöldi 93
 skiptivöllur 23
 skonnorta 76
 skonnortusegl 76
 skreið 11, 12, 13, 32, 38, 40, 47, 50, 51,
 52, 55, 56
 skreiðarlestir 15
 skreiðarútflytningur 14
 skreiðarverð 55, 56
 skreiðarverslun 13, 41
 sláturhafnir 54
 skurðarróður 30
 skuti 76
 Skýrslur um landshagi 73
 smáfiskafli 65, 66
 smáfiskur 61, 65, 69, 94
 Snorra Edda 14
 sókn 28, 31, 32
 sóknargeta 89, 93
 sóknir 28
 spruð 21
 sprytsegl 21, 22
 stagfokka 76, 89
 stagsegl 76
 Stanley (mótorbátur) 77
 steinateinn 27
 stjórafæri 30, 31
 stjórastrængur 28
 stjóri 32
 Stofnun Árna Magnússonar 8
 stólskip 37
 stórsegl 22, 76

strigabelgir 26
 sunnanganga 67
 Svella-vetur 63

 taglhár 24
 takmörkun netaveiða 34, 35
 taxtaverð 56
 Terreneuve – Nýfundnalandsverkun 47
 Thor (rannsóknaskip) 90
 tinfiskur 82
 tinsíld 23
 togaraútgerð 75, 93
 toppsegl 76, 89
 tófuskinn 11
 tólgarkerti (beita) 82
 trosfiskur 76
 tunnusaltaður fiskur 47, 50, 52

 uppihöld 31
 uppsátursgjöld 16
 uppyfirlega 26
 útleggjari 21
 útróðrarmenn 14, 16, 57
 útvegsbændur 14
 útvegsjarðir 14, 38
 útver 14, 15, 16

 vaðbeyja 76
 vaðhorn 76
 vaðmál 11
 vaðsteinar 23, 28
 vararfeldir 11
 verbúðartollur 16
 verbúðir 14, 15, 16
 verð á veiðarfærum 53, 54, 55
 verðreikningar 11
 verkun saltfisks 47
 verleiðir 17
 vermenn 15, 16,
 verstöðvar 14, 15
 vestanganga 67
 Vestmannaeyjaskip 20, 22
 vélbátar 75, 93
 viðleguver 14
 vistarband 17

yfirskipsmenn 25
 yfirvarp 31
 ýsugengd 65

þilskip 28, 70, 72, 73, 74, 75, 76
 þilskipaútgerð 9, 10, 32, 72, 93
 þorskalýsi 12, 55, 56
 þorskanet 26, 27, 35, 70

þorskgöngur 36, 67, 69
 þurrabúðir 15
 þversegl 20, 21, 71, 83

önglar 23, 24, 27, 28
 öngultaumar 23, 25, 28
 Örninn íslenski (þilskip) 73

Nafnaskrá

- Aðalvík 20
 Akranes 37, 66
 Akurey 66
 Akureyri 52
 Albers, Jelle 82
 Álftanes 15
 Álftnesingar 36
 Ari Magnússon í Ögri 53
 Austfirðingar 25, 34, 76
 Austfirðir 20, 25, 31, 63
 Árni Thorlacius 58
- Básar 38
 Básendar (Stafnesi) 15
 Benham, Hervey 10
 Berufjarðarkirkja 25
 Billingsgate 80, 82
 Bíldudalur 72
 Bjarnareyjar 16
 Bjarni Pálsson 9
 Bjarni Sívertsen 72
 Bjarni Sæmundsson 9, 10, 90
 Björgvin 13, 14, 40, 70
 Björgvinjarkaupmenn 39, 40
 Björn Jónsson á Skarðsá 68
 Björn Þorleifsson 41
 Björn Þorsteinsson 10, 40, 78
 Bolungarvík 36
 Breiðifjörður 15, 20, 21, 61, 67
 Bretar 76, 78, 80
 Bretónar 91
 Brynjólfur Sveinsson 37
 Bristol 78, 79
 Burwash, Dorothy 78
 Búðir 15
- Cabot, John 79
 de Clerc, Jean 88
 de la Crenne, Verdun 89
- Dalvík 13
 Danir 13, 41, 43, 45, 78, 79
 Danmörk 43
 Drangey 65
 Dritvík 15
 Dvergasteinn 34
 Dunkerque 88, 89
 Dunwick 79
 Dyrhólaey 78
- Eggert Ólafsson 9, 15
 Eiríkur Magnússon 12
 Eiríkur af Pommern 39, 40, 78
 Elín Pálmadóttir 7, 10, 86
 Engey 66
 England 39, 80
 Englendingar 10, 14, 15, 25, 37, 39, 41, 43,
 45, 47, 53, 74, 78, 80, 81, 82, 88, 91, 93
 Eyfirðingar 35
 Eyjafjörður 22, 65, 74
 Eyjólfur Jónsson á Völlum 62
 Eyrarbakki 51, 52
 Eyrarsund 40, 41
 Eystrasalt 14
- Faxaflói 25, 27, 34, 36, 62, 63, 67, 74, 76, 77
 Fáskrúðsfjörður 34
 Finnsmörk 41, 70
 Finnur Jónsson 35
 Flandrarar 91
 Flatey á Breiðafirði 72
 Fljót 38
 Fljótsdalur 17
 Frakkar 10, 52, 69, 76, 77, 79, 85, 86, 89,
 91, 92, 93
 Frakkland 82, 89
 Friðrik V 69
 Færeyjar 13, 63, 70, 82
- Garðskagi 34
- Garður 16, 36
 Gils Guðmundsson 10, 72
 Gissur Einarsson 28, 38
 Gísli Bjarnason 61
 Gísli Gunnarsson 10
 Guðmundur góði 23
 Guðmundur Jónsson 7
 Gunnar Stefánsson 8
 Granton 80
 Grenivík 38, 65
 Grimsby 79, 80
 Grindavík 15, 16, 36, 37, 38, 43
 Grímsey 20, 36, 38
 Grund í Eyjafirði 29
 Grundarfjörður 70
 Grænland 82, 88
 Grænlandsjökull 63
 Gufuskálar 15
 Gullbringu- og Kjósarsýsla 9, 38, 39
- Hafnarfjörður 9, 15, 27, 35, 43, 51, 72
 Haganes 38
 Hamborgarar 41, 43, 45
 Hannes Finnsson 65
 Hans I 41
 Hansakaupmenn 13, 14, 37, 41
 Harwich 79
 Hálogaland 41
 Hálsahöfn 17
 Hederström, Hans 68
 Hinrik V 39, 78, 79
 Hinrik VII 79
 Hinrik VIII 43
 Hítarárósar 62
 Hjallasandur 15
 Hjaltland 63, 79, 82
 Hofsós 26, 52
 Hollendingar 10, 69, 82, 85, 86, 88, 91, 93
 Holtsetaland 71
 Horrebøw, Niels 9, 23, 67
 Hólar í Hjaltadal 27
 Hólastóll 38, 64
 Hóll í Bolungavík 53
 Hólmurinn (Reykjavík) 51, 70
 Hrísey 38
 Hull 78, 79, 80
- Humberfljót 80
 Húnaafjörður 65
 Húnaflói 77
 Húsavík 52
 Höfn í Hornafirði 28
 Höskuldsey 15
 Höskuldur Björnsson 8
- Ingvar Hallgrímsson 7
 Innes 15, 16
 Ipswich 79
 Ísafjarðardjúp 23, 25, 33
 Ísafjörður 52, 70, 73
 Ísfirðingar 34
- Játvarður IV 41
 Jón J. Aðils 9
 Jón Eiríksson 9, 55
 Jón Grunnvíkingur 67
 Jón Halldórsson 68
 Jón Ólafsson 68
 Jón rauði 27
 Jón P. Þór 7, 10, 28, 37
 Jónas Kristjánsson 8
 Jón Sigurðsson 32
 Jón Vídalín 37
 Jökull (undir Jökli) 16, 61, 64, 67, 68, 69
- Karl Gunnarsson 7
 Katla 65
 Kaupmannahöfn 18, 47, 69, 70, 71
 Keflavík 51, 52, 66
 Kings Lynn 78, 79
 Kjalarnes 66
 Kolluáll 67
 Kópavík 38
 Kristín Jóhannsdóttir 8
 Kristófer af Bayern 40
 Kristján I 41
 Kristján II 43
 Kristján III 45
 Kristján IV 45
 Kristján Friðriksson 10
- Lamb, Hubert H. 63
 Langanes 82

Látrabjarg 62, 67
 Látur í Breiðuvík 15
 Leira 36
 Leirusjór 36
 Loðmundarfjörður 34
 Lúðvík XIV 88
 Lúðvík Kristjánsson 7, 10, 14, 15, 16,
 20, 34, 35, 38, 64
 Lýbika 14
 Lýbikumenn 40, 43

Maasluis 85
 Magnús Einarsson 36
 Magnús Eiríksson 11
 Magnús Gíslason 22
 Magnús lagabætur 27
 Magnús Ólafsson 68
 Magnús prúði 53
 March, Edgar J. 10
 Margrét I 39
 Mið-England 63
 Mið-Evrópa 63
 Miðjarðarhafslönd 56
 Mitchell, A. R. 10, 78
 Mohr, Nicolaj 9, 22, 69
 Molde 70
 Mýrdalur 62
 Munkaþverá 38
 Möðrudalur 17
 Möðruvellir 38

Newcastle 79
 Norby, Sören 43
 Norðfjörður 34
 Norðlendingar 25, 74, 76
 Norðmenn 13, 24, 69, 70, 78
 Norðursjór 41, 78, 79, 80, 91
 Noregshaf 63
 Noregur 12, 18, 26, 63
 Norfolk 43
 Nýfundnaland 45, 47, 53, 78, 79, 91
 Nýfundnalandsmið 56, 79
 Nýja England 53

Oddbjarnarsker 15
 Oddur V. Gíslason 34

Ogilvie, Astrid E. J. 64
 Otti Stígsson 45
 Ólafur Davíðsson 9
 Ólafur Olavíus 9, 18, 20, 22, 25, 32, 67
 Ólafur Stefánsson 9, 36, 47, 68
 Orkneyjar 82

Papey 22
 Patreksfjörður 70
 Páll Bergþórsson 8, 10, 58, 60
 Páll Björnsson 73
 Páll Stígsson 28
 Pfister, Christian 63
 Þíning, Diðrik 41
 Pompól 92
 Pontoppidan, Carl 9, 35

Reyðarfjörður 31, 34
 Reykjanes 62, 67
 Reykjavík 34, 52, 73
 Rif 15
 du Rin, Henri 91
 Ríkharður III 41
 Rotterdam 82
 Ryberg, Niels 23

Sandvík 38
 Schiedam 85
 Selvogsgrunn 77
 Seyðisfjörður 34, 74
 Sigfús Haukur Andrésón 7, 10, 54
 Sigfús M. Johnsen 10
 Sigfús Jónsson 75
 Sigfús A. Schopka 7
 Sigurður Skúlason 35
 Skaftafell 17
 Skaftafellsýslur 20
 Skagafjörður 26, 65
 Skagaströnd 69
 Skagfirðingar 35
 Skagi 20, 65, 86
 Skálholtsstóll 16, 28, 37, 38
 Skjálfandi 22
 Skotland 70, 82
 Skúli Magnússon 9, 24, 25, 26, 27, 28, 35,
 46, 50, 56, 67, 68, 69, 70, 71

Slésvík 71
 Snæfell 17
 Snæfellingar 34, 46
 Snæfellsnes 14, 15, 20, 25, 31, 32, 34, 38,
 39, 52 63
 Stavanger 63
 Stokkseyri 27
 Stóribanki 45
 Strandamenn 28, 35
 Strandasýsla 20
 Stykkishólmur 58, 60
 Suðurnes 15, 45, 51, 61, 64, 69
 Suðurnesjamenn 34
 Suffolk 43
 Sunnlendingar 74, 77
 Sunnmæri 69, 70
 Sunnmæringar 70
 Sveinn Pálsson 9, 28, 36, 68

Teigarhorn 58
 Thomas, Marie Simon 10, 82, 85
 Tooley, Henry 79
 Torfi Arason 37
 de Tremereque, Yves Joseph Kerguelen
 89
 Túnsberg 27

Útnesjamenn 36

Vatnajökull 17

Vatnsdalur við Patreksfjörð 13
 Vestfirðingar 26, 74, 76
 Vestfirðir 31, 32, 52, 61, 63, 67, 74
 Vestfjarðamið 77
 Vestmannaeyjar 14, 22, 23, 25, 26, 27, 36,
 37, 38, 43, 45, 52, 62, 69
 Viðey 66
 Vilhjálmur P. Gíslason 10
 Vlardingen 85
 Vlieland 82

Yarmouth 79, 80
 Yves frændi 92

Þingeyingar 16
 Þingeyjarsýsla 20, 31
 Þistilfjörður 69
 Þjóðverjar 14, 41, 43, 45, 47, 79
 Þorkell Bjarnason 9
 Þorkell Jóhannesson 10, 11
 Þorkell Jónsson 64
 Þorsteinn Jónsson í Laufási 26, 27
 Þorvaldur Thoroddsen 10, 58
 Þórður Þorláksson 37
 Þórhallur Vilmundarson 63
 Þorlákshöfn 27
 Þykkvibær 62

Ögmundur Pálsson 38
 Örfirisey 69